

# TALIS 2018 - LEIKSKÓLASTIG

STARFSHÆTTIR OG VIÐHORF  
STARFSFÓLKIS LEIKSKÓLA

**TALIS 2018 - Leikskólastig: Starfshættir og viðhorf starfsfólks leikskóla**  
ISBN 978-9979-0-2427-9

© 2019 Höfundur: Ragnar F. Ólafsson

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin  
1. útgáfa 2019  
Menntamálastofnun  
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun/ Litróf ehf.  
Prentvinnsla: Litróf ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

## EFNISYFIRLIT:

<b>I. INNGANGUR</b> .....	<b>9</b>
Helstu viðfangsefni TALIS á leikskólastigi .....	9
Helstu viðfangsefni spurningalistans .....	9
TALIS 2008, 2013 og 2018. ....	9
Aðgát við túlkun .....	9
Aðferð rannsóknarinnar.....	10
Fyrirlögn .....	10
Pátttökulönd .....	10
Þakkir .....	10
<b>II. STARFSFÓLK LEIKSKÓLA</b> .....	<b>11</b>
<b>Kafli 1:</b> Almennar upplýsingar, aldur, kyn, ráðningarfyrricomulag, starfshlutfall, starfsreynsla, menntun .....	11
<b>Kafli 2:</b> Starfsþróun, innihald, þörf og hindranir.....	17
<b>Kafli 3:</b> Vinnuvika starfsmanns, lengd vinnuviku, helstu verkefni.....	24
<b>Kafli 4:</b> Starfshættir og hugmyndir um starfið, áherslur, forgangsverkefni, samskipti við börnin og vinnufélagana.....	26
<b>Kafli 5:</b> Starfshættir í þessum leikskóla, samskipti við börnin, málörvun og talnaleikir, fjölmennning og kynferði.....	33
<b>Kafli 6:</b> Lýsing á vinnu starfsmanns með tilteknum barnahópi, samsetning hópsins, aldur og þarfir.....	37
<b>Kafli 7:</b> Vinnuandi og starfsánægja .....	42
<b>III. LEIKSKÓLASTJÓRAR</b> .....	<b>47</b>
<b>Kafli 8:</b> Almennar upplýsingar .....	47
<b>Kafli 9:</b> Starfsþróun.....	50
<b>Kafli 10:</b> Almennar upplýsingar um leikskólann.....	53
<b>Kafli 11:</b> Forysta leikskólastjórans á sviði stjórnsýslu og uppeldismála.....	59
<b>Kafli 12:</b> Starfsþróun starfsmanna leikskólans að mati leikskólastjóra .....	71
<b>Kafli 13:</b> Vinnuandi og starfsánægja .....	72
<b>IV. SAMANTEKT: NOKKRAR NIÐURSTÖÐUR TALIS 2018 Á LEIKSKÓLASTIGI</b> .....	<b>77</b>
Starfsfólk á leikskólastigi.....	77
<b>Kafli 1:</b> Almennar upplýsingar, aldur, kyn, ráðningarfyrricomulag, starfshlutfall, starfsreynsla, menntun .....	77
<b>Kafli 2:</b> Starfsþróun, innihald, þörf og hindranir.....	77
<b>Kafli 3:</b> Vinnuvika starfsmanns, lengd vinnuviku, helstu verkefni.....	77
<b>Kafli 4:</b> Starfshættir og hugmyndir um starfið, áherslur, forgangsverkefni, samskipti við börnin og vinnufélagana.....	77
<b>Kafli 5:</b> Starfshættir í þessum leikskóla, samskipti við börnin, málörvun og talnaleikir, fjölmennning og kynferði.....	78
<b>Kafli 6:</b> Lýsing á vinnu starfsmanns með tilteknum barnahópi, samsetning hópsins, aldur og þarfir.....	78
<b>Kafli 7:</b> Vinnuandi og starfsánægja .....	78
Leikskólastjórar .....	78
<b>Kafli 8:</b> Almennar upplýsingar .....	78
<b>Kafli 9:</b> Starfsþróun.....	79
<b>Kafli 10:</b> Almennar upplýsingar um leikskólann .....	79
<b>Kafli 11:</b> Forysta leikskólastjórans á sviði stjórnsýslu og uppeldismála.....	79
<b>Kafli 12:</b> Starfsþróun starfsmanna leikskólans .....	80
<b>Kafli 13:</b> Vinnuandi og starfsánægja .....	80



## TÖFLUSKRÁ

<b>Tafla 1:</b> Aldur: Hlutfall (%) starfsmanna á þremur aldursbilum, meðalaldur og staðalfrávik. ....	11
<b>Tafla 2:</b> Kyn starfsmanna í þátttökulöndum. Hlutfall (%) kvenna og karla. ....	11
<b>Tafla 3:</b> Upprunaland: Hlutfall (%) starfsmanna sem fæddir eru á Íslandi og í öðru landi. ....	12
<b>Tafla 4:</b> Starfsferill starfsmanna: Árafjöldi við ýmis störf í leikskólum og víðar. ....	13
<b>Tafla 5:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem starfar í fleiri en einum leikskóla. ....	14
<b>Tafla 6:</b> Meðalfjöldi <b>annarra</b> leikskóla sem starfsmaður starfar við. ....	14
<b>Tafla 7:</b> Hlutfall (%) starfsmanna í þátttökulöndum sem lokið hefur tilteknu menntunarstigi. ....	14
<b>Tafla 8:</b> Hlutfall starfsmanna sem <b>ekki</b> hefur lokið menntun sem bjó það undir að vinna með börnum. ....	15
<b>Tafla 9:</b> Lýsing menntunar: Námsstig, lengd og fyrirkomulag náms (fjarnám/staðarnám). ....	15
<b>Tafla 10:</b> Hlutfall (%) starfsfólks sem tók þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	17
<b>Tafla 11A:</b> Efni og markmið starfsþróunar á síðastliðnum 12 mánuðum: Á hvaða sviðum var starfsþróunin? ....	18
<b>Tafla 11B:</b> Efni og markmið starfsþróunar á síðastliðnum 12 mánuðum: Á hvaða sviðum var starfsþróunin? ....	19
<b>Tafla 12:</b> Stuðningur við starfsþróun. Hlutfall (%) starfsmanna sem fékk stuðning af tilteknu tagi vegna starfsþróunar. ....	20
<b>Tafla 13A:</b> Þörf fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum. Hlutfall (%) sem telur sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á tilteknu sviði. ....	21
<b>Tafla 13B:</b> Þörf fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum. Hlutfall (%) sem telur sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á tilteknu sviði. ....	22
<b>Tafla 14:</b> Hindranir á vegi frekari starfsþróunar. Hlutfall (%) þátttakenda sem er mjög sammála því að tiltekin atriði geti hindrað starfsþróun. ....	23
<b>Tafla 15:</b> Fjöldi klukkustunda í síðustu viku sem starfsmaður varði í vinnutengd verkefni í þessum leikskóla. ....	24
<b>Tafla 16:</b> Fjöldi klukkustunda í síðustu viku sem starfsmaður varði með börnunum í þessum leikskóla. ....	24
<b>Tafla 17:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem segir að þeir verji 31% tímans eða meira í tiltekin verk í leikskólanum. ....	25
<b>Tafla 18:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem telur mjög mikilvægt að verja auknum fjárframlögum til tiltekinn forgangsverkefna. .	27
<b>Tafla 19:</b> Samskipti og umræður: Hversu oft tekur starfsmaðurinn þátt í samvinnuverkefnum af ýmsu tagi, að jafnaði, þ. á m. að veita endurgjöf, ræða ólíkar nálganir, meta framfarir með öðru starfsfólki. Hlutfall (%) sem segist gera þetta vikulega eða daglega. ....	28
<b>Tafla 20:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem telur sig hafa gott vald á tilteknum þáttum í starfinu. Tilgreind eru svör þeirra sem svöruðu „frekar mikið“ eða „að miklu leyti“. ....	29
<b>Tafla 21:</b> Mat starfsmanna á því hvernig þeir myndu bregðast við í tilteknum aðstæðum í leikskólanum, þar sem börn léku sér að kubbum. Starfsmenn taka afstöðu til þess hvort þeir myndu eða myndu ekki bregðast við á tiltekinn hátt. Sýnt er hlutfall (%) þeirra sem myndu „líklega“ eða „örugglega“ gera það sem lýst er. ....	30
<b>Tafla 22:</b> Hvað myndi starfsmaður gera ef fimm þriggja ára börn væru að leika sér með leikföng að eigin vali. Hlutfall (%) sem segist myndu líklega eða örugglega gera þetta. ....	31
<b>Tafla 23:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem vinnur með tvítyngdum börnum eða börnum sem hafa ekki íslensku sem móðurmál. ....	31
<b>Tafla 24:</b> Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við að miklu leyti um vinnu starfsfólks í leikskólanum með 3-5 ára börnum, einkum í tengslum við <b>leik</b> barnanna. ....	33
<b>Tafla 25:</b> Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við að miklu leyti um vinnu starfsfólks í leikskólanum með 3-5 ára börnum, einkum í tengslum við <b>tilfinningar</b> barnanna. ....	34
<b>Tafla 26:</b> Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við að miklu leyti um vinnu starfsfólks í leikskólanum með 3-5 ára börnum, einkum hvernig samskiptin við börnin fari fram. ....	34
<b>Tafla 27:</b> Vinna með málþærni/málþroska og læsi: Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við að miklu leyti um vinnu starfsfólks í leikskólanum með málþærni hjá 3-5 ára börnum. ....	35
<b>Tafla 28:</b> Hlutfall (%) þátttakenda sem segir að tiltekin atriði varðandi kennslu í fjölmenningu eigi við í leikskólanum að nokkru eða miklu leyti. ....	36
<b>Tafla 29:</b> Fjöldi starfsmanna af tilteknu tagi sem vinnur með tilteknum barnahópi, sem starfsmaður vann með á síðasta vinnudegi. Hér er flokkað eftir hlutverki starfsmannsins gagnvart barnahópnum, ekki menntun. ....	37
<b>Tafla 30:</b> Fjöldi barna í tilteknum barnahópi, þ.e. fyrsta 3-5 ára barnahópnum sem starfsmaður vann með í leikskólanum á síðasta vinnudegi frá þeim degi að telja sem spurningalistanum var svarað. ....	38
<b>Tafla 31:</b> Breytileiki í fjölda barna við 10., 50. og 90. hundraðsmark (e. percentile) í þeim tiltekna barnahópi sem starfsmenn önnuðust á tíma sem skilgreindur var í rannsókninni, þ.e. fyrsti barnahópurinn á síðasta vinnudegi frá fyrirlagnardegi könnunarinnar að telja. ....	38

<b>Tafla 32:</b> Fjöldi barna á hvern starfsmann í tilteknum barnahópi. ....	39
<b>Tafla 33:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem segir að tiltekið hlutfall barna sé í barnahópnum sem þeir annast (skv. lýsingu að ofan). Spurt er um fjölda barna með annað móðurmál, með sérþarfir, sem koma frá efnahags- eða félagslega bágstöddum heimilum og börn á flóttu. Sýnt er hversu hátt hlutfall segir að í hópnum sé „ekkert“ barn, „1-10% barna“ og „meira en 11% barna“ með þessi tilteknu einkenni. ....	39
<b>Tafla 34: A)</b> Aldur barnanna í tiltekna barnahópnum sem þátttakendur voru beðnir um að lýsa. Fjöldi barna á tilteknum aldri. <b>B)</b> Hversu dæmigerður var hópurinn miðað við þau börn sem þátttakandinn vinnur almennt með. ....	40
<b>Tafla 35:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem er sammála eða mjög sammála ýmsum fullyrðingum um leikskólastjórnann. ....	42
<b>Tafla 36:</b> Starfsánægja. Hlutfall (%) sem er sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum um starfið. ....	44
<b>Tafla 37:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem telur að tiltekin atriði valdi þeim streitu í starfinu frekar mikið eða að miklu leyti. ....	45
<b>Tafla 38:</b> Kyn leikskólastjóra í þáttökulöndum. Hlutfall (%) karla og kvenna. ....	47
<b>Tafla 39:</b> Aldur leikskólastjóra í þáttökulöndum. ....	47
<b>Tafla 40:</b> Menntunarstig: Hlutfall (%) leikskólastjóra í þáttökulöndum sem lokið hefur tilteknu menntunarstigi. ....	48
<b>Tafla 41:</b> Menntun í stjórnun og forystu: Hlutfall (%) leikskólastjóra í þáttökulöndum sem segir að vikið hafi verið að menntun/þjálfun eða námskeiðum með ung börn, stjórnun eða uppeldisfræðilegri forystu í menntun leikskólastjórnans. ....	48
<b>Tafla 42:</b> Árafjöldi leikskólastjórnans á vinnumarkaði við ýmis störf. ....	49
<b>Tafla 43:</b> Vinnutími: Fjöldi klukkustunda á viku sem leikskólastjóri vinnur venjulega í leikskólanum. ....	49
<b>Tafla 44:</b> Starfsþróun leikskólastjóra. Hlutfall leikskólastjóra (%) sem tekið hefur þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum. ....	50
<b>Tafla 45:</b> Þörf fyrir starfsþróun: Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur sig hafa nokkra eða mikla þörf fyrir starfsþróun núna á tilteknum sviðum. ....	51
<b>Tafla 46:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem er sammála eða mjög sammála því að tiltekin atriði eigi við um umhverfi leikskólans. ...	53
<b>Tafla 47:</b> Fjármögnun: Þátttaka ýmissa aðila í fjármögnun skólans, þ. á m. ríkis/sveitarfélaga, foreldra/forráðamanna, félagasamtaka og velunnara. Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir um hvern þessara aðila að hann taki þátt í fjármögnun leikskólans. ....	54
<b>Tafla 48:</b> Stjórnun leikskólans (óháð eignarhaldi). Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að skólanum sé stjórnað af opinberum aðila eða einkaaðila. ....	55
<b>Tafla 49:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að leikskólinn sé rekinn í ábataskyni (eða ekki í ábataskyni). ....	55
<b>Tafla 50:</b> Fjöldi starfsmanna við ólík störf í leikskólum að meðaltali. Flokkunin miðast við hlutverk starfsmannsins, ekki menntun eða starfsréttindi. ....	56
<b>Tafla 51:</b> Fjöldi starfsmanna (á hver 10 börn) eftir stærð leikskólans. ....	56
<b>Tafla 52:</b> Fjöldi nýráðinna, nýhættra og starfsmanna í löngu starfsleyfi frá leikskólanum, að mati leikskólastjóra. ....	57
<b>Tafla 53:</b> Fjöldi barna á leikskólastigi sem skráð eru í leikskólann nú. ....	57
<b>Tafla 54:</b> Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að 11% eða hærra hlutfall barna í skólanum sé með annað móðurmál, sérþarfir, frá bágstöddum heimilum eða flóttamenn. ....	58
<b>Tafla 55A:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segist <b>sjálfur og/eða aðrir starfsmenn leikskólans</b> taki virkan þátt í ákvörðunum um tiltekin atriði á sviði stjórnarsýslu og uppeldismála. ....	59
<b>Tafla 55B:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir <b>skólanefnd eða fræðslunefnd sveitarfélagsins</b> taki virkan þátt í ákvörðunum um tiltekin atriði á sviði stjórnarsýslu og uppeldismála. ....	60
<b>Tafla 55C:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að <b>ríki eða sveitarfélag</b> taki virkan þátt í ákvörðunum um tiltekin atriði á sviði stjórnarsýslu og uppeldismála. ....	61
<b>Tafla 56:</b> Hlutfall (%) þátttakenda sem segist hafa tekið þátt í tilteknum verkefnum í þessum leikskóla vikulega eða oftár síðastliðna 12 mánuði. ....	63
<b>Tafla 57:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að lagt hafi verið mat á starf leikskólans með eftirliti með starfsaðstæðum, með gæðum starfseminnar, með úttekt á umhverfinu eða endurskoðun fjárhagslegs reksturs einu sinni á ári eða oftár. ....	64
<b>Tafla 58:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að leikskólinn hafi (einn eða með öðrum stofnunum) á síðustu 12 mánuðum boðið foreldrum eða forráðamönnum barna uppá tiltekin námskeið, fundi, heimsóknir eða boðið þeim þátttöku í starfseminni, t.d. með fjáröflun o.fl. ....	65
<b>Tafla 59:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að samskipti við tiltekna aðila hafi átt sér stað mánaðarlega eða oftár í skólanum, þ. á m. foreldra eða forráðamenn, starfsfólk annarra skóla, grunnskólakennara, félagsþjónustu, heilsuvernd eða sérfræðinga í þroska barna. ....	66



<b>Tafla 60:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir tiltekna þætti heftandi í starfi þeirra sem skólastjóri frekar mikið eða að miklu leyti. ....	67
<b>Tafla 61:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að tilteknir hlutir séu gerðir til þess að auðvelda flutning barna úr leikskólanum í grunnskólann, þ. á m. fundahöld með grunnskólum, heimsóknir barna, viðburðir með foreldrum, þjálfun fyrir starfsmenn, þróun áætlana um flutning með sveitastjórnun. ....	68
<b>Tafla 62:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur mjög mikilvægt að þroska tiltekna hæfni og getu hjá börnunum til þess að búa þau undir framtíðina, þ. á m. málþroska, læsi, skilning á grunnhugtökum stærðfræðinnar, upplýsingatækni, rökhugsun, skapandi hugsun, að vinna með öðrum og gagnrýna hugsun. ....	70
<b>Tafla 63:</b> Hvaða nýliðaþjálfun er í boði? Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að nýliðaþjálfun af tilteknu tagi sé í boði fyrir starfsfólk leikskólans eða tilteknir hlutir gerðir til þess að liðka fyrir henni. ....	71
<b>Tafla 64:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir það vera í þeirra verkahring að gera starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk leikskólans. ....	72
<b>Tafla 65:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem eru mjög sammála því að tilteknum fullyrðingum um virka þátttöku starfsfólks í ákvörðunum og ábyrgðardreifingu innan skólans. ....	72
<b>Tafla 66:</b> Hindranir í starfsemi leikskólans. Hlutfall (%) leikskólastjóra sem er sammála því að skortur á tilteknum atriðum komi frekar mikið eða að miklu leyti í veg fyrir að leikskólinn gæti veitt vandaða umgjörð um þroska, velferð og menntun barnanna. ....	73
<b>Tafla 67:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur að tilteknar fullyrðingar um markmið leikskólans, þátttöku foreldra í starfsemi, samvinnu leikskólans við grunnskóla og nærsamfélagið o.fl. ætti við um leikskólann þeirra frekar eða mjög mikið. ....	74
<b>Tafla 68:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem er sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum sem tengjast starfsánægju. ....	75

## MYNDASKRÁ

<b>Mynd 1:</b> Ráðningarfyrirkomulag starfsmanna: Fastráðning, tímabundin ráðning, sjálfstætt starfandi. ....	12
<b>Mynd 2:</b> Starfshlutfall starfsmanna. ....	13
<b>Mynd 3A:</b> Innihald menntunar og markmið. Hlutfall (%) starfsmanna sem segir að tiltekin viðfangsefni hafi verið hluti af formlegri menntun hans/hennar. ....	16
<b>Mynd 3B:</b> Innihald menntunar og markmið. Hlutfall (%) starfsmanna sem segir að tiltekin viðfangsefni hafi verið hluti af formlegri menntun hans/hennar. ....	16
<b>Mynd 4:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem telur mjög mikilvægt að þroska tiltekna hæfni og getu hjá börnum í leikskólanum til þess að búa þau undir framtíðina. ....	26
<b>Mynd 5:</b> Hlutfall (%) starfsmanna sem segist haga samskiptum sínum við tvítýngd börn (eða börn sem hafa ekki opinbert tungumál landsins að móðurmáli) á tiltekinn hátt, þ.e. hvort þau gerðu ofangreint að miklu leyti. ....	32
<b>Mynd 6:</b> Vinna með málfærni og læsi: Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við „að miklu leyti“ um vinnu starfsfólks í leikskólanum með stærðfræði og reikning hjá 3-5 ára börnum. ....	36
<b>Mynd 7:</b> Störf þátttakenda með tilteknum barnahópi. Tilgreint er hvort tiltekin verk eru unnin oft eða alltaf eða næstum alltaf. ....	41
<b>Mynd 8:</b> Hlutfall starfsmanna sem taldi að tilteknar fullyrðingar lýstu vel eða mjög vel því hvernig tekist hefði að virkja foreldra eða forráðmenn í leikskólanum. ....	43
<b>Mynd 9:</b> Af hvaða ástæðu væri sennilegast að þú hættir í núverandi hlutverki í leikskólanum? ....	46
<b>Mynd 10:</b> Hvað tálmar starfsþróun? Hlutfall (%) leikskólastjóra sem er sammála eða mjög sammála því að tiltekin atriði gætu orðið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar. ....	52
<b>Mynd 11:</b> Hlutfall (%) tímans sem leikskólastjórar telja að fari í tiltekin verk viðvirkjandi stjórnun og fundahöldum, faglegri forystu um menntunar- og uppeldisfræðileg atriði, samskipti við börnin, samskipti við foreldra og annað. ....	62
<b>Mynd 12:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur að allir (eða nánast allir) starfsmenn leikskólans telji mikilvægt að börn læri tiltekin atriði varðandi börn af ólíkum menningarheimum og kyn. ....	69
<b>Mynd 13:</b> Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur að tiltekin atriði valdi honum eða henni streitu í starfinu frekar mikið eða að miklu leyti. ....	76





## I. INNGANGUR

TALIS-rannsókn á leikskólastigi (TALIS Starting Strong Survey) er fyrsta alþjóðlega rannsóknin sem byggir á upplýsingum sem fengnar eru beint með spurningalistunum frá starfsfólki leikskóla, stjórnendum og öðrum sem annast umönnun og kennslu með börnunum í þátttökulöndunum. Efnahags- og framfarastofnun (OECD) stendur fyrir rannsókninni ásamt þátttökulöndunum. Auk OECD samræma og stýra þrjár aðilar ýmsum þáttum í framkvæmdinni í umboði OECD. Það eru Statistiques Canada, IEA Data Processing and Research Center í Hamborg og Amsterdam og Rand Europe sem tryggja samræmi í úrtaki, spurningalistagerð, þýðingum og framkvæmd.

### HELSTU VIÐFANGSEFNI TALIS Á LEIKSKÓLASTIGI

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá upplýsingar frá starfsfólki um vinnu þess með börnum og um það hvernig starfsemin getur haft áhrif á vellíðan, menntun og leik barnanna. Starfsfólk leikskólanna lýsir skólastarfinu, viðhorfum sínum og starfsaðstæðum með því að svara spurningalista sem lagður er fyrir tilviljunarúrtak leikskóla og starfsmanna í þátttökulöndunum.

Á grundvelli niðurstaðna geta þátttökuþjóðir lært hver af annarri enda glíma þær margar við svipaðar áskoranir og fróðlegt fyrir þær að kynnast aðstæðum og starfsháttum hjá öðrum þjóðum. Auk þess fá þær greinargóða innsýn í þætti sem ekki hafa verið rannsakaðir jafn ýtarlega í leikskólum hér á landi, frekar en annars staðar, fyrr en nú.

Markmið með þessari skýrslu er að gefa yfirlit yfir helstu niðurstöður varðandi Ísland í samanburði við önnur þátttökulönd. Á næstu mánuðum mun fara fram nánari úrvinnsla á þessum gögnum og þau nýtt til þess að varpa ljósi á ýmis viðfangsefni og álitamál í umræðu um skólamál hér á landi. Á vegum OECD verða einnig gefin út ýmis rit þar sem áherslan verður á leikskólastigið og upplýsingar úr þessari rannsókn.

Þátttakendur eru starfsfólk leikskóla sem vinnur við umönnun og menntun 3-5 ára barna, burtséð frá því hvort það sinnir öðrum störfum líka og óháð starfshlutfalli. Þátttökulönd eru níu (sjá neðar). Í nokkrum þátttökulanda var spurningalisti einnig lagður fyrir starfsmenn sem vinna með yngri börn (0-2 ára).

### HELSTU VIÐFANGSEFNI SPURNINGALISTANS

Einn spurningalisti var lagður fyrir leikskólastjóra og annar fyrir starfsfólk en efni þeirra skarast mjög.

Í spurningalista *leikskólastjóra* er m.a. spurt bakgrunnsspurninga um skólann, stærð, umhverfi, rekstrarform, fjármögnun, starfsmannafjölda og verkaskiptingu, fjölda barna í skólanum (þ. á m. með erlendan uppruna, sérþarfir o.s.frv.). Spurt er um kyn, aldur menntun, starfsaldur, vinnutíma, þátttöku í starfsþróunarverkefnum, þörf fyrir starfþróun og hvað gæti hindrað þátttöku í slíkum verkefnum. Spurt er hvernig vinnutími skólastjórans skiptist í ólík verk s.s. stjórnun, faglega forystu um menntunar- og uppeldisfræðileg atriði, samskipti við börnin o.fl.

Í spurningalista *starfsfólks* leikskóla er spurt m.a. um kyn, aldur, fæðingarland, ráðningarfyrirkomulag og starfshlutfall, starfsferil, menntun, prófgráðu og innihald menntunar, starfsþróun, þörf á frekari starfsþróun og mögulegar hindranir á leið til frekari starfsþróunar. Beðið er um lýsingu á tiltekinni vinnuviku, hvernig tíminn skiptist milli ólíkra verka, spurt um starfshætti og hugmyndir starfsfólks um starfið, stefnu, samvinnu, trú á eigin getu í starfi, möguleg viðbrögð við tilteknum (ímynduðum) aðstæðum í leik barna, samskipti við börnin, þ. á m. þau sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, framlag starfsmanns í leikjum og möguleg inngríp í leiki, eflingu samskiptafærni, nýtingu gagna við málörvun og kynningu á grunnþáttum t.d. stærðfræðinnar og fræðslu um fjölmenningu.

### TALIS 2008, 2013 OG 2018

Þegar hefur farið fram rannsókn hliðstæð þessari á öðrum skólastigum. Árin 2008, 2013 og 2018 voru svipaðir spurningalistar lagðir fyrir kennara á unglíngastigi, yngsta- og miðstigi (2008), unglíngastigi og framhaldsskólastigi (2013) og í fyrra (2018) var lagt fyrir kennara á unglíngastigi og starfsmenn leikskóla, þ. á m. leikskólastjóra. TALIS hefur því náð að varpa nokkru ljósi á öll skólastigin að háskólastigi undanskildu.

### AÐGÁT VIÐ TÚLKUN

Rétt er að minna á að spurningalistar af þessu tagi eru háðir ýmsum takmörkunum og mikilvægt að hafa þær í huga við túlkun gagna. Svörin endurspeglu upplifun svarenda á aðstæðum sínum og vel má vera að einhvers misræmis gæti milli þess sem TALIS gefur til kynna og upplýsinga úr öðrum áttum. Æskilegt er að gagna sé aflað með ólíkum rannsóknaraðferðum til þess að unnt

sé að ganga úr skugga um hvort þær birti samstæða mynd. Slík útkoma eykur traust á niðurstöðum. Einnig er rétt að benda á að ekki er unnt að greina orsök og afleiðingu í þversniðsrannsókn af þessu tagi. Með vísun í fræðilegan bakgrunn er þó oft hægt að setja fram tilgátur um slíkt.

Mikilvægt er að hafa í huga að misjafnt er eftir menningarheimum hvernig spurningalistar eru meðhöndlaðir og kvarðar notaðir. Ýmislegt bendir til þess að ólíkir svarstílar séu við lýði í ólíkum heimshlutum.

## AÐFERÐ RANNSÓKNARINNAR

Í þátttökulöndum var tekið úrtak skóla og svo úrtak starfsfólks innan þeirra. Hér á landi voru allir leikskólar landsins, sem annast börn á aldrinum 3-5 ára með í rannsókninni en hins vegar var tekið úrtak starfsfólks innan þeirra eftir sérstökum viðmiðum, eins og gert er í hinum löndunum.

Viðmiðið í hverju landi er að 180 skólar að lágmarki séu í úrtaki og að 8 þátttakendur í hverjum skóla taki þátt, auk leikskólastjóra. Í skólum þar sem starfsmenn voru 12 eða færri var þó úrtakið stækkað þannig að allir voru beðnir um að taka þátt, ekki aðeins 8. Ef starfsmenn voru færri en 8 voru allir beðnir um að taka þátt. Gerð var krafa um a.m.k. 75% þátttöku í hverju landi og náðist það markmið vel hér á landi. Hér tóku 208 leikskólastjórar þátt og 1378 starfsmenn. Í Þýskalandi og Danmörku náðist þetta viðmið ekki fullilega og því er mælt með að taka niðurstöðum þaðan með gát.

Þýði rannsóknarinnar var allir sem vinna með börnum á aldrinum 3-5 ára, óháð því hvort þeir eru í fullu starfi eða hlutastarfi, eða hvort þeir sinna líka öðrum störfum í leikskólanum. Rannsóknin náði því ekki aðeins til leikskólakennara heldur til þess starfsfólks sem sinnti börnunum, óháð menntun. Þegar fjallað er um starfsmenn eða starfsfólk leikskólans er átt við alla þá sem starfa við umönnun og menntun barna í leikskólanum.

Rannsóknin náði **ekki** til þeirra sem unnu eingöngu með börn undir 3ja ára aldri, starfsfólks við afleysingar, starfsfólks í langtímaleyfi, starfsfólks sem sinnti ekki beinu uppeldis- eða umönnunarhlutverki í skólanum (þ. á m. starfsfólks við eldamennsku og ræstingar), hjúkrunarfólks, aðstoðarleikskólastjóra sem unnu aldrei beint með börnunum (þ.e. sinntu eingöngu skrifstofu og umsýslustörfum).

## FYRIRLÖGN

Vorið 2018 var sérstakur spurningalisti lagður rafrænt fyrir leikskólastjóra og annar fyrir alla aðra starfsmenn, óháð menntun og starfssviði. Spurningalistinn var forprófaður árið áður. Gert var ráð fyrir að það tæki 45 mínútur að meðaltali að svara spurningalistanum. Honum var svarað rafrænt og gat þátttakandi skráð sig inn og út úr listanum eftir hentugleikum (þurfti ekki að svara öllu í einni lotu). Svör vistuðust jafnóðum. Hver þátttakandi fékk lykilorð í lokuðu umslagi og gat læst aðgangi að listanum þegar hann hafði lokið þátttöku. Svör eru trúnaðarmál og ekki rakin til einstakra skóla eða þátttakenda.

## ÞÁTTTÖKULÖND

Ísland, Síle, Þýskaland, Danmörk, Noregur, Japan, Kórea, Tyrkland, Ísrael. Þessi lönd lögðu spurningalista fyrir alla þá sem önnuðust börn á aldrinum 3-5 ára. Auk þess var hliðstæðri rannsókn beint til starfsmanna sem annast börn á aldrinum 0-2 ára í Þýskalandi, Danmörk, Ísrael og Noregi en þær niðurstöður eru ekki kynntar hér.

## ÞAKKIR

Sérstakar þakkir viljum við færa leikskólastjórum og starfsfólki leikskólanna, Kennarasambandi Íslands, Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda leikskóla, starfsmönnum sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir þátttöku og aðstoð við undirbúning rannsóknarinnar og fyrirlögn. Björk Óttarsdóttir situr í stjórn rannsóknarinnar (Board of Participating Countries) f.h. menntamálaráðuneytis. Menntamálastofnun sér um framkvæmd rannsóknarinnar hér á landi. Verkefnisstjóri er Ragnar F. Ólafsson.

## II. STARFSMENN LEIKSKÓLA

### KAFLI 1: ALMENNAR UPPLÝSINGAR, ALDUR, KYN, RÁÐNINGARFYRIRKOMULAG, STARFSHLUTFALL, STARFSREYNSLA, MENNTUN

Þegar fjallað er um starfsfólk í skýrslunni er átt við alla þá sem annast börnin í menntunar- og umönnunarhlutverki, ekki aðeins leikskólakennara.

#### ALDUR

Tafla 1: Aldur: Hlutfall (%) starfsmanna á þremur aldursbilum, meðalaldur og staðalfrávik.

	Yngri en 30 ára	30 til 49 ára	50 ára eða eldri	Meðalaldur	Staðalfrávik
Síle	28,5	55,5	16,0	37,2	10,6
Danmörk	13,0	52,0	35,0	44,1	11,3
Þýskaland	22,9	47,8	29,3	40,8	12,3
Ísland	25,5	47,2	27,3	40,5	13,1
Ísrael	15,3	56,0	28,7	42,3	11,6
Japan	32,9	48,5	18,7	37,8	12,0
Kórea	43,0	48,4	8,6	33,9	9,6
Noregur	18,1	59,3	22,6	40,8	10,8
Tyrkland	37,0	60,7	2,3	32,9	7,3
<b>Meðaltal</b>	<b>26,2</b>	<b>52,8</b>	<b>20,9</b>	<b>38,9</b>	<b>11,0</b>

Starfsmenn eru hvað yngstir að meðaltali í Tyrklandi, Kóreu, Síle og Japan, elstir í Danmörku. Staðalfrávik er víðast hvar svipað, um 11 ár, en lægst í Tyrklandi og Kóreu. Starfsmenn eru á heildina eldri á Vesturlöndum.

Hlutfall starfsmanna yngri en 30 ára hér á landi er mjög svipað meðaltali þátttökulandanna. Nokkru fleiri eru svo í elsta aldursflokki (50 ára og eldri) hér á landi en að meðaltali í öðrum þátttökulöndum. Á heildina er dreifing á aldurshópa hér á landi frekar mikil, þ.e. umtalsverður fjöldi í ólíkum aldurshópum (ungir og gamlir) vinnur í leikskólunum.

Í Kóreu er mjög hátt hlutfall á yngsta aldursskeiði eða 43% og fátítt að starfsfólk sé eldra en 50 ára. Í Tyrklandi er varla nokkur eldri en fimmtugur, eða aðeins rúm 2%.

Í Danmörku er um þriðjungur starfsmanna eldri en 50 ára, sem er hæst hlutfall þátttökulanda á því aldursskeiði. Aðeins 13% eru yngri en 30 ára. Í Noregi og Ísrael eru einnig tiltölulega fáir á yngsta aldursskeiði.

#### KYN

Spurt var um kyn þátttakenda.

Tafla 2: Kyn starfsmanna í þátttökulöndum. Hlutfall (%) kvenna og karla.

	Konur	Karlar
Síle	94,8	5,2
Danmörk	88,1	11,9
Þýskaland	94,9	5,1
Ísland	93,5	6,5
Ísrael	98,8	1,2
Japan	96,3	3,7
Kórea	97,5	2,5
Noregur	92,4	7,6
Tyrkland	96,1	3,9
<b>Meðaltal</b>	<b>94,7</b>	<b>5,3</b>

Yfirgnæfandi meirihluta starfsmanna í leikskólum þátttökulanda er konur. Norðurlöndin, einkum Danmörk, eru þau lönd sem hafa hæst hlutfall karla í starfsmannahópnum. Í Danmörku eru það tæp 12%, 7,6% í Noregi og 6,5% á Íslandi. Lægst er hlutfallið í Ísrael, Kóreu og Japan.

## UPPRUNALAND


Spurt var í hvaða landi starfsmaðurinn væri fæddur.

**Tafla 3:** Upprunaland: Hlutfall (%) starfsmanna sem fæddir eru á Íslandi og í öðru landi.

	Í þáttökulandinu	Í öðru landi
Síle	98,5	1,5
Danmörk	-	-
Þýskaland	93,1	6,9
Ísland	86,5	13,5
Ísrael	87,7	12,3
Japan	-	-
Kórea	100	0
Noregur	87,7	12,3
Tyrkland	98,4	1,6
<b>Meðaltal</b>	<b>93,1</b>	<b>6,9</b>

Hér á landi er talsvert hátt hlutfall starfsmanna sem fæddir eru erlendis, um 13,5%. Hlutfallið er svipað í Noregi og í Ísrael. Tölur eru ekki tiltækar fyrir Danmörk og Japan. Mjög fáir starfsmenn í Síle og Tyrklandi eru fæddir erlendis.

Spurt var um ráðningarfyrikomulag.




**Mynd 1:** Ráðningarfyrikomulag starfsmanna: Fastráðning, tímabundin ráðning, sjálfstætt starfandi.

Í Danmörku og í Noregi eru um 90% fastráðnir en tæplega 80% hér á landi. Í Tyrklandi og í Síle er hlutfall fastráðinna minna og sérstaklega lágt hlutfall fastráðinna er í Kóreu. Þar eru flestir á eins árs ráðningarsamningi.

## STARFSLUTFALL

Starfsmenn voru spurðir um starfshlutfallið.



**Mynd 2:** Starfshlutfall starfsmanna.

Hér á landi eru tæp 70% í fullu starfi, sem er svipað meðaltali þátttökulandanna, hærra en í Danmörku og lægra en í Noregi. Hæst hlutfall í fullu starfi er í Kóreu, eða 86%. Á Norðurlöndunum (Íslandi, Noregi, Danmörku) og í Kóreu eru þó yfir 90% í a.m.k. 70% starfshlutfalli.

## ÁRAFJÖLDI Á VINNUMARKAÐI

Þátttakendur voru spurðir hversu lengi þeir hefðu verið á vinnumarkaði við ýmis störf.

**Tafla 4:** Starfsferill starfsmanna: Árafjöldi við ýmis störf í leikskólum og víðar.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Árafjöldi í starfi í þessum leikskóla	7	9	9	7	6	7	4	8	4	7
Samanlagður árafjöldi í starfi í leikskóla	10	12	13	11	10	13	8	12	9	11
Fjöldi ára í öðrum störfum tengdum menntun og uppeldi eða í öðru hlutverki með börnum (þ.á m. sem barnfóstra, við einkakennslu, kennslu í grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla; ekki telja hér með árin sem þú starfaðir í leikskóla)	5	3	2	3	5	1	1	2	2	2
Fjöldi ára í öðrum störfum, ekki á sviði uppeldis og menntunar og sem fólu ekki í sér að annast börn.	2	5	2	8	4	1	1	5	1	3

Að meðaltali hafa starfsmenn unnið í um 7 ár í leikskólanum sem þeir starfa nú við. Gildir það um Ísland einnig. Starfsaldurinn í núverandi skóla er stytur í Kóreu og Tyrklandi. Ef lagður er saman árafjöldi í starfi í leikskóla almennt, þá er meðaltalið um 18 ár, eins og á Íslandi. Samanlagður starfsaldur í leikskólum er um 22 ár í Þýskalandi, 21 í Danmörku, um 20 í Noregi og í Japan.

Spurt var hvort þátttakandi starfaði í fleiri en einum leikskóla.

**Tafla 5:** Hlutfall (%) starfsmanna sem starfar í fleiri en einum leikskóla.

	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland
Hlutfall sem starfar í fleiri en einum leikskóla	3,8	0,9	0,9	0,5	20,9	1,6	1,7	1,0	3,5

Það er fátítt í þátttökulöndunum að unnið sé í fleiri en einum leikskóla, innan við 1% gerir það hér á landi. Undantekning frá þessu er Ísrael, þar sem um fimmtungur starfsmanna vinnur í fleiri en einum leikskóla.

Fyrir þau sem svöruðu ofangreindri spurningu játandi, þá var spurt við hversu marga aðra leikskóla þau störfuðu.

**Tafla 6:** Meðalfjöldi annarra leikskóla sem starfsmaður starfar við.

	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal töflu
Meðalfjöldi annarra leikskóla sem þátttakandi starfar við	1,5	1,7	1,5	2,2	2,7	1,9	1,6	1,4	-	1,8

Að meðaltali störfuðu ísraelskir leikskólastarfsmenn við allt að 3 leikskóla. Meðaltal þátttökulanda var 1,8 leikskóli.

## MENNTUN

Starfsmenn voru beðnir um að tilgreina menntun sína með því að merkja við tiltekinn valkost. Svörin hafa verið flokkuð í 3 flokka af OECD. Nánari sundurgreining hér á landi verður kynnt síðar.

**Tafla 7:** Hlutfall (%) starfsmanna í þátttökulöndum sem lokið hefur tilteknu menntunarstigi

	Lægra en ISCED 4	ISCED 4 eða 5	ISCED 6 eða hærra
Síle	13	34	53
Danmörk	25	6	69
Þýskaland	23	10	67
Ísland	48	4	48
Ísrael	39	15	46
Japan	1	81	18
Kórea	4	46	50
Noregur	33	16	51
Tyrkland	8	11	81
<b>Meðaltal</b>	<b>22</b>	<b>25</b>	<b>54</b>

Lægra en ISCED 4 = t.d. próf úr Fósturskóla Íslands, eldri kennarapróf og próf úr Þroskaþjálfaskóla Íslands, stúdentspróf, sveinspróf, gagnfræðapróf o.fl.  
 ISCED 4 eða 5 = t.d. próf úr framhaldsdeild Fósturskóla Íslands, iðnmeistarapróf, diplóma í leikskólafræðum o.fl.  
 ISCED 6 eða hærra = t.d. bakkalár-, meistara- og doktorsgráða

Hér á landi skiptast starfsmenn næstum til helminga milli fyrsta og síðasta dálks. Fáir eru á ISCED stigi 4 eða 5. Annaðhvort hafa starfsmenn ekki lokið ISCED 4 stigi eða þeir hafa lokið 6 stigi eða hærra. Mjög misjafnt er eftir löndum hvernig starfsmenn dreifast á menntunarstigin og fer það vafalaust eftir því hvar menntun til leikskólastarfa er skilgreind í hverju landi.

Í Japan er mikill meirihluti með menntun á ISCED 4 eða ISCED 5 stigi en nánast enginn með menntun á lægra ISCED stigi. Í Tyrklandi aftur á móti er mikill meirihluti á hæsta menntunarstigi, ISCED 6.

## INNIHALD MENNTUNAR

Grennslast var fyrir um það hvort starfsfólk hefði lokið menntun af einhverju tagi sem hefði búið það undir að vinna með börnum. Tekið var fram að með „menntun“ væri átt við skipulagt nám eða réttindanám á hvaða námstigi sem er, námskeið eða starfsþróun. Jafnframt var tekið fram að það væri ekki skilyrði að menntunin tengdist eingöngu menntamálum eða starfi með börnum.

**Tafla 8:** Hlutfall starfsmanna sem **ekki** hefur lokið menntun sem bjó það undir að vinna með börnum.

	Hlutfall
<b>Síle</b>	26,3
<b>Danmörk</b>	30,0
<b>Þýskaland</b>	3,5
<b>Ísland</b>	36,4
<b>Ísrael</b>	22,7
<b>Japan</b>	5,6
<b>Kórea</b>	20,8
<b>Noregur</b>	23,1
<b>Tyrkland</b>	27,5
<b>Meðaltal</b>	<b>21,8</b>

Hér á landi hefur um þriðjungur starfsfólks ekki lokið menntun sem býr það undir að vinna með börnum. Þetta er hæsta hlutfallið í þáttökulöndunum. Í Þýskalandi og í Japan er þetta hlutfall mjög lágt en almennt í þáttökulöndum er um fimmtungur starfsfólks sem ekki hefur lokið menntun sem býr það undir að vinna með börnum.

Þátttakendur voru beðnir um að lýsa menntun sinni með því að haka við tiltekin atriði á lista.


**Tafla 9:** Lýsing menntunar: Námsstig, lengd og fyrirkomulag náms (fjarnám/staðnám).

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Námið var á unglínga- eða framhaldsskólastigi	34,9	22,1	22,4	25,1	15,5	10,5	25,9	62,1	31,8	<b>27,8</b>
Námið var á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs eða á hærri námsstigi	72,9	79,8	87,2	57,6	34,3	81,6	47,2	64,6	74,5	<b>66,6</b>
Námið stóð í tvö ár	14,6	6,7	25,3	32,2	40,7	64,7	47,9	32,5	15,7	<b>31,2</b>
Námið fól í sér verklega þjálfun	45,2	38,5	77,8	71,5	74,1	91,6	82,4	73,8	74,8	<b>70,0</b>
Nám á netinu eða fjarnám	17,3	0,7	1,1	34,5	21,6	3,6	70,3	12,2	23,4	<b>20,5</b>
Námið var staðnám	53,1	27,2	74,9	68,5	67,6	84,5	67,0	48,7	74,0	<b>62,8</b>


Hér á landi eru þessir námsþættir svipaðir almennu meðaltali þáttökulandanna og einnig nokkuð svipaðir Norðurlöndum. Þó er mun meira um verklega þjálfun hér á landi en t.d. í Danmörku. Athyglisvert er hversu hátt hlutfall er í fjarnámi hér á landi.



Pátttakendur voru spurðir hvort tiltekin viðfangsefni hefðu verið hluti af formlegri menntun þeirra. Athugið að aðeins þeir sem svöruðu því játandi, að hafa lokið menntun sem bjó þá undir að vinna með börnum, svöruðu spurningunni. Hlutfall þeirra sem ekki fékk slíka menntun er sýnt í fyrsta talnadálki.



**Mynd 3A:** Innihald menntunar og markmið. Hlutfall (%) starfsmanna sem segir að tiltekin viðfangsefni hafi verið hluti af formlegri menntun hans/hennar.



**Mynd 3B:** Innihald menntunar og markmið. Hlutfall (%) starfsmanna sem segir að tiltekin viðfangsefni hafi verið hluti af formlegri menntun hans/hennar.

Meðaltölin á Íslandi eru ekki fjarri heildarmeðaltali þátttökulanda.

## KAFLI 2: STARFSÞRÓUN, INNIHALD, ÞÖRF OG HINDRANIR

Spurt var um þátttöku starfsmanna í starfsþróun ýmiskonar. „Starfsþróun“ var skilgreind sem viðfangsefni sem ætlað er að efla færni, kunnáttu og sérfræðipækkingu leikskólustarfsmanns (almennt sem fagmaður). Spurt var um starfsþróun sem fór fram með *formlegum* hætti, t.d. með námskeið eða vinnustofu en gat einnig verið formlegt samstarf starfsfólks leikskóla og þátttaka í samstarfsneti fagfólks.

Tekið var fram að aðeins væri spurt um starfsþróun sem viðkomandi hefði tekið þátt í **eftir** að upphaflegu námi lauk.

### TEGUND STARFSÞRÓUNARVERKEFNA

Spurt var hvort svarandi hefði tekið þátt í einhverju eftiralinna starfsþróunarverkna á síðustliðnum 12 mánuðum.

**Tafla 10:** Hlutfall (%) starfsfólks sem tók þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Engin þátttaka	18	22	18	13	21	15	3	6	17	<b>15</b>
Námskeiðum eða málstofum þar sem þátttakendur mæta á fundarstað	54	54	44	63	63	67	77	88	68	<b>64</b>
Námskeiðum eða málstofum á netinu	23	3	3	10	21	5	81	10	23	<b>20</b>
Ráðstefnum þar sem starfsfólk leikskóla eða rannsakendur kynna rannsóknir sínar eða ræða menntmál	39	45	30	41	42	45	36	50	42	<b>41</b>
Námi sem veitir réttindi eða prófgráðu	13	9	8	18	18	18	30	16	30	<b>18</b>
Vettvangsferðum í aðra leikskóla	19	10	25	53	33	45	44	13	41	<b>31</b>
Jafningjaþjálfun- og/eða sjálfskoðun með formlegu fyrirkomulagi	30	35	17	24	38	39	61	37	23	<b>34</b>
Starfsþróun í leikskól- anum sjálfum en á vegum utanaðkomandi aðila	32	19	39	48	46	44	42	35	30	<b>37</b>
Tengslaneti sérfræðinga sem vinna með börn	39	52	20	33	42	33	20	35	27	<b>33</b>
Leiðsögn eða nýliðaþjálfun	17	9	12	28	47	46	60	10	20	<b>28</b>
Annað	16	18	37	15	24	26	33	19	22	<b>23</b>

Í þátttökulöndunum er algengast að starfsþróun fari fram með námskeiðum eða málstofum þar sem þátttakendur mæta á fundarstað. Íslandi svipar til annarra þátttökulanda varðandi tegundir starfsþróunar.

Fleira starfsfólk leikskóla á Íslandi hefur farið í vettvangsferðir í aðra leikskóla, eða um helmingur, og líkist þar leikskólafólki í Japan og Kóreu. Í Danmörku og Noregi eru vettvangsferðir mun fátíðari.

Jafningjaþjálfun og/eða sjálfskoðun með formlegu fyrirkomulagi hefur tæplega fjórðungur starfsmanna fengið hér á landi, en það er í lægri kantinum, miðað við hin þátttökulöndin.

Málstofur og námskeið á netinu virðast tvöfalt algengari í öðrum þátttökulöndum en á Íslandi, tæp 20% að meðaltali hafa sótt slíkar málstofur en um 10% hér. Þó er mikill breytileiki milli landa. Í Danmörku og Þýskalandi hafa aðeins um 3% starfsmanna sótt námskeið á netinu en í Kóreu er hlutfallið 81%.

Mjög fáir hér á landi höfðu ekki tekið þátt í nokkurri tegund starfsþróunar, eða tæp 13%.

## STARFSÞRÓUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Þátttakendur sem stundað höfðu starfsþróun af einhverju tagi voru spurðir hvort hún hefði verið á einhverju þeirra sviða sem talin eru upp í töflunum tveimur hér að neðan.

Spurt var á hvaða sviðum starfsþróunin, sem viðkomandi tók þátt í, hefði verið.

**Tafla 11A:** Efni og markmið starfsþróunar á síðastliðnum 12 mánuðum: Á hvaða sviðum var starfsþróunin?

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Til að auðvelda aðlögun barna þegar þau fara úr leikskóla yfir á grunnskólastig	49	25	16	16	39	53	40	29	32	<b>33</b>
Samstarf við foreldra eða forráðamenn og fjölskyldur	58	48	45	25	48	68	71	44	35	<b>49</b>
Námsskenningar (t.d. félags- og menningarlegar, atferlisfræðilegar, hugfræðilegar eða kenningar hugsmíðahyggu)	57	39	21	19	57	13	57	35	33	<b>37</b>
Vinna með börnum með sérþarfir	56	45	17	38	38	74	45	36	35	<b>43</b>
Agastjórnun í barnahópnum	54	38	19	35	51	48	67	31	34	<b>42</b>
Að fylgjast með og skrá þroska barna, velferð og nám	54	45	43	37	58	71	66	52	29	<b>51</b>
Vinna með börnum með mismunandi bakgrunn (t.d. fjölmennningarlegan, efnahagslegan, trúarlegan)	49	27	26	30	32	33	46	35	26	<b>34</b>
Vinna með tvítyngdum börnum	22	32	24	35	19	6	24	35		<b>25</b>

Í samanburði við önnur þátttökulönd, að meðaltali, segist fleira starfsfólk leikskóla á Íslandi hafa stundað starfsþróun um tvítyngd börn og börn með mismunandi bakgrunn (t.d. fjölmennningarlegan bakgrunn).

Um önnur svið gildir, að minna hlutfall starfsfólks leikskóla á Íslandi telur sig hafa fengið starfsþróun á þeim sviðum. Aðeins um fjórðungur hér á landi segist hafa tekið þátt í starfsþróun varðandi samstarf við foreldra eða forráðamenn og fjölskyldur, minnst hlutfall þátttökulanda, eða um helmingi minna en meðaltal þátttökulanda. Á þessu sviði hefur mest starfsþróun verið stunduð í Japan og Kóreu.

Einnig segist um fimmtungur starfsmanna hér á landi hafa tekið þátt í starfsþróun um námskenningar (félagslegar, menningarlegar, atferlisfræðilegar o.s.frv.) sem er með minnsta móti í þátttökulöndum. Aðeins um þriðjungur hér á landi hefur tekið þátt í starfsþróun varðandi agastjórnun en starfsþróun á því sviði er mest stunduð í Kóreu þar sem um 2/3 hlutar starfsmanna hafa tekið þátt.

**Tafla 11B:** Efni og markmið starfsþróunar á síðastliðnum 12 mánuðum: Á hvaða sviðum var starfsþróunin?

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Efni um þroska barna (t.d. félags- og tilfinningaþroska, hreyfiþroska, vitsmunaprofka eða sjálfstjórn)	78	66	60	56	81	84	85	77	47	<b>70</b>
Efni um heilsu barna og líkamlega umönnun (t.d. hreinlæti)	63	21	28	28	53	55	88	40	36	<b>46</b>
Að efla leikjastarf	71	62	34	48	77	77	79	59	41	<b>61</b>
Að efla sköpun og færni í þrautalausnum	69	48	41	37	79	58	69	57	35	<b>55</b>
Að efla læsi og málþroska	51	54	32	61	52	30	51	55	24	<b>46</b>
Að efla stærðfræði eða talnaskilning	44	22	14	31	45	14	42	27	23	<b>29</b>
Að efla skilning á sviði tækni og vísinda	35	28	18	15	41	13	42	33	22	<b>28</b>
Að efla nám í listum	41	37	21	22	52	32	52	26	26	<b>34</b>

Hér segjast einnig færri starfsmenn leikskóla á Íslandi hafa fengið starfsþróun samanborið við meðaltal annarra þátttökulanda. Hæst hlutfall hefur sótt starfsþróun til þess að efla læsi og málþroska barnanna (61%, í samanburði við tæp 46% í hinum þátttökulöndunum að meðaltali). E.t.v. tengist þessi mikla áhersla læsisverkefninu hér á landi. Á öðrum Norðurlöndum er þetta hlutfall lítið eitt lægra en hér á landi eða um 55%.

## STUÐNINGUR VIÐ STARFSÞRÓUN

Spurt var um ýmis frekari atriði varðandi starfsþróun, þætti sem auðvelda eða hvetja til þátttöku í starfsþróun, þ. á m. hvort starfsmenn hefðu fengið að fara frá kennslu vegna starfsþróunar á vinnutíma, fengið fjárhagslega stuðning, endurgreiðslu, gögn eða umbun einhverskonar, þ. á m. launahækkun vegna þátttöku sinnar í starfsþróuninni.

**Tafla 12:** Stuðningur við starfsþróun. Hlutfall (%) starfsmanna sem fékk stuðning af tilteknu tagi vegna starfsþróunar.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Fékk ekki stuðning í neðangreindu formi	22	27	4	23	38	10	16	33	43	<b>24</b>
Ég fékk að fara frá kennslu vegna starfsþróunar sem fór fram á vinnutíma	41	51	86	59	15	70	40	46	21	<b>48</b>
Ég fékk stuðning, ekki fjárhagslegan, vegna starfsþróunar utan vinnutíma (t.d. minnkaða kennsluskyldu, orlofsdaga, námsleyfi)	23	31	25	21	8	26	28	25	20	<b>23</b>
Ég fékk endurgreiðslu eða greiðslu kostnaðar	15	17	86	45	15	68	42	37	20	<b>38</b>
Ég fékk gögn sem ég þurfti að nota við starfsþróunina	58	40	66	44	24	43	64	23	38	<b>45</b>
Ég fékk viðbótar-greiðslur vegna starfsþróunar utan vinnutíma	9	11	6	8	13	32	26	16	13	<b>15</b>
Ég fékk umbun, ekki fjárhagslega (t.d. viðbótarefni eða annan búnað til að nota á deildinni, úttektarmiða til bókakaupa, hugbúnað eða snjallforrit)	13	5	10	13	12	5	31	11	24	<b>14</b>
Fékk eitthvað sem nýttist mér við vinnu, ekki fjárhagslegt (t.d. tækifæri til þess að uppfylla kröfur um faglega starfsþróun eða auka möguleika mína á stöðuhækkun)	19	7	18	23	36	19	22	9	22	<b>19</b>
Launahækkun	14	7	2	8	18	12	22	6	11	<b>11</b>

Algengast er hér á landi að stuðningurinn sé veittur í formi leyfis frá vinnu. Tæp 60% hafa notið slíks stuðnings.

Í samanburði við meðaltal þátttökulanda þá er stuðningurinn hér á landi mjög svipaður því sem tíðkast annars staðar.

Í Þýskalandi fá nánast allir greiddan kostnað við starfsþróunina.

## ÞÖRF FYRIR STARFSÞRÓUN

Þátttakendur voru beðnir um að tilgreina á hvaða sviðum þeir teldu sig hafa þörf fyrir starfsþróun, frá „engri þörf eins og er“ til „mikillar“ þarfar.

**Tafla 13A:** Þörf fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum. Hlutfall (%) sem telur sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á tilteknu sviði.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Að auðvelda aðlögun barna þegar þau fara úr leikskóla yfir á grunnskólastig	27	5	14	13	22	43	22	10	8	<b>18</b>
Samstarf við foreldra eða forráðamenn og fjölskyldur	20	9	20	13	21	68	30	8	8	<b>22</b>
Námskenningar (t.d. félags- og menningarlegar, atferlisfræðilegar, hugfræðilegar eða kenningar hugsmíðahyggju)	16	6	8	8	18	6	15	8	8	<b>10</b>
Vinna með börnum með sérþarfir	49	19	27	28	30	80	25	28	22	<b>34</b>
Agastjórnun í barnahópnum	13	7	13	24	16	56	26	9	7	<b>19</b>
Að fylgjast með og skrá þroska barna, velferð og nám	14	7	19	15	20	56	17	8	7	<b>18</b>
Vinna með börnum með mismunandi bakgrunn (t.d. fjölmenningarlegan, efnahagslegan, trúarlegan)	22	7	16	19	18	29	20	18	11	<b>18</b>
Vinna með tvítýngdum börnum	41	13	21	24	23	15	20	20	-	<b>22</b>

Starfsmenn á Íslandi telja sig almennt hafa svipaða þörf fyrir starfsþróun og önnur þátttökulönd að meðaltali. Þó er lítið eitt meiri þörf hér, að mati starfsfólks, fyrir starfsþróun á sviði agastjórnunar og talsvert meiri en á hinum Norðurlöndunum. Annars er mest þörfin hér á landi í tengslum við börn með sérþarfir og tvítýngd börn. Athyglisvert er að fimmtungur telur sig hafa þörf fyrir starfsþróun sem snýr að börnum með erlendan uppruna.

Athyglisvert er að bera saman Japan og Kóreu. Í Japan virðist mun meiri þörf fyrir starfsþróun af ýmsu tagi.

**Tafla 13B:** Þörf fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum. Hlutfall (%) sem telur sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á tilteknu sviði.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Efni um þroska barna (t.d. félags- og tilfinningaþroska, hreyfiþroska, vitsmunabroska eða sjálfstjórn)	17	9	18	13	26	67	25	10	4	<b>21</b>
Efni um heilsu barna og líkamlega umönnun (t.d. hreinlæti)	9	2	3	7	13	40	21	3	5	<b>11</b>
Að efla leikjastarf	16	6	10	10	20	61	27	8	8	<b>18</b>
Að efla sköpun og færni í þrautalausnum	21	6	17	12	29	59	31	11	10	<b>22</b>
Að efla læsi og málþroska	18	13	14	17	21	23	15	17	7	<b>16</b>
Að efla stærðfræði eða talnaskilning	18	6	7	15	20	14	14	9	8	<b>12</b>
Að efla skilning á sviði tækni og vísinda	21	5	10	15	22	12	14	10	10	<b>13</b>
Að efla nám í listum	19	5	7	13	24	22	17	9	8	<b>14</b>

Starfsfólk í Japan telur sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á flestum sviðum og er talsvert yfir meðaltali landanna að þessu leyti. Starfsmenn á Íslandi telja sig hafa lítið eitt meiri þörf fyrir starfsþróun en starfsfélagar á Norðurlöndunum, en munurinn er ekki mikill. Almenn er þó þörf fyrir starfsþróun minni hér á landi en meðaltal landanna segir til um.



## HINDRANIR Á VEGI FREKARI STARFSÞRÓUNAR

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru því að tiltekin atriði gætu orðið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar.

**Tafla 14:** Hindranir á vegi frekari starfsþróunar. Hlutfall (%) þátttakenda sem er mjög sammála því að tiltekin atriði geti hindrað starfsþróun.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ég stenst ekki forkröfur (t.d. hæfniskröfur, reynslu, starfsaldur).	4	1	2	3	4	4	7	2	1	<b>3</b>
Starfsþróunin er of dýr.	39	13	10	7	13	15	11	11	8	<b>14</b>
Ég fæ ekki stuðning frá vinnuveitanda mínum.	19	4	4	3	10	12	23	3	7	<b>9</b>
Starfsþróunin rekst á við vinnutíma minn.	24	7	6	10	11	21	45	5	12	<b>16</b>
Ég hef ekki tíma vegna fjölskylduanna.	14	5	5	6	11	19	12	6	9	<b>9</b>
Það er engin við-eigandi starfsþróun í boði.	19	4	5	5	6	5	16	1	5	<b>7</b>
Það er enginn ytri hvati til að taka þátt í starfsþróun.	31	6	5	9	16	9	34	2	11	<b>14</b>
Það vantar starfsfólk til þess að leysa mig af.	29	14	12	23	24	25	53	18	23	<b>25</b>

Mjög lágt hlutfall starfsmanna hér á landi og í flestum öðrum þátttökulöndum telur miklar hindranir vera á vegi frekari starfsþróunar. Hér á landi og einnig í öðrum þátttökulöndum telur þó um fjórðungur að það vanti starfsfólk til þess að leysa það af svo það geti tekið þátt í starfsþróun.

## KAFLI 3: VINNUVIKA STARFSMANNNS, LENGD VINNUVIKU, HELSTU VERKEFNI

### LENGD VINNUVIKU

Spurt var um lengd vinnutíma starfsmanns í síðustu heilu vikunni sem hann starfaði áður en rannsóknin fór fram. Spurt var hve mörgum klukkustundum **alls** viðkomandi hefði varið í vinnutengd verkefni í **þessum leikskóla**, burtséð frá því hvort þetta væri dæmigerð vika eða ekki.

Spurningunni fylgdi nánari lýsing: Starfsmenn voru beðnir um að telja með tíma sem varið var til leikja, umönnunar og uppeldisverkefna, undirbúnings verkefna, undirbúnings efniviðar, skráningar upplýsinga, samstarfs við aðra kennara, samvinnu við annað starfsfólk, þátttöku í starfsmannafundum, þátttöku í starfsþróunarverkefnum, samskipta við foreldra eða forráðamenn og önnur vinnutengd verkefni. Þeir voru beðnir um að telja einnig með vinnu sem fór fram á kvöldin, um helgar eða á öðrum tímum, utan hefðbundins leikskólatíma (þar á meðal heima hjá starfsmanninum).

Tekið var fram að með „heilli viku“ væri átt við fulla vinnuviku þar sem **ekki var kennsluhlé, opinberir fridagar, veikindaleyfi o.s.frv.** Þátttakendur voru beðnir um að námunda að næstu heilu klukkustund.

**Tafla 15:** Fjöldi klukkustunda í síðustu viku sem starfsmaður varði í vinnutengd verkefni í þessum leikskóla.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Klukkustundir alls	40,8	31,6	34,2	31,1	30,9	45,3	44,4	33,3	36,2	<b>36,4</b>

Vinnuvikan virðist styst á Norðurlöndunum og lengst í Japan og Kóreu. Hafa ber í huga að hér eru allir spurðir, ekki aðeins þeir sem eru í fullu starfi.

### VINNUVÍKI MEÐ BÖRNUNUM

Þátttakandi var svo beðinn um að tilgreina hversu mörgum klukkustundum starfsmaðurinn hefði varið með börnunum í þessum leikskóla.

**Tafla 16:** Fjöldi klukkustunda í síðustu viku sem starfsmaður varði með börnunum í þessum leikskóla.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Klukkustundir samvistum við börnin	29,5	27,1	27,8	28,3	22,9	31,7	28,3	27,1	28,5	<b>27,9</b>

Lítill munur er milli landa hér, langmestum tíma er varið í samvistir með börnunum. Hafa ber í huga hér einnig að í þessum tölum eru líka þeir sem eru ekki með fullt starfshlutfall.

### HELSTU VERKÞÆTTIR

Þátttakendur voru beðnir um að segja hvernig vinnutíma þeirra hefði verið varið til ólíkra verkefna í **síðustu heilu viku í starfi þeirra í þessum leikskóla**.

Nánar var tilgreint að ekki skyldi telja með tímann sem viðkomandi var samvistum við börnin (þ.e. þegar öll athygli starfsmannsins var á börnunum) enda skráð í spurningunni á undan.

Jafnframt var beðið um að telja með verk sem voru unnin um helgar, á kvöldin eða á öðrum tímum utan leikskólatíma eða fjarri barnahópnum (þar á meðal heima hjá starfsmanninum).

Tekið var fram að sum verk skarast (t.d. geta samræður við samstarfsmenn skarast við þátttöku í starfsþróun en þá var sagt rétt að telja tímann fram á báðum stöðum).


**Tafla 17:** Hlutfall (%) stafsmanna sem segir að þeir verji 31% tímans eða meira í tiltekin verk í leikskólanum.

	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Áætlanagerð og undirbúningur fyrir leik eða önnur menntunarverkefni	51	7	16	11	38	30	48	10	40	<b>28</b>
Samvinnu og samræður við samstarfsmenn og foreldra eða forráðamenn í þessum leikskóla (ekki telja með tíma sem varið er í beinum tengslum við börnin)	32	9	21	10	24	20	25	11	29	<b>20</b>
Skráningu á þroska, velferð og námi barnanna	38	4	15	5	28	16	28	6	27	<b>18</b>
Tók þátt í almennum stjórnunarstörfum í leikskólanum, starfsmannafundum og almennum skrifstofustörfum (þ. á m. samskipti, pappírsvinna eða önnur skrifstofustörf)	29	5	9	8	28	26	50	10	20	<b>21</b>
Þátttöku í starfspróunarverkefnum	12	3	3	2	22	4	10	5	12	<b>8</b>
Hugleiddi starf mitt, sjálf(ur) eða með öðrum starfsmönnum leikskólans	20	8	7	9	22	8	11	14	32	<b>16</b>
Þvotta, þrif, innkaup og eldamennsku	26	7	10	4	38	13	18	9	30	<b>17</b>

Minni tími fer í skráningu á þroska, námi og velferð barnanna á Norðurlöndunum í samanburði við hin löndin, einnig áætlanagerð og undirbúningur fyrir leik og menntunarverkefni. Þetta á við um fleiri verkefni. Í fáum tilfellum hefur mjög háu hlutfalli vinnutímans verið varið í þau. Ef til vill er hér um svarstíl að ræða, fremur en að þessum verkefnum sé minna sinnt á Norðurlöndum en víða annars staðar. Ísrael, Kórea Tyrkland og Japan eru aftur á móti oft með há svör.

## KAFLI 4: STARFSHÆTTIR OG HUGMYNDIR UM STARFIÐ, ÁHERSLUR, FORGANGSVERKEFNI, SAMSKIPTI VIÐ BÖRNIN OG VINNUFÉLAGANA

Starfsmenn voru spurðir hversu mikilvægt þeir teldu það fyrir þennan leikskóla að þroska tiltekna hæfni og getu hjá börnunum til þess að búa þau undir framtíðina.



**Mynd 4:** Hlutfall (%) starfsmanna sem telur mjög mikilvægt að þroska tiltekna hæfni og getu hjá börnum í leikskólanum til þess að búa þau undir framtíðina.

Í samanburði við meðaltal þátttökulanda telur starfsfólk íslenskra leikskóla mikilvægt að þroska læsi og ritun, hæfni til þess að hugsa rökrétt og til að beita gagnrýninni hugsun. Um helmingur telur einnig mjög mikilvægt að þroska skilning á reikningi og grunnhugtökum stærðfræði. Um þriðjungur leggur líka áherslu á lykilhugtök vísindanna. Þetta er svipað meðaltali þátttökulanda.

Í öllum löndunum, nema hvað síst Japan og Kóreu, er mikil áhersla á málfærni.

Mjög mikil breidd er í því hversu mikla áherslu löndin leggja á að efla skilning í stærðfræði. Tyrkland og Síle telja það mjög mikilvægt, en tiltölulega fáir í Japan og Kóreu. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að Japan og Kórea standa mun betur að vígi í PISA-rannsókninni í stærðfræði í samanburði við Tyrklandi og Síle.

Ef Japan er skoðað sérstaklega, þá er einnig athyglisvert að þar er fátt af því sem nefnt er mjög mikilvægt. Þarna er vafalaust um að ræða ólíka notkun á kvarðanum, ólíkar venjur í svörun spurningalista almennt. En þeim mun merkilegra er að sjá að Japan og Kórea leggja mjög mikla áherslu á að þroska hæfni barnanna til þess að vinna með öðrum.

## AUKAFJÁRMUNIR

Starfsfólk var beðið um að nefna atriði sem það teldi að hentugt væri að nýta aukafjármuni til þess að efla, ef fjárframlag til leikskólastigsins yrði aukið um 5%. Spurt var hversu mikilvægt þátttakandi teldi að verja ætti þeim fjármunum til tiltekinna forgangsverkefna.

**Tafla 18:** Hlutfall (%) starfsmanna sem telur mjög mikilvægt að verja auknum fjárframlögum til tiltekinna forgangsverkefna.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Til þess að fjárfesta í leikföngum, námsgögnum og aðstöðu utanhúss	74	23	45	38	69	40	53	26	85	<b>50</b>
Styðja við nemendur með erfiðan eða erlendan bakgrunn	69	38	32	59	66	12	20	28	43	<b>41</b>
Fækka börnum í rými með því að ráða fleira starfsfólk til leikskólans	70	83	82	69	86	48	60	76	61	<b>71</b>
Bæta skólahúsnæði og aðstöðu	72	17	42	53	63	40	38	16	84	<b>47</b>
Styðja við börn með sérþarfir	90	70	50	71	83	47	29	64	82	<b>65</b>
Þjóða upp á starfspróun í hæsta gæðaflokki fyrir starfsfólk leikskóla	88	55	47	59	80	27	52	55	83	<b>61</b>
Bæta laun starfsfólks leikskóla	88	41	73	90	85	68	75	51	74	<b>72</b>
Draga úr álagi á starfsfólk vegna skrifinnsku og stjórnunarstarfa með því að ráða fleira aðstoðarfólk	69	21	48	48	64	58	75	29	71	<b>54</b>

Á Íslandi myndi starfsfólkið helst vilja leggja áherslu á að bæta laun starfsfólks leikskóla, því næst styðja við börn með sérþarfir og fækka börnum í rými. Færri telja mikilvægt að auka framlög til leikfangakaupa. Á Íslandi er jafnframt meiri áhersla á að auka stuðning við nemendur með erfiðan félagslegan eða erlendan bakgrunn.

Í Danmörku og í Noregi er mesta áherslan á að fækka börnum í rými með því að ráða fleira starfsfólk til leikskólans. Að bæta laun starfsmanna er einnig hátt á forgangslista hjá Dönum og Norðmönnum. Mjög lítil áhersla er þar á að bæta skólahúsnæðið (minni en á Íslandi).

Það er raunar sláandi hvað forgangs röðun Norðmanna og Dana er lík og að sumu leyti frábrugðin Íslandi. Jafnframt eru kröfur Síle og Ísraels, og að nokkru leyti Tyrklands, svipaðar innbyrðis.

## SAMVINNA OG MAT

Leikskólafólkið var spurt hversu oft, að jafnaði, það ynni tiltekin verk í leikskólanum.

**Tafla 19:** Samskipti og umræður: Hversu oft tekur starfsmaðurinn þátt í samvinnuverkefnum af ýmsu tagi, að jafnaði, þ. á m. að veita endurgjöf, ræða ólíkar nálganir, meta framfarir með öðru starfsfólki. Hlutfall (%) sem segist gera þetta vikulega eða daglega.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Veiti öðru starfsfólki leikskólans endurgjöf um starfshætti þess	40	63	39	48	46	26	30	70	59	<b>47</b>
Tek þátt í umræðum um ólíkar nálganir við að efla þroska, velferð og nám barnanna	43	90	57	67	41	63	38	82	60	<b>60</b>
Tek þátt í sameiginlegum verkefnum með mismunandi hópum, þ.á m. börnum á ólíkum aldri	33	47	68	59	59	53	34	69	40	<b>51</b>
Deili með starfsfélögum mínum efni sem við getum notað í þroskandi vinnu með börnum	53	30	49	55	41	50	43	41	67	<b>48</b>
Tek þátt í umræðum um verkefni sem eru á döfnni	55	82	75	76	57	66	57	75	55	<b>66</b>
Tek þátt í umræðum um þroska og þarfir einstakra barna	59	89	75	81	51	71	59	78	59	<b>69</b>
Vinn með öðru starfsfólki leikskólans við að meta framfarir og líðan barnanna	46	51	52	65	34	64	47	72	59	<b>54</b>

Ísland er yfirleitt aðeins yfir meðaltali landanna. Danmörk, Ísland og Noregur eru að meðaltali með frekar háar tölur í þessari spurningu, segjast gera flesta hluti oft. E.t.v. endurspeglar þetta mikla samvinnu starfsfólks í þessum löndum. Starfsfólkið tekur oft þátt í umræðum um þroska og þarfir einstakra barna. Á einu sviði er meðaltal Norðurlandanna þó lægra en almenna meðaltalið, sem lýtur að því að deila með starfsfélögum efni sem hægt er að nota í þroskandi vinnu með börnum.

Spurt var að hve miklu leyti þátttakendum fyndist þeir hafa tök á tilteknum þáttum í vinnu sinni með börnunum.

**Tafla 20:** Hlutfall (%) starfsmanna sem telur sig hafa gott vald á tilteknum þáttum í starfinu. Tilgreind eru svör þeirra sem svörðu „frekar mikið“ eða „að miklu leyti“.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Stuðla að þroska barna sem búa við erfiðar aðstæður	75	74	52	63	66	12	23	60	87	<b>57</b>
Laga vinnu mína með börnunum að þörfum hvers og eins	81	83	68	84	84	37	61	67	96	<b>73</b>
Hjálpa börnum að þróa með sér hæfileikann til þess að læra sjálfstætt	86	93	88	82	83	36	70	81	98	<b>80</b>
Hjálpa börnum að búa sig undir grunnskólann	81	75	76	66	66	27	48	66	96	<b>67</b>
Efla með börnum áhuga á ólíkum menningarheimum og því sem við eigum sameiginlegt	70	70	49	56	62	17	53	62	89	<b>59</b>
Hjálpa börnunum að eiga góð samskipti sín á milli og sýna jákvæða félagslega hegðun (t.d. deila með sér, hjálpa öðrum)	96	98	98	95	93	48	83	97	98	<b>90</b>
Róa barn sem er í uppnámi	92	100	96	95	93	58	79	96	97	<b>90</b>
Fylgjast með þroskaferli barna	93	92	68	84	84	46	73	88	99	<b>82</b>
Hjálpa börnum að efla sjálfstraust sitt	96	98	95	91	90	55	82	93	99	<b>89</b>
Hjálpa börnum að þroska sköpunargáfu og lausnaleit	91	94	91	83	88	40	76	87	98	<b>83</b>
Nota upplýsingatækni (t.d. tölvur, spjaldtölvur, snjalltöflur) til þess að styðja við nám barna	54	43	6	34	43	2	44	3	73	<b>37</b>
Veita öllum börnum öryggistilfinningu	95	99	97	96	96	98	83	97	99	<b>91</b>

Mat starfsmanna á því hversu góð tök þeir hafa á ýmsum þáttum í vinnu með börnunum er nokkuð svipuð meðaltali þáttökulandanna. Um flest atriðin telja löndin sig reyndar almennt vel í stakk búin. Prósentutölur eru yfirleitt háar.

Japan (og að nokkru leyti Kórea) virðast nokkuð hógvær almennt varðandi það hversu góð tök þau telja sig hafa á ýmsum viðfangsefnum.

Mjög mikill munur er milli landanna hvað varðar tök á upplýsingatækni í vinnu með börnunum. Í Tyrklandi telja menn sig hafa góð tök í þeim efnum, en lakari í Noregi, Japan og Þýskalandi.



## LEIKUR BARNNA

Starfsfólk var beðið um að ímynda sér að það sæi tvö þriggja ára börn leika sér með byggingakubba hvort í sínu lagi. Í dæminu var barn A búið að taka nánast alla kubba og var að byggja úr þeim. Barn B var feimið, virtist frekar leitt og átti í basli með sína byggingu. Spurt var hvað starfsmaðurinn myndi taka til bragðs. Voru þátttakendur beðnir um að haka við hversu líklegt væri að þeir myndu bregðast við á tiltekinn hátt. Boðið var uppá nokkra svarmöguleika en þeir voru metnir frá „ég myndi örugglega ekki gera þetta“ til „ég myndi örugglega gera þetta“.

**Tafla 21:** Mat starfsmanna á því hvernig þeir myndu bregðast við í tilteknum aðstæðum í leikskólanum, þar sem börn léku sér að kubbum. Starfsmenn taka afstöðu til þess hvort þeir myndu eða myndu ekki bregðast við á tiltekinn hátt. Sýnt er hlutfall (%) þeirra sem myndu „líklega“ eða „örugglega“ gera það sem lýst er.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ég myndi skipta kubbum í tvo jafna hluta svo bæði börnin hefðu jafnmarga kubba til þess að byggja úr.	73	15	25	41	51	36	50	26	70	<b>43</b>
Ég myndi hjálpa barni B við bygginguna.	74	78	69	63	60	70	77	80	69	<b>72</b>
Ég myndi hvetja þau til þess að byggja eitthvað saman.	96	97	92	96	97	57	94	95	97	<b>91</b>
Ég myndi tala við barn A og reyna að vekja athygli þess á því hvernig barni B líður.	89	92	83	86	94	93	97	91	87	<b>90</b>
Ég myndi hvetja barn A til þess að deila kubbum með barni B.	97	94	92	96	96	84	97	95	96	<b>94</b>

Í öllum löndum myndu flestir reyna að vekja athygli á því hvernig barni B líði og jafnframt hvetja barn A til þess að deila kubbum með barni B, sem var með færri kubba. Þótt Japan sé fremur hátt á þessum tveimur atriðum myndu þeir ekki jafnmargir hvetja þau til þess að byggja eitthvað saman, ekki í sama mæli og allar hinar þjóðirnar. Síst myndu Danir og Norðmenn hjálpa barni B með bygginguna. Það myndu hins vegar miklu fleiri gera í Síle en í nokkru öðru landi. Tyrkland og Síle myndu einnig skipta kubbum í tvo jafna hluta handa börnunum tveimur en það myndu Norðurlöndin og Þýskaland (sem sagt Vesturlöndin) síður gera.

## LEIKUR MEÐ BÖRNUNUM

Þátttakendur voru beðnir um að ímynda sér aðstæður þar sem fimm þriggja ára börn væru að leika sér með leikföng að eigin vali. Þátttakendur voru spurðir hvað þeir myndu gera á þeirri stundu, ef þeir gætu ráðið því hvað ætti að gera.

**Tafla 22:** Hvað myndi starfsmaður gera ef fimm þriggja ára börn væru að leika sér með leikföng að eigin vali. Hlutfall (%) sem segist myndu líklega eða örugglega gera þetta.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ég myndi leika við börnin en láta þau ráða för.	81	67	53	67	83	89	88	82	78	<b>75</b>
Ég myndi leyfa börnunum að leika sér sjálfum og aðeins grípa inn í þegar þau bæðu mig um það.	72	77	90	90	81	63	87	71	94	<b>81</b>
Ég myndi leggja minn skerf til leiksins með því að spyrja og útskýra.	89	76	52	72	86	86	80	73	95	<b>79</b>
Ég myndi hvetja börnin til þess að leika hvert við annað í stað þess að taka þátt í leiknum.	76	53	56	67	79	59	83	45	78	<b>67</b>
Ég myndi leggja mitt af mörkum til leiksins með því að koma með hugmyndir eða efnivið.	89	73	61	72	84	85	89	82	92	<b>81</b>

Á Íslandi myndu flestir leyfa börnunum að leika sér sjálfum og aðeins grípa inn í þegar börnin bæðu um það.

Spurt var hvort starfsmaður ynni með tvítýngdum börnum, eða börnum sem hafa ekki íslensku sem móðurmál.


**Tafla 23:** Hlutfall (%) starfsmanna sem vinnur með tvítýngdum börnum eða börnum sem hafa ekki íslensku sem móðurmál.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Vinna með tvítýngdum börnum eða börnum sem hafa ekki íslensku sem móðurmál	17	77	-	85	-	16	8	73	-	<b>46</b>

Hæst hlutfall starfsmanna hér á landi vinnur með tvítýngdum börnum. Í Kóreu, Japan og Síle er þetta hlutfall mjög lágt. Danmörk og Noregur eru á svipuðum slóðum og Ísland.

## TVÍTYNGD BÖRN

Starfsmenn voru spurðir hversu oft þeir gerðu ýmislegt í samskiptum sínum við tvítyngd börn eða börn sem hafa ekki íslensku að móðurmáli.



**Mynd 5:** Hlutfall (%) starfsmanna sem segist haga samskiptum sínum við tvítyngd börn (eða börn sem hafa ekki opinbert tungumál landsins að móðurmáli) á tiltekinn hátt, þ.e. hvort þau gerðu ofangreint að miklu leyti.

Leikskólastarfsmenn á Íslandi telja sig gera margt af þessu talsvert oftari en meðaltal landanna almennt. T.d. að hvetja börnin til þess að nota sjálf rétta orðið í stað þess að leiðrétta beint. Norðmenn hins vegar eru yfirleitt með lægri prósentutölur.

Hér á landi er einnig áhersla á að nota einfalt og rétt mál og að börnum sé gefinn nægur tími til þess að svara.

## KAFLI 5: STARFSHÆTTIR Í LEIKSKÓLANUM, SAMSKIPTI VIÐ BÖRNIN, MÁLÖRVUN OG TALNALEIKIR, FJÖLMENNING OG KYNFERÐI

Spurt var um ýmislegt varðandi starfshætti í leikskólanum í vinnu með börnum á aldrinum 3-5 ára í þessum leikskóla, þ. á m. í tengslum við leik barnanna. Spurt var að hve miklu leyti tiltekin atriði ættu við um starfsfólkið.

**Tafla 24:** Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við að miklu leyti um vinnu starfsfólks í leikskólanum með 3-5 ára börnum, einkum í tengslum við leik barnanna.

	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Starfsfólk tekur þátt í leik barnanna ef börnin bjóða því að vera með.	46	34	30	38	48	53	47	26	78	<b>44</b>
Þegar starfsfólk leikskólans leikur við börnin fá börnin að stjórna leiknum.	37	39	19	57	62	47	56	37	82	<b>48</b>
Starfsfólk gefur til kynna að því finnst gaman þegar það tekur þátt í leik barnanna.	57	75	43	41	72	78	54	33	90	<b>60</b>
Starfsfólk leikskólans er reiðubúið til þess að breyta skipulagi rýmisins til þess að börnin geti sett á svið fyrirferðarmikla leiki.	46	54	48	44	70	55	38	25	86	<b>52</b>
Starfsfólk leikskólans hvetur börnin til þess að skipta á milli sín því sem þau eru með.	81	69	49	72	90	48	55	59	96	<b>69</b>
Starfsfólk leikskólans hvetur börnin til þess að hjálpa hvert öðru.	82	88	64	83	93	57	61	63	96	<b>76</b>
Starfsfólk leikskólans hvetur börn sem leika sér í litlum hópum til þess að leyfa öðrum börnum að vera með.	61	49	32	60	72	19	36	38	81	<b>50</b>
Starfsfólk leikskólans veitir börnunum hvatningu ef þau hjálpa hvert öðru.	57	62	51	80	88	40	61	63	88	<b>65</b>

Þátttaka starfsmanna í leik barnanna er minnst í Tyrklandi og í lægri kantinum á Norðurlöndum og í Þýsklandi. Hún er meiri í Japan, Kóreu og Síle.

Hér á landi fá börnin að stjórna leiknum, þegar starfsfólk tekur þátt í leik með börnunum. Starfsmenn hvetja börnin einnig til þess að hjálpa hvert öðru en tekur síður þátt sjálf í leik barnanna.

## TILFINNINGAR

Spurt var að hve miklu leyti tiltekin atriði ættu við um starfsfólk í leikskólanum og samskipti þeirra við börnin í tengslum við tilfinningar.

**Tafla 25:** Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við að miklu leyti um vinnu starfsfólks í leikskólanum með 3-5 ára börnum, einkum í tengslum við **tilfinningar** barnanna.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Starfsfólk leikskólans faðmar börnin.	63	78	47	77	80	63	76	49	76	<b>68</b>
Starfsfólk leikskólans talar um tilfinningar við börnin.	72	84	51	69	81	70	73	54	92	<b>72</b>
Starfsfólk leikskólans hvetur börnin til að tala um það sem vekur þeim gleði.	75	78	43	77	83	63	56	50	93	<b>69</b>
Starfsfólk leikskólans gefur börnunum svigrúm til að tala um eitt-hvað sem þeim finnst sorglegt.	70	79	44	68	73	66	58	42	84	<b>65</b>

Innan hvers lands eru tölurnar fremur jafnar. Þær lúta að því að hve miklu leyti er fjallað um tilfinningar við börnin í leikskólanum. Í Þýskalandi og í Noregi eru lægstu tölurnar en almennt hæstar í Tyrklandi. Ísland er þar mitt á milli.

## SAMSKIPTI

Starfsmenn voru spurðir að hve miklu leyti tiltekin atriði ættu við um starfsfólkið í leikskólanum. Atriðin fjölluðu einkum um það hvernig samskiptin við börnin færu fram.

**Tafla 26:** Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við að miklu leyti um vinnu starfsfólks í leikskólanum með 3-5 ára börnum, einkum hvernig samskiptin við börnin fari fram.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Starfsfólk leikskólans hvetur börnin til þess að tala saman.	74	82	65	83	81	59	60	51	91	<b>72</b>
Starfsfólk leikskólans hvetur börnin til þess að stjórna samræðum.	58	34	47	41	76	48	56	24	86	<b>52</b>
Starfsfólk leikskólans hvetur börnin til þess að svara ítarlega með því að spyrja þau nánar.	59	57	39	50	51	30	55	26	89	<b>51</b>
Starfsfólk leikskólans beygir sig niður í hæð barnanna þegar það talar við þau eða hlustar.	64	58	50	45	50	69	81	67	33	<b>62</b>
Starfsfólk leikskólans umorðar eða endurtekur það sem börnin segja til þess að vera viss um að það hafi skilið börnin rétt.	74	58	44	53	54	65	64	29	85	<b>58</b>
Starfsfólk leikskólans notar frekar sjálft rétta orðið í stað þess að leiðrétta barnið beint.	67	74	56	60	65	48	55	43	81	<b>61</b>

Ísland og Danmörk eru áberandi að því leyti að þau hvetja börnin til þess að tala saman. Í Tyrklandi og í Ísrael eru börnin einnig hvött til þess að stjórna samræðunum við starfsfólkið. Í Japan, Kóreu og Noregi beygir starfsfólkið sig niður í hæð barnanna þegar það talar við þau eða hlustar. Þess er minna vart í Tyrklandi. Á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Ísrael er tilhneiging hjá starfsfólki til þess að nota frekar sjálft rétta orðið, frekar en að leiðrétta barnið beint.

## MÁLÞROSKI OG LÆSI

Starfsmenn voru spurðir að hve miklu leyti tiltekin atriði ættu við um starfsfólkið í leikskólanum þegar þau ynnu með málfærni/málþroska og læsi barnanna.


**Tafla 27:** Vinna með málfærni/málþroska og læsi: Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við að miklu leyti um vinnu starfsfólks í leikskólanum með málfærni hjá 3-5 ára börnum.

	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Starfsfólk leikskólans tengir sögurnar við reynsluheim barna þegar það les bækur.	55	29	21	33	48	23	52	10	81	<b>39</b>
Starfsfólk leikskólans notar bækur eða myndabækur með börnum.	79	71	65	84	60	55	65	41	96	<b>68</b>
Starfsfólk leikskólans fer í orðaleiki með börnum.	64	45	34	58	65	46	40	20	78	<b>50</b>
Starfsfólk leikskólans fer í stafaleiki með börnum.	67	30	13	57	64	28	40	18	62	<b>42</b>
Starfsfólk leikskólans syngur lög eða rímar með börnum.	80	77	68	88	82	52	77	53	97	<b>75</b>

Innbyrðis afstaða talnanna innan hvers lands er svipuð milli landa. Mest er um að starfsfólkið noti bækur eða myndabækur og syngi lög eða rími með börnunum. Þessi mikla áhersla á málþroska hér á landi (og í Tyrklandi) er athyglisverð í samanburði við hin löndin.

## STÆRÐFRÆÐI OG REIKNINGUR

Starfsmenn voru spurðir að hve miklu leyti tiltekin atriði ættu við um starfsfólkið í leikskólanum þegar þau ynnu með stærðfræði og reikning hjá börnunum.



**Mynd 6:** Vinna með málfærni og læsi: Hlutfall (%) starfsfólks sem segir að tiltekin atriði eigi við „að miklu leyti“ um vinnu starfsfólks í leikskólanum með stærðfræði og reikning hjá 3-5 ára börnunum.

Hér sjáum við vísbendingar um það hversu mikið er lagt upp úr tölum og reikningi í leikskólum landanna. Eins og oft áður eru Tyrkland, Síle og Ísrael fremur há almennt en það kann að vera tiltekin svarstíll, fremur en að það endurspeglar það að þessi lönd geri allt meira en önnur. Danmörk, Noregur og Þýskaland eru í lægri kantinum, Ísland mitt á milli (og nálægt meðaltali landanna). Það er helst að starfsfólk hér hjálpi börnunum að telja og nota tölustafi meira en önnur lönd að meðaltali.

## FJÖLMENNING

**Tafla 28:** Hlutfall (%) þátttakenda sem segir að tiltekin atriði varðandi kenningu í fjölmenningu eigi við í leikskólanum að nokkru eða miklu leyti.

	Notaðar eru bækur og myndir sem sýna fólk af ýmsum þjófbrötum og menningarhópum.	Bækur eða leikföng sýna fólk frá ólíkum þjófbrötum og menningarhópum í margvíslegum störfum og samfélagslegu hlutverki.	Börnin leika sér stundum með leikföng og hluti frá öðrum menningarheimum en þeim sem flestir tilheyra.	Í sumum verkefnum er lögð áhersla á það hvað fólk frá ólíkum menningarheimum og þjófbrötum á sameiginlegt.
<b>Síle</b>	83	74	52	69
<b>Danmörk</b>	54	48	22	35
<b>Þýskaland</b>	43	43	15	35
<b>Ísland</b>	68	62	33	54
<b>Ísrael</b>	72	70	49	58
<b>Japan</b>	49	36	32	24
<b>Kórea</b>	77	76	46	67
<b>Noregur</b>	25	24	15	19
<b>Tyrkland</b>	83	84	70	82
<b>Meðaltal</b>	<b>62</b>	<b>57</b>	<b>37</b>	<b>49</b>

Í íslenskum leikskólum er fjallað um erlend þjófbröt og menningarheima álíka mikið og að meðaltali í öðrum þátttökulöndum. Breytileiki milli landa er þó mikill.

Í Noregi, Danmörku, Þýskalandi og Japan er þessum þætti sinnt minna en t.d. í Tyrklandi, Síle og Ísrael.

Hér er innbyrðis afstaða talnanna svipuð innan hvers lands en talsverður munur á tölunum milli landa. Í Tyrklandi, í Síle og Kóreu eru tölur almennt háar. Tvö fyrrnefndu löndin eru oft há í rannsókninni, en Kórea ekki alltaf og því er ástæða til þess að veita því sérstaka eftirtekt og leggja trúnað á þá túlkun, að þetta endurspeglir raunveruleikann, að Kóreubúar í leikskólum noti margvísleg gögn sem sýni fólk frá ólíkum menningarheimum. Danmörk, Noregur og Þýskaland eru, eins og stundum áður, í lægri kantinum, sem skýtur skökku við í ljósi þess að innflytjendur eru fleiri í þessum löndum en t.d. Kóreu.

## KAFLI 6: LÝSING Á VINNU STARFSMANNS MEÐ TILTEKNUM BARNAHÓPI, SAMSETNING HÓPSINS, ALDUR OG ÞARFIR

Til þess að fá nánari mynd af starfinu voru þátttakendur beðnir um að lýsa starfi sínu með tilteknum barnahópi í skólanum, sem var sérstaklega skilgreindur. Eftirfarandi formáli fylgdi spurningunum, til þess að afmarka spurningarnar við tiltekinn barnahóp.

*Okkur langar að fá að vita meira um dagleg störf þín en ekki er hægt að spyrja um allt sem þú gerir. Því biðjum við þig við að nota sérstakt dæmi. Leiddu hugann að fyrsta hópi 3-5 ára barna sem þú vannst með í leikskólanum á síðasta vinnudegi frá deginum í dag að telja. Ljóst er að sá dagur er ekki dæmigerður fyrir allt sem þú gerir og kann vel að hafa verið óvenjulegur.*

*Í spurningunum hér að neðan verður vísað til þessa hóps sem þessa tiltekna barnahóps. Þegar þú svarar spurningunum ertu vinsamlegast beðin(n) um að hafa allan þennan hóp í huga, þ.e. öll börnin í þessum tiltekna barnahópi.*

### FJÖLDI STARFSMANNA MEÐ TILTEKNUM HÓPI

Þátttakendur voru beðnir um að tilgreina hversu margir starfsmenn með ólík hlutverk ynnu með barnahópnum sem var til umfjöllunar. Af því mátti einnig ráða heildarfjölda starfsmanna sem vann með hópnum.

**Tafla 29:** Fjöldi starfsmanna af tilteknu tagi sem vinnur með tilteknum barnahópi, sem starfsmaður vann með á síðasta vinnudegi. Hér er flokkað eftir hlutverki starfsmannsins gagnvart barnahópnum, ekki menntun.

	Leikskólastjórar	Starfsfólk sem ber meginábyrgð á barnahópi, t.d. deildarstjórar	Starfsfólk sem aðstoðar starfsmenn sem bera meginábyrgð	Starfsfólk við sérkennslu og stuðning	Starfsfólk í sérstökum verkefnum	Annað starfsfólk
Síle	1,7	1,4	1,9	0,8	0,9	0,3
Danmörk	0,6	2,5	1,8	0,4	0,1	0,2
Þýskaland	0,4	1,2	1,3	0,3	0,3	0,6
Ísland	0,2	4,8	1,2	1,4	0,4	0,9
Ísrael	-	1,4	2,0	0,5	-	0,3
Japan	0,3	3,2	1,0	-	-	-
Kórea	0,8	5,2	1,2	0,2	1,0	0,6
Noregur	0,3	1,6	2,2	0,4	0,1	0,3
Tyrkland	1,0	1,9	0,2	0,1	0,9	0,2
Meðaltal	<b>0,7</b>	<b>3,2</b>	<b>1,7</b>	<b>0,6</b>	<b>0,6</b>	<b>0,4</b>

Fjöldi starfsmanna sem vinnur með hverjum hópi á Íslandi er 9 samkvæmt þessum tölum. Í Kóreu er hann um 8 eins og hér á landi og er minnstur í Ísrael eða rúmlega 4. Stærð skóla og hópa skiptir hér væntanlega máli.

Víðast eru fjölmennasti hópurinn starfsfólk sem „ber meginábyrgð“ á tilteknum barnahópi. Það er sérstaklega áberandi í Kóreu, Japan, Tyrklandi og Íslandi. Í Noregi, Ísrael og Síle snýst þetta við: Þar eru álíka fjöldi „aðstoðarmanna“ að vinna með hópnum og þeir sem „bera meginábyrgð“. Á Íslandi er meiri fjöldi starfsfólks við sérkennslu en annars staðar.

Það vakna reyndar spurningar um það hvernig þessi spurning hefur verið túlkuð, þ.e. hvað átt er við með „meginábyrgð“ þegar hægt er að segja að 5 manns beri „meginábyrgð“ á einum og sama hópnum, en gæti stafað af því að starfsmenn starfa þvert á deildir.



## FJÖLDI BARNA

Spurt var um fjölda barna í þessum tiltekna barnahópi.

**Tafla 30.** Fjöldi barna í tilteknum barnahópi, þ.e. fyrsta 3-5 ára barnahópnum sem starfsmaður vann með í leikskólanum á síðasta vinnudegi frá þeim degi að telja sem spurningalistanum var svarað.

	Meðalfjöldi barna	Staðalfrávik
<b>Síle</b>	23,8	10,2
<b>Danmörk</b>	18,4	11,2
<b>Þýskaland</b>	16,9	8,7
<b>Ísland</b>	16,1	9,3
<b>Ísrael</b>	29,4	6,1
<b>Japan</b>	22,7	9,0
<b>Kórea</b>	16,1	6,6
<b>Noregur</b>	15,9	5,9
<b>Tyrkland</b>	15,9	5,6
<b>Meðaltal</b>	<b>19,5</b>	<b>8,1</b>

Meðalfjöldi barna í þeim tilteknu barnahópum sem starfsmennirnir unnu með var um 16 hér á landi, svipað og í Þýskandi, Noregi, Kóreu og Tyrklandi. Stærstir voru hóparnir í Ísrael (29 börn).

Breytileiki í fjölda barna í hópum var talsverður í þáttökulöndunum en staðalfrávikidið á Íslandi var 9,3 (8,1 í þáttökulöndunum að meðaltali). Stærð hópa er líklega tengd stærð skóla og þá stærð deilda.

Hér að neðan má sjá fjölda barna í hópum við 10., 50. og 90. hundraðsmark (e. percentile).

**Tafla 31:** Breytileiki í fjölda barna við 10., 50. og 90. hundraðsmark (e. percentile) í þeim tiltekna barnahópi sem starfsmenn önnuðust á tíma sem skilgreindur var í rannsókninni, þ.e. fyrsti barnahópurinn á síðasta vinnudegi frá fyrirlagnardegi könnunarinnar að telja.

	10. hundraðsmark	50. hundraðsmark	90. hundraðsmark	Spönn hundraðsmarkanna innan lands
<b>Síle</b>	11	24	35	24
<b>Danmörk</b>	7	16	30	23
<b>Þýskaland</b>	7	17	25	18
<b>Ísland</b>	5	16	25	20
<b>Ísrael</b>	22	31	35	13
<b>Japan</b>	14	21	32	18
<b>Kórea</b>	7	15	25	18
<b>Noregur</b>	9	16	21	12
<b>Tyrkland</b>	9	16	23	14
<b>Meðaltal</b>	<b>10,1</b>	<b>19,1</b>	<b>27,9</b>	<b>17,8</b>

Eins og sjá má á töflunni eru *minni* hóparnir mjög litlir hér á landi. Við 10. hundraðsmark eru aðeins 5 börn, helmingi færri en við samsvarandi hundraðsmark í þáttökulöndum að meðaltali. Hins vegar er 50. og 90. hundraðsmark svipað því sem tíðkast í hinum löndunum. Stærstu og miðlungsstóru barnahóparnir okkar eru af svipaðri stærð og það sem tíðkast í hinum þáttökulöndunum, með 25 og 16 börn hvor.

*Hundraðsmarkið*, t.d. 10. hundraðsmark, segir til um stærð þess hóps sem er í tíunda sæti, talið að neðan, þ.e. ef hópum er raðað eftir stærð í stigvaxandi röð, þá er hópurinn við 10. hundraðsmark sá hópur sem er með 10% skóla fyrir neðan sig hvað stærð varðar.

Jafnframt segir 90. hundraðsmark okkur hversu stór sá hópur er, sem er með 90% hópa fyrir neðan sig hvað stærð varðar. Aðeins 10% skóla eru þá stærri en hann. Þetta gefur fullri upplýsingar en meðaltalið eitt.

Út frá upplýsingum sem starfsfólk gaf um fjölda barna í þeim tiltekna barnahópi sem þau önnuðust og um fjölda starfsmanna sem önnuðust þennan hóp, var reiknað út hversu mörg börn væru á hvern starfsmann.

**Tafla 32:** Fjöldi barna á hvern starfsmann í tilteknum barnahópi.

	Meðaltal	Staðalfrávik
<b>Síle</b>	4,0	2,7
<b>Danmörk</b>	3,4	2,0
<b>Þýskaland</b>	4,3	3,0
<b>Ísland</b>	2,2	1,5
<b>Ísrael</b>	6,8	3,3
<b>Japan</b>	8,2	6,0
<b>Kórea</b>	3,2	3,8
<b>Noregur</b>	3,1	1,3
<b>Tyrkland</b>	4,9	4,0

Í töflunni má sjá fjölda barna á hvern starfsmann í tilteknum barnahópi. Á Íslandi eru fæst börn á hvern starfsmanna (2,2 börn). Fá börn á hvern starfsmann eru einnig í Noregi (3,1), Kóreu (3,2) og Danmörku (3,4). Flest börn á hvern starfsmann eru í Japan og Ísrael (8,2 og 6,8). E.t.v. er talan (2,2) lág vegna þess að taldir hafa verið með starfsmenn sem sinna yngri börnum á deildum (0-2).

### SAMSETNING HÓPANNA

Starfsmenn voru beðnir um að áætla hversu hátt hlutfall barna í þessum tiltekna barnahópi hefði verið með sérþarfir, komið frá efnahags- eða félagslega bágstöddum heimilum, eða verið börn á flóttu. Tekið var fram að í spurningunni væri spurt um persónulegt mat á bakgrunni barnsins og að svörin mætti byggja á grófu mati. Einnig var tekið fram að sama barn gæti átt heima í fleiri en einum flokki.

**Tafla 33:** Hlutfall (%) starfsmanna sem segir að tiltekið hlutfall barna sé í barnahópnum sem þeir annast (skv. lýsingu að ofan). Spurt er um fjölda barna með annað móturmál, með sérþarfir, sem koma frá efnahags- eða félagslega bágstöddum heimilum og börn á flóttu. Sýnt er hversu hátt hlutfall segir að í hópnum sé „ekkert“ barn, „1-10% barna“ og „meira en 11% barna“ með þessi tilteknu einkenni.

		Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Börn sem eiga annað móturmál en það sem talað er í leikskólanum.	Ekkert	75	24	19	22	52	78	80	24	68	<b>49</b>
	1-10%	18	46	38	48	33	18	15	41	19	<b>31</b>
	11% eða meira	6	29	42	30	18	3	3	35	12	<b>20</b>
Börn með sérþarfir.	Ekkert	27	17	50	24	48	33	56	32	62	<b>39</b>
	1-10%	44	56	38	53	42	50	30	55	33	<b>45</b>
	11% eða meira	29	28	13	22	9	17	13	12	5	<b>17</b>
Börn frá efnahags- eða félagslega illa stöddum heimilum.	Ekkert	25	53	39	55	58	81	73	56	41	<b>53</b>
	1-10%	26	33	40	38	28	16	19	37	33	<b>30</b>
	11% eða meira	48	13	21	7	14	3	7	7	26	<b>16</b>
Börn sem eru flóttamenn.	Ekkert	91	74	60	93	96	99	96	73	85	<b>85</b>
	1-10%	7	20	31	7	3	1	1	20	11	<b>11</b>
	11% eða meira	2	6	10	0	0	0	2	7	4	<b>4</b>

Á Norðurlöndum, í Japan og Síle er algengast að fjöldi barna með annað móðurmál sé á bilinu 1-10%. Í öðrum löndum er þetta hlutfall minna.

Á Norðurlöndum, í Japan og Síle er einnig algengast að fjöldi barna með sérþarfir sé á bilinu 1-10%. Í öðrum löndum er þetta hlutfall minna.

Í Síle er hlutfall barna frá efnahagslega eða félagslega illa stöddum heimilum hærra en annars staðar. Lægst er það í Japan og Kóreu.

Í Japan og Kóreu er nánast ekkert um flóttamenn. Hér á landi eru börn á flótta á bilinu 1-10% aðeins í um 7% barnahópa. Flest börn á flótta er að finna í Þýskalandi, en einnig nokkurn fjölda í Danmörku og Noregi.

## ALDUR BARNNA Í TILTEKNUM BARNAHÓPI

Þátttakendur voru beðnir um að tilgreina aldur barnanna sem voru í tiltekna barnahópnum sem þátttakendur voru beðnir um að lýsa.

**Tafla 34: A)** Aldur barnanna í tiltekna barnahópnum sem þátttakendur voru beðnir um að lýsa. Fjöldi barna á tilteknum aldri. **B)** Hversu dæmigerður var hópurinn miðað við þau börn sem þátttakandinn vinnur almennt með.


	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
<b>A) Fjöldi barna á tilteknum aldri</b>										
Börn yngri en eins árs	0,1	0,2	0,0	0,0	-	0,6	0,5	0,0	-	<b>0,2</b>
Eins árs gömul börn	0,1	0,8	0,3	0,1	-	1,4	2,6	0,4	-	<b>0,8</b>
Tveggja ára gömul börn	0,8	1,7	1,2	1,2	-	2,0	4,5	1,0	-	<b>1,8</b>
Þriggja ára gömul börn	3,6	5,3	3,9	3,5	6,4	7,3	9,1	4,0	1,2	<b>4,9</b>
Fjögra ára gömul börn	8,1	6,0	4,7	4,3	8,9	8,3	8,9	5,1	3,3	<b>6,4</b>
Fimm ára gömul börn	10,1	5,0	4,4	4,8	8,7	8,0	9,2	4,6	8,1	<b>7,0</b>
Sex ára gömul börn	3,1	1,5	3,4	2,5	5,4	3,8	0,3	1,4	5,2	<b>3,0</b>
<b>B) Hversu dæmigerður var hópurinn?</b>										
Mjög dæmigerður	58	57	31	48	75	70	39	53	60	<b>54</b>
Dæmigerður	39	39	62	43	23	15	54	45	35	<b>40</b>
Ekki dæmigerður	2	4	7	9	2	15	2	2	5	<b>6</b>

Aldursdreifingin í hópnum er svipuð Íslandi í Noregi, Þýskalandi og Danmörku. Í Tyrklandi og Síle eru fjöggra ára börn hlutfallslega fjölmennari. Í Japan og Kóreu er meiri aldursdreifing, börn allt niður undir eins árs.

Oftast voru hóparnir taldir mjög dæmigerðir, einkum í Japan og Ísrael.

## VINNA MEÐ TILTEKINN BARNAHÓP

Spurt var um störfin sem viðkomandi vinnur með þessum tiltekna barnhópi.



**Mynd 7:** Störf þátttakenda með tilteknum barnahópi. Tilgreint er hvort tiltekin verk eru unnin oft eða alltaf eða næstum alltaf.

Um margar fullyrðingar er eining milli landanna. Nánast allir hjálpa börnum að fylgja settum reglum eða róa börn sem eru í uppnámi. Um aðrar fullyrðingar eru skiptar skoðanir milli landa. Til dæmis er mun sjaldgæfara í Kóreu, að starfsmenn þurfi að biðja börnin að vera stillt og róleg í upphafi hópavinnu, eða þurfi að taka á truflandi hegðun. Einnig er athyglisvert að sjá að Síle, Kórea og Tyrkland eru mun oftari að setja börnum markmið fyrir daginn, útskýra hvernig ný viðfangsefni tengjast daglegu lífi barnanna eða laga verkefnin að þörfum barna með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Hér á landi þurfa starfsmenn að taka á truflandi hegðun aðeins oftari en meðaltal landanna segir til um.

## KAFLI 7: VINNUANDI OG STARFSÁNÆGJA

### LEIKSKÓLASTJÓRINN

Þátttakendur voru beðnir um að leiða hugann að leikskólastjóranum og taka afstöðu til ýmissa fullyrðinga honum viðkomandi.


**Tafla 35:** Hlutfall (%) starfsmanna sem er sammála eða mjög sammála ýmsum fullyrðingum um leikskólastjóran.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Leikskólastjórinn hefur skýra framtíðarsýn fyrir leikskólann.	91	92	88	90	99	89	88	92	91	<b>91</b>
Leikskólastjórinn hvetur til samvinnu milli starfsfólks við að þróa nýjar hugmyndir um starfið.	85	94	85	90	95	87	89	89	91	<b>90</b>
Leikskólastjórinn tryggir að starfsmönnum finnist þeir bera ábyrgð á að bæta eigin starfs hætti og færni.	88	90	86	90	97	91	90	86	94	<b>90</b>
Leikskólastjórinn tryggir að starfsfólki finnist það bera faglega ábyrgð á þroskaferli nemenda, velferð þeirra og menntun.	92	94	91	91	96	92	92	95	95	<b>92</b>
Leikskólastjórinn hvetur alla starfsmenn til þess að tjá sig um mikilvægar ákvarðanir.	76	86	81	85	95	73	82	77	90	<b>83</b>
Leikskólastjórinn er í góðu faglegu sambandi við starfsfólk skólans.	89	92	80	87	97	84	84	89	92	<b>88</b>
Leikskólastjórinn tryggir að vinnu starfsmanna sé stýrt á árangursríkan hátt.	87	86	82	86	98	78	84	90	90	<b>87</b>

Almennt telja starfsmenn leikskóla að leikskólastjórinn hafi skýra framtíðarsýn og að hann tryggi að starfsfólki finnist það bera faglega ábyrgð á þroskaferli nemenda. Það er meiri munur milli landa varðandi þá fullyrðingu að leikskólastjóri hvetji starfsmenn til þess að tjá sig um mikilvægar ákvarðanir. Í Síle, Japan og Noregi er lægri prósentu því sammála. Ísland er nánast jafnt meðaltali landanna á öllum spurningum.

## TENGL FORELDRA VIÐ LEIKSKÓLANN

Þátttakendur voru beðnir um að lýsa því hvernig tekist hefði að virkja foreldra eða forráðamenn í leikskólanum með því að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um samskipti og upplýsingagjöf.



**Mynd 8:** Hlutfall starfsmanna sem taldi að tilteknar fullyrðingar lýstu vel eða mjög vel því hvernig tekist hefði að virkja foreldra eða forráðmenn í leikskólanum.

Í flestum eða öllum þátttökulöndum virðast foreldrar vera í góðum tengslum við leikskólann. Munur milli landa kemur helst fram í því hversu mikið eða lítið foreldrar eru hvattir til þess að fara í leiki og kenna börnunum sitt hvað heima fyrir. Fremur lítið er gert af því í Noregi, á Íslandi og í Japan, enda ólíklegt að leikskólarnir myndu líta á það sem sitt hlutverk hér á landi.

## STARFSÁNÆGJA

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru ýmsum fullyrðingum sem lýsa viðhorfi til starfsins.

**Tafla 36:** Starfsánægja. Hlutfall (%) sem er sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum um starfið.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ég held að starfsfólk leikskóla sé mikils metið í þjóðfélaginu.	40	61	36	33	75	32	48	52	50	<b>47</b>
Ég er sátt(ur) við launin sem ég fæ fyrir vinnuna.	32	36	26	9	33	23	37	30	39	<b>29</b>
Burtséð frá laununum er ég ánægð(ur) með það sem starfssamningur minn kveður á um (t.d. réttindi, vinnutíma).	74	83	78	77	77	47	47	73	60	<b>68</b>
Ég nýt þess að vinna í þessum leikskóla.	96	98	96	97	98	84	82	97	90	<b>93</b>
Ég er ánægð(ur) með þann stuðning sem ég fæ frá foreldrum eða forráðamönnum í þessum leikskóla.	84	94	76	92	93	78	83	96	78	<b>87</b>
Ég þarf á meiri stuðningi að halda frá leikskólastjóranum.	51	25	32	25	30	41	72	32	45	<b>39</b>
Ef ég gæti valið aftur um starf myndi ég einnig velja leikskólastarf.	91	84	84	75	92	66	59	85	90	<b>80</b>
Ég myndi mæla með leikskólanum mínum sem góðum vinnustað.	90	93	88	94	96	65	73	93	87	<b>87</b>
Börnin kunna að meta mig og starf mitt við leikskólann.	99	100	100	100	100	76	95	100	98	<b>97</b>
Foreldrar og forráðamenn kunna að meta mig og starf mitt við leikskólann.	95	99	98	98	97	63	90	99	92	<b>92</b>
Í heildina er ég ánægð(ur) með starf mitt.	97	96	92	96	99	81	79	97	95	<b>92</b>

Starfsmenn leikskóla eru ósáttir við laun sín á Íslandi. Hins vegar telur um þriðjungur að starfsfólk leikskóla sé mikils metið í þjóðfélaginu.

Starfsmenn í íslenskum leikskólum eru ánægðir með vinnuna sjálfa (þeir segjast njóta þess að vinna í þessum leikskóla), telja að börnin og foreldrarnir kunni að meta sig og eru ánægðir með þann stuðning sem þeir fá frá leikskólastjóranum.

Það eru því helst launin sem eru neikvæð hlið á starfinu.

Starfsánægja í leikskólum hér á landi er víða mjög há og í samræmi við viðhorf leikskólustjóra.

Starfsánægja virðist minni í Japan og Kóreu en í öðrum löndum. Fleiri Kóreumenn telja sig einnig þurfa á frekari stuðningi leikskólustjóra að halda.

## STREITA

Starfsmenn voru spurðir að hve miklu leyti tiltekin atriði yllu þeim streitu í starfinu.

**Tafla 37:** Hlutfall (%) starfsmanna sem telur að tiltekin atriði valdi þeim streitu í starfinu frekar mikið eða að miklu leyti.


	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Skortur á undirbúningstíma til þess að skipuleggja verkefni barnanna	39	35	31	41	42	30	40	24	40	35
Of mikil vinna við skrásetningu á þroskaferli barnanna	39	56	71	18	36	35	57	29	47	44
Að þurfa að sinna of mikilli skrifinnsku (t.d. að fylla út eyðublöð)	37	51	50	15	31	47	67	30	46	51
Að taka á mig aukavinnu vegna fjarvista starfsfólks skólans	29	58	72	32	25	17	25	53	17	36
Að vera gerður ábyrg(ur) fyrir þroska barnanna, velferð þeirra og menntun	35	29	39	21	43	44	39	22	43	34
Að halda aga í barnahópnum	38	44	37	37	51	33	49	31	38	40
Að þurfa að bregðast við síbreytlegum kröfum frá ríki eða sveitarfélagi	26	40	43	29	44	26	48	30	30	35
Að taka á þeim áhyggjum sem foreldrar eða forráðamenn kunna að hafa	31	22	38	23	31	39	58	19	48	34
Að mæta þörfum barna með sérþarfir	29	53	30	31	32	37	31	34	29	34
Börnin eru of mörg í hópnum	37	52	61	61	53	23	51	63	33	49
Álag vegna ýmissa viðbótarkerfna (t.d. tiltektar)	20	33	52	35	32	25	53	38	23	35
Skortur á úrræðum og stuðningi (t.d. fjárhagslegum stuðningi, tækjum og gögnum, starfsfólki)	38	67	60	52	42	48	54	55	44	52

Streituvaldar hjá íslensku leikskólafólki eru í mörgum tilfellum minni en annarra þátttökulanda, t.d. virðist of mikil skrifinnska ekki valda mörgum streitu hér á landi. Ekki veldur það heldur mikilli streitu, í samanburði við önnur lönd, að vera gerður ábyrgur fyrir þroska barnanna og velferð þeirra, eða taka á þeim áhyggjum sem foreldrar kunna að hafa. Helstu streituvaldar hér á landi virðast tengjast því að börnin séu of mörg í hópnum og skorti á undirbúningstíma. Í Þýskalandi aftur á móti er mest streita vegna aukavinnu, sem starfsfólk þarf að taka á sig vegna fjarvista annars starfsfólks, vegna of mikillar skrifinnsku og þess að börnin séu of mörg í hópnum. Í Danmörku er það of mikil vinna við skrásetningu þroskaferils, aukavinna vegna fjarvista starfsfólks, skortur á úrræðum og stuðningi og að mæta þörfum barna með sérþarfir (þarna sker Danmörk sig verulega úr). Einnig eru fjöldi barna í hópnum of mikill og veldur það streitu. Í Noregi er það mikill fjöldi barna í hópnum, aukavinna vegna fjarvista starfsfólks og skortur á úrræðum og stuðningi sem valda mestri streitu.



## FRAMTÍÐARÁÆTLANIR

Starfsmenn voru spurðir af hvaða ástæðu þeir teldu líklegast að þeir hættu í núverandi hlutverki í leiksskólanum.



**Mynd 9:** Af hvaða ástæðu væri sennilegast að þú hættir í núverandi hlutverki í leiksskólanum?

Helstu mögulegar ástæður fyrir því að starfsmaður sjái fyrir sér að hætta í núverandi eru þær, hér á landi, að viðkomandi færi í annað starf, *ekki* í leikskólageiranum. Í engu öðru landi er þetta algengasta ástæðan fyrir mögulegu brotthvarfi úr starfi. Í öðru og þriðja sæti hér er svo sá möguleiki, að ætla að hefja nám á ný, eða heilsufarsástæður.

Í Japan myndu menn hætta til þess að sinna fjölskyldunni.

Fáir hér á landi virðast gera ráð fyrir því að hætta í núverandi starfi til þess að gerast leikskólastjóri.

### III. LEIKSKÓLASTJÓRAR

#### KAFLI 8: ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Spurt var nokkurra bakgrunnsspurninga í upphafi listans, m.a. um aldur, kyn, starfsaldur leikskólastjórans, starfsreynslu á ýmsum sviðum, menntunastig og innihald menntunar og vinnutíma.

#### KYN

Spurt var um kyn leikskólastjóra.

**Tafla 38:** Kyn leikskólastjóra í þáttökulöndum. Hlutfall (%) karla og kvenna.

	Konur	Karlar
<b>Síle</b>	76,8	23,2
<b>Danmörk</b>	89,5	10,5
<b>Þýskaland</b>	95,1	4,9
<b>Ísland</b>	97,2	2,8
<b>Ísrael</b>	98,8	1,2
<b>Japan</b>	64,2	35,8
<b>Kórea</b>	87,4	12,6
<b>Noregur</b>	93,4	6,7
<b>Tyrkland</b>	24,7	75,3
<b>Meðaltal</b>	<b>80,8</b>	<b>19,2</b>

Hlutfall kvenskólastjóra er mjög hátt hér á landi eða 97%, hærra en hlutfall kvenna meðal annarra starfsmanna sem er 93,5% (sjá töflu 2). Þetta hlutfall er um 99% í Ísrael. Þessu er öfugt farið í Tyrklandi en þar eru karlar 3/4 hlutar leikskólastjóra.

#### ALDUR

Spurt var um aldur leikskólastjóra.

**Tafla 39:** Aldur leikskólastjóra í þáttökulöndum.

	Yngri en þrítug(ur)	Milli þrítugs og fimmtugs	Fimmtugur eða eldri
<b>Síle</b>	3,5	46,6	49,9
<b>Danmörk</b>	0,0	28,1	71,9
<b>Þýskaland</b>	3,6	39,3	57,1
<b>Ísland</b>	0,0	37,0	63,0
<b>Ísrael</b>	6,7	70,4	22,8
<b>Japan</b>	2,9	16,0	81,1
<b>Kórea</b>	0,0	47,3	52,7
<b>Noregur</b>	1,0	52,4	46,6
<b>Tyrkland</b>	14,1	57,6	28,4
<b>Meðaltal</b>	<b>3,5</b>	<b>43,9</b>	<b>52,6</b>

Um 2/3 hlutar leikskólastjóra hér á landi eru fimmtugir eða eldri. Þetta hlutfall er einnig mjög hátt í Danmörku og Japan. Yngstu leikskólastjórarnir eru í Ísrael og Tyrklandi.

## MENNTUN

Leikskólastjórar voru beðnir um að tilgreina menntun sína með því að merkja við tiltekinn valkost. Svörin hafa verið flokkuð í 3 flokka af OECD. Nánari sundurgreining hér á landi verður kynnt síðar.

**Tafla 40:** Menntunarstig: Hlutfall (%) leikskólastjóra í þátttökulöndum sem lokið hefur tilteknu menntunarstigi.

	Lægra en ISCED 4	ISCED 4 eða 5	ISCED 6 eða hærra
<b>Síle</b>	0	5,8	94,2
<b>Danmörk</b>	1,5	1,4	97,1
<b>Þýskaland</b>	19,7	1,2	79,1
<b>Ísland</b>	12,6	10,3	77,2
<b>Ísrael</b>	1,2	3,6	95,2
<b>Japan</b>	6,9	48,7	44,4
<b>Kórea</b>	1,5	11,8	86,6
<b>Noregur</b>	0	1	99,0
<b>Tyrkland</b>	0,5	7,0	92,5

Lægra en ISCED 4 = t.d. próf úr Fósturskóla Íslands, eldri kennarapróf og próf úr Proskapjálfskóla Íslands, stúdentspróf, sveinspróf, gagnfræðapróf o.fl.  
ISCED 4 eða 5 = t.d. próf úr framhaldsdeild Fósturskóla Íslands, iðnmeistarapróf, diplóma í leikskólafræðum o.fl.  
ISCED 6 eða hærra = t.d. bakkalár-, meistara- og doktorsgráða

Í Danmörku og Noregi er fátítt að menntun sé ekki á ISCED 6 stigi eða hærri. Á Íslandi eru um 77% með menntun á ISCED 6 stigi eða hærra og um 13% lægra en ISCED 4 stigi. Þessi munur fer sennilega mest eftir því hvar nám leikskólakennara er skilgreint hverju sinni, þ.e. á hvaða ISCED stigi það er flokkað. Fósturskóli Íslands sem útskrifaði leikskólakennara var á framhaldsskólastigi. Síðar fór leikskólakennaranámið upp á háskólastig.

Í Japan er um helmingur á 4 til 5 stigi.

Spurt var hvort vikið hefði verið að tilteknum þáttum í menntun leikskólastjórans. Útskýrt var í spurningalistanum að með „uppeldisfræðilegri forystu“ væri átt við það hlutverk leikskólastjóra sem lýtur að umsjón með uppeldisfræðilegri starfsemi í leikskólanum. Þar með væru taldar aðgerðir sem leikskólastjóri gripi til eða fæli öðrum til þess að auðvelda eða efla áætlanagerð, undirbúning og framkvæmd vinnu á sviði uppeldismála í skólanum.

**Tafla 41:** Menntun í stjórnun og forystu: Hlutfall (%) leikskólastjóra í þátttökulöndum sem segir að vikið hafi verið að menntun/þjálfun eða námskeiðum með ung börn, stjórnun eða uppeldisfræðilegri forystu í menntun leikskólastjórans.

	Menntun/þjálfun eða námskeið með áherslu á ung börn	Stjórnun	Uppeldisfræðileg forysta
<b>Síle</b>	55,9	73,8	83,9
<b>Danmörk</b>	85,4	34,3	70,8
<b>Þýskaland</b>	74,6	30,6	34,6
<b>Ísland</b>	89,5	74,5	83,0
<b>Ísrael</b>	-	37,5	74,7
<b>Japan</b>	83,8	74,8	82,5
<b>Kórea</b>	89,1	93,0	87,4
<b>Noregur</b>	92,9	68,0	96,5
<b>Tyrkland</b>	54,9	86,1	74,0

Hér á landi hafa a.m.k. 3/4 hlutar og allt upp í 90% fengið menntun/þjálfun eða námskeið í þremur lykilþáttum í starfi leikskólastjórans. Í Kóreu hafa um 90% fengið þjálfun á öllum þremur sviðunum. Í Þýskalandi hefur aðeins um þriðjungur fengið menntun/þjálfun eða námskeið um stjórnun eða í uppeldisfræðilegri forystu.

Menntun/þjálfun eða námskeið með áherslu á ung börn er ekki jafnstór þáttur í námi leikskólastjóra í Síle og Tyrklandi og víðast hvar annars staðar. Hins vegar er menntun í uppeldisfræðilegri forystu mikilvægari þáttur í menntun leikskólastjóra í þessum tveimur löndum, ásamt stjórnun. Leiðin í leikskólastjórastöður virðist því ekki endilega gera ráð fyrir að undanfari stjórnunarstöðunnar sé mikið nám með áherslu á ung börn. Í Þýskalandi hins vegar er menntun með áherslu á ung börn mun algengari en menntun í stjórnun eða uppeldisfræðilegri forystu.

Stjórnunarþátturinn virðist vera hvað minnst á dagskrá í Þýskalandi, Danmörku og Ísrael. Í Danmörku og Ísrael hafa leikskólastjórar þó flestir fengið þjálfun í uppeldisfræðilegri forystu.

Spurt var hversu lengi leikskólastjórinn hefði verið á vinnumarkaði (í árum talið) óháð því hvort hún/hann hefði unnið í fullu starfi eða hlutastafi. Löng tímabundin leyfi voru ekki talin með (t.d. fæðingarorlof).

**Tafla 42:** Árafjöldi leikskólastjórans á vinnumarkaði við ýmis störf.

	Árafjöldi í starfi sem leikskólastjóri í þessum leikskóla	Samanlagður árafjöldi í starfi sem leikskólastjóri	Árafjöldi í öðrum störfum við leikskóla	Árafjöldi við önnur störf tengd uppeldi og menntun eða í öðru hlutverki í vinnu með börnum*	Fjöldi ára í öðrum störfum, ekki á sviði uppeldis og menntunar og sem fólu ekki í sér að annast börn.
<b>Síle</b>	8,1	10,7	12,1	9,1	1,5
<b>Danmörk</b>	6,8	11,9	11,5	3,1	2,9
<b>Þýskaland</b>	12,0	13,2	10,4	2,3	1,5
<b>Ísland</b>	9,3	12,2	12,0	3,9	5,1
<b>Ísrael</b>	8,6	12,7	-	5,0	2,6
<b>Japan</b>	8,8	10,3	14,9	4,4	3,1
<b>Kórea</b>	7,3	11,3	6,8	5,2	1,6
<b>Noregur</b>	9,1	13,6	8,7	2,0	2,6
<b>Tyrkland</b>	3,5	5,2	6,3	6,9	0,7

\*Hér er átt við störf við barnagæslu, einkakennslu, kennslu í grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla.

Árafjöldi í starfi sem leikskólastjóri er mjög svipaður í flestum þáttökulöndum eða um 10-14 ár. Aðeins í Tyrklandi er hann mun styttri, eða um 5 ár.

## VINNUTÍMI

Spurt var hversu margar klukkustundir á viku leikskólastjórinn ynni venjulega í leikskólanum.

**Tafla 43:** Vinnutími: Fjöldi klukkustunda á viku sem leikskólastjóri vinnur venjulega í leikskólanum.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Fjöldi klukkustunda á viku	41,8	36,7	36,7	36,1	27,8	39,7	36,9	36,0	35,1	<b>36,3</b>

Vinnutími leikskólastjóra er mjög svipaður í þáttökulöndunum og á Íslandi er hann mjög nærri meðaltali allra þáttökulöndanna. Athugið að hér eru allir meðtaldir, óháð starfshlutfalli. Í Síle er vinnutíminn lengstur, tæpir 42 tímar á viku en langstýstur í Ísrael eða um 28 tímar, um ¾ hlutar af meðaltali landanna.

## KAFLI 9: STARFSÞRÓUN

Spurt var ýmissa spurninga um starfsþróun leikskólastjóra, m.a. um þátttöku í tilteknum starfsþróunarverkefnum, þörf fyrir starfsþróun og mögulegar hindranir sem gætu komið í veg fyrir að leikskólastjóri fengi nauðsynlega starfsþróun.

### ÞÁTTTAKA Í STARFSÞRÓUNARVERKEFNUM

Spurt var hvort leikskólastjórinn hefði tekið þátt í starfsþróunarverkefnum á síðustu 12 mánuðum sem beint væri sérstaklega til hennar/hans **sem leikskólastjóra**. Starfsþróun var skilgreind sem þau viðfangsefni sem miðuðu að því að auka hæfni, þekkingu og sérfræðiþekkingu leikskólastjóra (sem fagmanns almennt). Um væri að ræða formleg verkefni sem gætu falið í sér námskeið eða vinnuhópa en einnig skipulagt formlegt samstarf leikskólastjóra og þátttöku í samvinnuhópum leikskólastjóra.

**Tafla 44:** Starfsþróun leikskólastjóra. Hlutfall leikskólastjóra (%) sem tekið hefur þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Námskeiðum eða málstofum þar sem þátttakendur mæta á fundarstað	78	79	43	84	92	55	86	99	88	<b>78</b>
Námskeiðum eða málstofum á netinu	36	6	7	23	35	7	81	27	37	<b>29</b>
Ráðstefnum þar sem starfsfólk leikskóla og/eða leikskólastjórar og/eða rannsakendur kynna rannsóknir sínar eða ræða menntamál	50	88	73	78	60	71	49	85	68	<b>69</b>
Námi sem veitir réttindi eða prófgráðu	32	30	9	13	25	11	41	27	43	<b>26</b>
Vettvangsferðum í aðra leikskóla	46	36	54	82	54	74	79	30	64	<b>58</b>
Jafningjaþjálfun og/eða sjálfskoðun með formlegu fyrirkomulagi	48	60	36	51	57	42	76	45	34	<b>50</b>
Tengslaneti sérfræðinga sem vinna með börn	68	92	64	65	64	52	55	93	33	<b>65</b>
Leiðsögn eða nýliðaþjálfun	33	39	33	49	73	50	77	27	39	<b>47</b>
Önnur starfsþróunar-verkefni	27	28	47	49	18	50	55	36	55	<b>41</b>

Sú starfsþróun sem var mest stunduð hér á landi fólst mest í námskeiðum, málstofum eða ráðstefnum og einnig vettvangsferðum í aðra skóla. Vettvangsferðirnar stundar engin þátttökupjóð meira en við og hafa tæplega þrefalt fleiri leikskólastjórar hér á landi sótt slíka starfsþjálfun en Noregur og Danmörk, þar sem aðeins um þriðjungur hefur farið í vettvangsferðir í aðra skóla á síðastliðnum 12 mánuðum. Japan og Kórea koma næst okkur í tíðni heimsókna í aðra skóla en í þeim löndum hafa upp undir 80% fengið slíka starfsþjálfun.

Fátítt er hér á landi að leikskólastjórar hafi stundað nám á síðastliðnum 12 mánuðum sem veitir réttindi eða prófgráðu, um 13 prósent. Það er tvöfalt algengara í Noregi og í Danmörku.

Í þátttökulöndunum almennt eru ráðstefnur og þátttaka í tengslaneti sérfræðinga sem vinna með börn algengustu form starfsþróunar.

## ÞÖRF FYRIR STARFSÞRÓUN

Leikskólastjórar voru beðnir um að tilgreina að hve miklu leyti þeir teldu sig hafa þörf á starfsþróun núna á tilteknum sviðum.

**Tafla 45:** Þörf fyrir starfsþróun: Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur sig hafa nokkra eða mikla þörf fyrir starfsþróun núna á tilteknum sviðum.


	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Þekkingu og skilning á nýjungum í rannsóknnum og kenningum á sviði stjórnunar	69	39	59	66	48	90	86	76	50	<b>65</b>
Þekkingu og skilning á núverandi menntastefnu ríkis og sveitarfélaga varðandi leikskólastigið	77	42	64	49	53	93	85	70	51	<b>65</b>
Notkun gagna til þess að auka gæði leikskólans (t.d. endurgjöf frá starfsfólki leikskólans eða foreldrum/forráðamönnum)	68	40	62	64	49	97	81	62	44	<b>63</b>
Mótun markmiða leikskólans um þroska, velferð og menntun barnanna	60	23	70	47	45	92	79	61	43	<b>58</b>
Samvinnu við foreldra eða forráðamenn	59	20	51	32	37	95	83	38	30	<b>50</b>
Samvinnu við skóla á grunnskólastigi	55	21	41	35	23	92	70	42	30	<b>45</b>
Að fylgjast með starfsháttum starfsfólks leikskólans og samskiptum starfsfólks og barnanna	62	30	63	61	41	96	82	63	32	<b>59</b>
Að veita endurgjöf sem skilar árangri	65	45	59	77	42	93	84	54	33	<b>62</b>
Að efla jöfnuð og fjölbreytileika	65	10	57	68	39	84	89	57	27	<b>55</b>
Mannauðsstjórnun	58	24	70	70	37	87	90	60	33	<b>59</b>
Fjármálastjórnun	60	17	41	62	30	77	86	48	36	<b>51</b>

Leikskólastjórar hér landi telja sig hafa hvað mesta þörf fyrir þjálfun í því að veita endurgjöf sem skilar árangri og á sviði mannauðsstjórnunar almennt. Aðeins um þriðjungur telur sig þurfa starfsþróun um samvinnu við foreldra eða forráðamenn eða við grunnskóla. Þetta hlutfall er einnig lágt í Noregi og Danmörku. Um 2/3 vilja gjarnan fá starfsþróun um nýtingu gagna og nýjstu rannsóknir á sviði stjórnunar.

Það er athyglisvert að leikskólastjórar í Japan eða Kóreu telja sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á nánast öllum sviðum á meðan í Tyrklandi, Danmörku og Ísrael fer þörfin varla yfir 50% í nokkru viðfangsefni. Líkast má skýra þetta að einhverju leyti með ólíkum svarstíl milli þjóða.

## HVAÐ GETUR HINDRAÐ STARFSÞRÓUN?

Leikskólastjórar voru beðnir um að tilgreina hversu sammála eða ósammála þeir væru því að tiltekin atriði gætu orðið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar.



**Mynd 10:** Hvað tálmar starfsþróun? Hlutfall (%) leikskólastjóra sem er sammála eða mjög sammála því að tiltekin atriði gætu orðið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar.

Það sem flestir hér töldu að gæti hindrað starfsþróun þeirra var að hún gæti rekist á við vinnutíma þeirra og að erfitt yrði að fá starfsfólk til þess að leysa sig af. Innan við helmingur nefndi þó þessi atriði. Þessi atriði voru einnig algengust að meðaltali í þátttökulöndunum.

Fá önnur atriði voru talin afgerandi tálmanir hér á landi, að mati leikskólastjóra og mjög fáir töldu að þeir stæðust ekki forkröfur sem gerðar væru til þess að taka þátt í starfsþróun.

Aðeins um 20-30% telja að of mikill kostnaður, tímaskortur vegna fjölskylduanna, skortur á hvata eða að viðeigandi þjálfun sé í boði hindri að viðkomandi geti sótt sér starfsþjálfun.

## KAFLI 10: ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM LEIKSKÓLANN

Spurt var nokkurra bakgrunnspurninga um leikskólann sjálfan, þ.e. umhverfi hans, rekstraraðila, fjármögnun og stjórnun, starfsmannaveltu, fjölda barna í skólanum, fjölda barna með sérþarfir, annað móðurmál, með erfiðan félagslegan bakgrunn o.fl.

### UMHVERFI LEIKSKÓLANS

Leikskólastjórar voru beðnir um að svara nokkrum spurningum um nágrenni leikskólans.

**Tafla 46:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem er sammála eða mjög sammála því að tiltekin atriði eigi við um umhverfi leikskólans.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Þetta er gott umhverfi til þess að ala upp börn.	73,7	94,8	89,3	96	89,6	94,6	82,3	97,2	76,6	<b>88,2</b>
Það er rusl á víð og dreif.	38,6	12,6	17,6	15,3	23,6	1	27,1	5,9	19,6	<b>17,9</b>
Skemmdarverk eru unnin á eignum.	33,6	15,7	19,7	24,6	21,6	3,2	8,3	9,7	14,7	<b>16,8</b>
Fólk verður fyrir árásum eða svívirðingum vegna kynþáttar eða menningarlegs uppruna.	18	2,1	9,5	1,1	8,2	2,4	10,1	8,7	11,1	<b>7,9</b>
Það eru opin örugg svæði þar sem börnin geta leikið sér.	59,5	90,4	88	89,6	80,3	84,8	77,4	92,9	75	<b>82,0</b>
Þar eru glæpir tengdir eiturlyfjum.	38,7	14,3	19,1	7,2	12,8	2,1	0,8	14,4	14,6	<b>13,8</b>

Norðurlöndin og Japan eru hæst varðandi það að umhverfi leikskólans sé gott til þess að ala upp börn. Þar eru einnig opin örugg svæði þar sem börnin geta leikið sér. Mest er kvartað undan rusli í Síle, Kóreu og Ísrael, en alls ekki í Japan.

Í Asíulöndunum (Japan og Kóreu) er mjög lítið um skemmdarverk. Mest í Síle, en þarnaest á Íslandi!

Japan og Kórea eru líka laus við glæpi tengda eiturlyfjum.

Hvergi er þó meira öryggi gagnvart árásum vegna kynþáttar eða menningarlegs uppruna en á Íslandi. Danmörk og Japan eru einnig mjög örugg að þessu leyti.

Ísland: Hér eru opin svæði og öryggi til þess að ala upp börn með besta móti. Skemmdarverk í nágrenni skólans og að nokkru leyti rusl á víð og dreif eru neikvæðir þættir í umhverfinu. Glæpir tengdir eiturlyfjum eru hér í nágrenni um 7% skóla, að mati leikskólastjóra. Það er hvergi minna nema í Japan og Kóreu þar sem það er mjög lágt og aðeins um helmingur af því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum en engu að síður ástæða til þess að gefa þessari tölu gaum.



## FJÁRMÖGNUN LEIKSKÓLANS

Fjármögnun leikskólanna getur verið með ýmsum hætti í þáttökulöndunum. Spurt var um þátttöku ríkis/sveitarfélaga, foreldra/forráðamanna, frjálsra félagasamtaka eða velunnara (t.d. góðgerðarsamtaka).

**Tafla 47:** Fjármögnun: Þátttaka ýmissa aðila í fjármögnun skólans, þ. á m. ríkis/sveitarfélaga, foreldra/forráðamanna, félagasamtaka og velunnara. Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir um hvern þessara aðila að hann taki þátt í fjármögnun leikskólans.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ríki og/eða sveitarfélag (einkum sveitarfélagið hér á landi)	88,3	96,0	97,9	97,8	95,0	97,3	96,9	100	70,3	<b>93,3</b>
Foreldrar eða forráðamenn greiða leikskólanum beint skólagjöld eða kostnað	19,1	38,9	78,5	26,8	85,3	64,9	74,2	95,2	71,1	<b>61,5</b>
Frjáls félagasamtök (þ. á m. trúarsamtök og vinnuveitendur)	6,8	0	38,7	1,9	3,2	30,3	4,9	1,4	7,7	<b>10,6</b>
Framlög frá velunnurum, áheit, styrkir, fjáröflun foreldra eða forráðamanna (einnig niðurgreiðslur fyrir tilstuðlan aðila sem veita leikskólafræðslu án fjárhagslegs ábata)	16,5	16,5	63,5	8,8	12,4	8,6	1,9	1,4	41,8	<b>19,0</b>

Ath. í spurningunni að ofan var auk já/nei svarmöguleikans boðið upp á að segja „veit ekki“. Það hlutfall var ávallt lágt en vegna þess ber að líta á já-in að ofan sem vanmat því „já“, „nei“ og „veit ekki“ gefa samtals 100%.

Hér á landi eru ríki/sveitarfélag nefnd af öllum. Í um fjórðungi leikskóla greiða foreldrar eða forráðamenn einnig beint skólagjöld eða kostnað. Þetta er áhugaverð tala því gjaldfrjáls leikskóli hér á landi er frekar óalgengur. Í Noregi er hlutdeild foreldra og forráðamanna einnig mjög há. Hafa ber í huga, að ekki var spurt hversu hátt framlag foreldra eða annarra aðila væri, aðeins hvort það væri eitthvert.

Þýskaland sker sig úr varðandi hlutdeild velunnara, áheit og styrki, fjáröflun foreldra o.s.frv. Um 2/3 hlutar leikskóla þar í landi fá styrki frá slíkum aðilum en í öðrum löndum er þátttakan mjög lág. Þýskaland var einnig hærra en önnur lönd hvað varðar framlag frá frjálsrum félagasamtökum (sem einnig var sjaldgæf í öðrum löndum).

## STJÓRNUN LEIKSKÓLANS

Spurt var hvort leikskólanum væri stjórnað af opinberum aðilum eða af einkaaðila. Þátttakendur voru beðnir um að svara með til-  
liti til þess hver bæri ábyrgð á stjórnun leikskólans frá degi til dags, óháð því hver greiddi fyrir reksturinn eða hvernig eignarhaldi  
væri háttað.

**Tafla 48:** Stjórnun leikskólans (óháð eignarhaldi). Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að skólanum sé stjórnað af opinberum  
aðila eða einkaaðila.

	Síle	Danmörk	Þýska- land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Stjórnað af opin- berum aðila <i>Þessum leikskóla er stjórnað af opinberu stjórnvaldi á sviði menntamála, stofnun á vegum ríkisstjórnar eða sveitarfélagi.</i>	58,0	80,1	29,2	85,6	91,0	37,2	33,0	50,1	88,7	<b>61,5</b>
Stjórnað af einkaaðila <i>Þessum leikskóla er stjórnað af frjálsum félagasamtökum, t.d. kirkju, stéttarfélagi, fyrirtæki eða annarri einkastofnun eða aðila.</i>	42	19,9	70,8	14,4	9	62,8	67	49,9	11,3	<b>38,5</b>

Um 86% leikskóla er stjórnað af opinberum aðilum hér á landi, svipað Danmörku, Ísrael og Tyrklandi. Einkaaðilar eru einkum fyr-  
irferðarmiklir í Þýskalandi og Japan. Spurt var hvort skólinn væri rekinn í ábataskyni eða ekki. Um ábataskynið var tekið fram að  
þá væri átt við að markmið leikskólans væri að afla tekna umfram kostnað (ágóða). Ef leikskólinn væri ekki rekinn í ábataskyni  
væri átt við að markmið hans væri ekki að skapa ágóða, heldur færi allur ágóði aftur í rekstur leikskólans.

**Tafla 49:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að leikskólinn sé rekinn í ábataskyni (eða ekki í ábataskyni).

	Þýskaland	Ísland	Japan	Kórea	Noregur
Í ábataskyni ( <b>markmið</b> leikskól- ans er að afla tekna umfram kostnað (ágóða))	1,7	5,0	4,8	16,2	6,5
Ekki í ábataskyni (allur ágóði fer aftur í rekstur leikskólans)	98,3	95,0	95,2	83,8	93,5

Gögn um þetta efni eru aðeins tiltæk frá Þýskalandi, Íslandi, Noregi, Japan og Kóreu. Staðan er mjög svipuð hjá þeim öllum, helst  
að Kórea sé með rekstur í ábataskyni (um 16%), aðrir minna.

## FJÖLDI STARFSMANNA

Leikskólastjórar voru beðnir um að tilgreina fjölda starfsmanna við ólík störf í leikskólanum.

Gefin voru þau fyrirmæli varðandi útfyllingu að hver starfsmaður leikskólans gæti tilheyrt mörgum flokkum. Í slíkum tilfellum var samt beðið um að hver starfsmaður yrði aðeins talinn einu sinni og þá í þeim flokki sem best lýsti því starfi sem hann sinnti oftast.

Einnig átti leikskólastjórinn að telja sjálfan sig með. Spurt var um allt starfsfólk sem vann í skólanum að staðaldri, bæði í fullu starfi og hlutastafi, hvort sem ráðningarsamningur þeirra væri beint við leikskólann eða ekki. Allir skyldu taldir með, óháð aldri barnanna sem þeir önnuðust.

**Tafla 50:** Fjöldi starfsmanna við ólík störf í leikskólum að meðaltali. Flokkunin miðast við hlutverk starfsmannsins, ekki menntun eða starfsréttindi.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland
Leikskólastjórar	3,0	1,5	1,1	1,0		1,0	1,0	1,2	1,6
Starfsmenn með meginábyrgð á tilteknum hópi, t.d. deildarstjórar	3,2	8,2	4,5	14,0	2,0	13,9	7,1	5,8	5,3
Starfsmenn sem aðstoða ofangreinda en bera ekki meginábyrgð	5,3	5,6	4,5	5,5	2,8	3,5	1,3	8,3	0,2
Starfsfólk við sérkennslu og stuðning	2,3	1,1	0,8	2,3	0,7	-	0,1	0,9	0,1
Starfsfólk í sérstökum verkefnum	2,1	0,1	0,5	0,7	-	-	1,6	0,2	1,0
Annað starfsfólk	1,0	0,5	0,6	3,2	0,3	-	0,8	1,0	0,4

Fjöldinn fer eftir stærð skóla. Athugið að tölur fyrir Japan eru ekki allar fyrirliggjandi.

Einnig var reiknaður fjöldi starfsmanna (á hver 10 börn) eftir stærð skóla.

**Tafla 51:** Fjöldi starfsmanna (á hver 10 börn) eftir stærð leikskólans.

	Meðalfjöldi starfsmanna á hver 10 börn	Meðalfjöldi starfsmanna í minnstu skólunum (minnsta fjórðungnum)	Meðalfjöldi starfsmanna í stærstu skólunum (stærsta fjórðungnum)	Munurinn á meðalstarfsmannafjölda í stærstu og minnstu skólunum.
<b>Síle</b>	4,74	8,16	2,37	<b>-5,80</b>
<b>Þýskaland</b>	2,12	2,49	1,80	<b>-0,69</b>
<b>Ísland</b>	3,47	4,07	3,06	<b>-1,01</b>
<b>Ísrael</b>	2,25	3,35	1,63	<b>-1,72</b>
<b>Japan</b>	1,88	2,31	1,41	<b>-0,90</b>
<b>Kórea</b>	3,92	8,39	1,67	<b>-6,72</b>
<b>Noregur</b>	4,42	5,55	3,38	<b>-2,17</b>

Ísland er um miðjan hóp hvað varðar meðalfjölda starfsmanna á hverja 10 nemendur. Hér eru það um 3,5 starfsmenn. Fleiri starfsmenn eru í Noregi, Síle og Kóreu. Athugið að hér er átt við allt starfsfólk, óháð menntun.

Á Íslandi er lítill munur á því hvernig skólarnir eru mannaðir. „Hagræðið“ við stærri skóla leiðir aðeins til þess að fjöldi starfsmanna á hver 10 börn lækkar í um 3 úr um 4 starfsmönnum. Í Kóreu og Síle er miklu meiri munur í mönnum stærri og minni skóla. Í Kóreu eru 8 starfsmenn á hver 10 börn í smærri skólunum en innan við tveir starfsmenn á hver 10 börn í stærstu skólunum. Reyndar eru smærri skólarnir í Síle og Kóreu mjög vel mannaðir. Þar eru um 8 starfsmenn á hver 10 börn.

Það vekur athygli að í Noregi eru fleiri starfsmenn á hver 10 börn, bæði í smærri og stærri skólunum, miðað við hér á landi.

Í Japan og Þýskalandi eru fáir starfsmenn á hver 10 börn, bæði í stóru og smáu skólunum.

## STARFSTÍMI

Lengd starfstíma. Nýráðnir, nýhættir og fjöldi starfsmanna í löngu starfsleyfi.

Hversu lengi hafa starfsmenn unnið við leikskólann? Leikskólastjórar voru beðnir um að tilgreina fjölda starfsmanna (ekki aðeins stöðugildin) sem hefði hafið störf á síðustu 12 mánuðum, látið af störfum á þeim tíma og fjölda starfsfólks sem var tímabundið ekki við vinnu á síðustu 12 mánuðum (t.d. í langtímaleyfi, rannsóknarleyfi eða í leyfi af fjölskylduástæðum).

**Tafla 52:** Fjöldi nýráðinna, nýhættra og starfsmanna í löngu starfsleyfi frá leikskólanum, að mati leikskólastjóra.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland
Starfsfólk leikskólans sem hóf störf við leikskólann á síðustu 12 mánuðum.	6,3	2,6	2,6	7,9	4,6	3,4	4,5	2,3	1,9
Fjöldi starfsfólks leikskólans sem lét af störfum á síðustu 12 mánuðum.	1,5	1,6	1,2	4,9	0,6	2,4	2,3	1,2	0,7
Starfsfólk leikskólans sem var tímabundið ekki við vinnu á síðustu 12 mánuðum (t.d. starfsfólk í langtímaleyfi, rannsóknarleyfi eða í leyfi af fjölskylduástæðum).	1,2	0,7	0,8	1,9	0,5	1,1	0,3	1,4	0,4

**Hlutfall** starfsfólks sem lét af störfum á síðastliðnu ári hér á landi, í leikskólum, er um 18%, sem er um fimmtungur starfsmanna. Í Japan og Kóreu er þetta hlutfall einnig hátt, en um og undir 10% í Tyrklandi, Síle, Noregi og Þýskalandi. Mikil starfsmannavelta virðist vera á Íslandi.

## FJÖLDI BARNA

Leikskólastjórar tilgreindu fjölda skráðra barna við leikskólann. Beðið var um að áætla fjöldann ef nákvæmar tölur væru ekki tiltækar.

**Tafla 53:** Fjöldi barna á leikskólastigi sem skráð eru í leikskólann nú.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland
Fjöldi barna á leikskólastigi	59	74,5	67,4	81,2	30,1	116,3	53	46,8	72,1

Meðalfjöldi barna í hverjum leikskóla er næstmestur hér á landi eða um 81 barn. Aðeins í Japan eru fleiri börn í hverjum skóla. Það er áberandi hve meðalfjöldi barna í leikskólum í Ísrael er lítill, eða 30 talsins.

## SAMSETNING BARNAHÓPSINS

Leikskólastjórar voru beðnir um að áætla hlutfall barna með sérþarfir, flóttamanna og barna sem byggju við efnahagslega eða félagslega bág skilyrði. Gefnar voru eftirfarandi skilgreiningar.

„Börn með sérþarfir“ eru börn sem hafa hlotið **formlega greiningu** á þörf sinni fyrir sérkennslu vegna þess að þau eru andlega, líkamlega eða tilfinningalega illa stödd. [Það er oft vegna þessara barna sem viðbótarúrræði hafa fengist frá hinu opinbera eða einkaaðilum (starfsfólk, gögn eða fjármunir) til að styðja við menntun þeirra.]

„Börn frá efnahagslega eða félagslega illa stöddum heimilum“ vísar til heimila sem skortir helstu nauðsynjar eða grunnaðstöðu, svo sem viðunandi húsnæði, mat eða læknisþjónustu.

„Barn sem er á flótta“ vísar til barns sem hefur flúið til annars lands til að leita hælís vegna stríðsátaka, pólitískrar kúgunar, ofsókna eða náttúruhamfara, eða barns sem fæddist á meðan foreldrarnir voru að ferðast til áfangastaðarins, eða fæddist stuttu eftir komu foreldranna.

Sama barnið getur átt heima í fleiri en einum flokki.

Leikskólastjórum var einnig bent á að ásætlanlegt væri að byggja svörin á grófu mati, ef nákvæmar tölur væru ekki tiltækar.

**Tafla 54:** Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að 11% eða hærra hlutfall barna í skólanum sé með annað móðurmál, sérþarfir, frá bágstöddum heimilum eða flóttamenn.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland
Börn sem eiga annað móðurmál en það sem talað er í leikskólanum	6	43	47	46	16	2	2	40	19
Börn með sérþarfir	34	29	9	24	10	14	2	8	3
Börn frá efnahags- eða félagslega illa stöddum heimilum	65	27	27	7	14	4	11	7	30
Börn sem eru flóttamenn	0	7	10	0	1	2	2	6	1
Börn undir þriggja ára aldri	36	57	70	87	7	66	56	92	-
Þriggja ára born og eldri	86	94	98	94	92	89	71	96	84

Í tæpum helmingi leikskóla hér á landi eru yfir 11% barna með annað móðurmál en það sem talað er í leikskólanum. Staðan er svipuð í Noregi, Danmörku og Þýskalandi..

Í um fjórðungi skóla hér á landi eru yfir 11% barna með sérþarfir. Hlutfallið er hærra í Síle, en minna í öðrum löndum.

Sjaldgæft er að yfir 11% barna í leikskóla hér á landi séu frá bágstöddum heimilum, efnahagslega eða félagslega. Þetta er mun algengara í t.d. Síle, Tyrklandi og Þýskalandi. Þess bera að geta að það var skólastjórum í sjálfsveld sett hvernig þeir túlkuðu „efnahags- eða félagslega illa stödd heimili“ og kunna hugmyndir þeirra um það að vera breytilegar innan lands og ekki síður milli landa.

## KAFLI 11: FORYSTA LEIKSKÓLASTJÓRANS Á SVIÐI STJÓRNSÝSLU OG UPPELDISMÁLA

Nokkrar spurningar lutu að stjórnun leikskólans og fjölluðu bæði um rekstrarlegar og uppeldisfræðilegar hliðar á starfi stjórnandans.

Spurt var um hver bæri ábyrgð (eða hverjir) á tilteknum verkefnum, t.d. ráðningu starfsfólks, ákvörðun um laun, úthlutun fjármagns innan skólans, gerð áætlana um þroska barnanna, velferð og menntun, ákvarðanir um inntöku barna o.fl.

Hér að neðan eru fjórar töflur sem lýsa hlutfalli leikskólastjóra sem telur að tilteknir aðilar taki virkan þátt í ákvörðunum ákvörðunum um ýmis efni, sem nefnd eru.

Athugið að rétt er að skoða töflur 55A, 55B og 55C í samhengi, því mögulegt er að fleiri en einn aðili komi að ákvörðun um þessi tiltekn atriði.

### ÞÁTTTAKA Í ÁKVÖRÐUNUM

Spurt er um þátttöku eftirfarandi aðila í ákvörðunum: Leikskólastjóra og/eða annarra starfsmanna, skólanefndar eða fræðslunefndar sveitarfélagsins, ríkis eða sveitarfélags.

**Tafla 55A:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segist **sjálfur og/eða aðrir starfsmenn leikskólans** taki virkan þátt í ákvörðunum um tiltekin atriði á sviði stjórnsýslu og uppeldismála.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ráðningu starfsmanna leikskólans	53	92	76	100	10	45	77	85	11	61
Uppsögn eða brottrekstri starfsmanna leikskólans úr starfi	34	78	43	98	5	40	64	73	9	49
Ákvörðun um laun starfsmanna leikskólans	18	38	5	9	2	30	44	20	5	19
Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan leikskólans	24	79	81	32	66	43	61	55	27	52
Að setja á laggirnar og fylgjast með áætlunum um þroska barna, velferð og menntun	77	95	90	91	94	94	88	94	77	89
Samþykkt fyrir inntöku barna í leikskólann	49	44	95	70	9	39	74	65	81	59
Velja hvaða efniviður og leikföng eru notuð	72	98	100	99	97	93	91	98	78	92
Ákveða hvaða verkefni börnum er boðið upp á	77	98	100	99	94	98	89	98	72	92

Hér á landi (og Norðurlöndum) taka skólastjóri og starfsmenn virkan þátt í ráðningu starfsmanna leikskólans. Sú er alls ekki raunin alls staðar annars staðar, t.d. virðast þessir aðilar ekkert hafa að segja um ráðningu starfsmanna í Tyrklandi og Ísrael.

Hlutfallstölur fyrir uppsagnir eru lægri en fyrir ráðningar, m.ö.o. virðast skólastjórar og starfsmenn ekki taka jafnvirkan þátt í uppsögnum eins og þeir gera varðandi ráðningar. Að vísu kann að vera að munur á þessum tölum stafi af því að ráðningar eru miklu algengari en uppsagnir og leikskólastjórar hafi því ekki frá mörgu að segja í þeim efnum. En nokkuð samræmi er milli talna um ráðningar og uppsagnir innan hvers lands, þótt þær síðarnefndu séu aðeins lægri.

Ákvarðanir um laun eru svo í allt öðru samhengi. Hvergi virðast skólastjórar og starfsfólk hafa mikið með laun að segja, helst í Kóreu (44%) og Danmörku (38%). En hér á landi, í Ísrael, Þýsklandi og Tyrklandi hafa þessir aðilar nánast enga aðkomu að ákvörðunum um laun starfsmanna, enda bundin í kjarasamningum hér á landi.

Úthlutun fjármagns innan leikskólans lýtur mjög breytilegum venjum milli landa. Á Íslandi segist um þriðjungur taka virkan þátt í því, svipað og í Síle og Tyrklandi en meðaltal í þátttökulöndunum almennt er 52%. Mest afskipti leikskólastjóra og starfsmanna að úthlutun fjár innan skólans eru í Þýskalandi.

Í öllum löndunum taka skólastjórar og starfsfólk mikinn þátt í að setja á laggirnar og fylgjast með áætlunum um þroska barna, velferð þeirra og menntun, ásamt því að ákveða hvaða verkefni börnunum er boðið upp á. Þetta eru þættir sem lúta að meginstarfsemi leikskólanna.

Mjög breytilegt er milli landa hversu virkan þátt skólastjórar og starfsmenn taka varðandi inntöku barna í leikskólann. Í Ísrael hafa þessir aðilar nánast ekkert um það að segja, en í Þýskalandi koma nánast allir þátttakendur í hópi skólastjóra að þessum ákvörðunum.

**Tafla 55B:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir **skólanefnd eða fræðslunefnd sveitarfélagsins** taki virkan þátt í ákvörðunum um tiltekin atriði á sviði stjórnáhrif og uppeldismála.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ráðningu starfsmanna leikskólans	16	36	83	2	12	-	5	25	7	<b>23</b>
Uppsögn eða brottrekstri starfsmanna leikskólans úr starfi	17	13	92	8	12		12	29	7	<b>24</b>
Ákvörðun um laun starfsmanna leikskólans	17	6	62	8	11		3	28	8	<b>18</b>
Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan leikskólans	19	32	67	21	15		33	42	18	<b>31</b>
Að setja á laggirnar og fylgjast með áætlunum um þroska barna, velferð og menntun	26	4	31	23	3		17	9	21	<b>17</b>
Samþykkt fyrir inntöku barna í leikskólann	13	0	30	23	11		10	14	16	<b>14</b>
Velja hvaða efniviður og leikföng eru notuð	26	8	5	1	5		13	7	25	<b>11</b>
Ákveða hvaða verkefni börnum er boðið upp á	29	19	4	5	7		24	10	23	<b>15</b>

Um hlutverk skólanefnda/fræðslunefnda hér á landi má almennt segja að það er frekar takmarkað varðandi ofangreind efni. T.d. koma þær lítið eða ekkert að ráðningum og uppsögnum. Þessu er svipað farið í Kóreu og Tyrklandi. Í Þýskalandi taka skólanefndir hins vegar virkan þátt í ráðningum og uppsögnum, einnig nokkuð í ákvörðunum um laun og úthlutun fjármagns. Í Þýskalandi hafa þær hins vegar mun minni afskipti af eiginlegu starfi leikskólans að uppeldismálum (áætlunum um þroska barna, samþykkt inntöku, vali á leikföngum eða verkefnum).

**Tafla 55C:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að **ríki eða sveitarfélag** taki virkan þátt í ákvörðunum um tiltekin atriði á sviði stjórnábylgju og uppeldismála.

	Síle	Danmörk	Þýska land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ráðningu starfsmanna leikskólans	38	7	3	1	79	37	20	21	72	<b>31</b>
Uppsögn eða brottrekstri starfsmanna leikskólans úr starfi	47	26	3	3	76	34	22	33	74	<b>35</b>
Ákvörðun um laun starfsmanna leikskólans	56	66	41	83	78	38	55	66	75	<b>62</b>
Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan leikskólans	51	26	5	59	32	32	25	34	51	<b>35</b>
Að setja á laggirnar og fylgjast með áætlunum um þroska barna, velferð og menntun	10	19	5	9	13	6	6	17	22	<b>12</b>
Samþykkt fyrir inntöku barna í leikskólann	23	72	7	22	81	61	22	48	13	<b>39</b>
Velja hvaða efniviður og leikföng eru notuð	9	2	0	1	7	8	2	6	13	<b>5</b>
Ákveða hvaða verkefni börnum er boðið upp á	4	7	1	1	20	1	4	4	20	<b>7</b>

Ríki/sveitarfélög hafa mest um laun og úthlutun fjármagns að segja, þessir opinberu aðilar taka almennt ekki virkan þátt í ráðningum eða uppsögnum, eða starfsemi með börnunum; helst að þau taki þátt í samþykkt fyrir inntöku barna í leikskólann (22% leikskólastjóra segja svo vera). Hér á landi á þetta bara við um sveitarfélög.

Í Þýskalandi einskorðast aðkoma ríkis/sveitarfélags við ákvörðun um laun starfsmanna.

Hlutverk ríkis/sveitarfélaga er nokkuð svipað í Noregi og Danmörku. Í báðum tilfellum koma þessir aðilar helst að ákvörðunum um laun en einnig samþykkt fyrir inntöku barna í leikskólann (í mun meira mæli en hér á landi).

Eins og fram kom ofar eru skólastjórar og starfsmenn í Ísrael ekki ýkja virkir varðandi ráðningu og uppsagnir starfsmanna, ekki frekar en skólanefndirnar en ríki/sveitarfélag gegnir þar hins vegar lykilhlutverki, eins og sést í töflunni.

Að ofan var virk þátttaka A) skólastjóra/starfsfólks, B) skóla- eða fræðslunefnda og C) ríkis/sveitarfélaga skoðuð í ákvarðanatöku um ýmis verkefni. Hér að neðan verða töflurnar skoðaðar með verkefnin sem útgangspunktur og athugað fyrir hvert viðfangsefni, hvernig ákvarðanatöku er háttað í hverju landi.

**Ráðning eða uppsögn starfsmanna:** Á Íslandi eru þessi verkefni nánast alfarið í höndum skólastjóra og starfsmanna, skólanefndir eða hið opinbera koma ekki beint að þeim. Á hinum Norðurlöndunum er verkaskiptingin í sömu átt en skólanefndir og hið opinbera virðast þó hafa lítið hlutverk, auk skólastjóra og starfsmanna.

Í Þýskalandi eru það fyrst og fremst skólanefndirnar /fræðslunefndir sveitarfélagsins og skólastjórar og starfsfólk, sem ákveða ráðningar og uppsagnir.

Í Ísrael og Tyrklandi eru starfsmannamálin (ráðningar og uppsagnir) hins vegar langmest á könnu ríkis/sveitarfélaga.

Í Japan og Kóreu eru skóla- og fræðslunefndir sveitarfélaga með lítið hlutverk í þessum efnum, en skólastjóri og starfsfólk ásamt ríki eða sveitarfélagi koma helst að ákvörðunum um þessa tegund starfsmannamála.

**Laun starfsfólks** Eins og kom fram að ofan eru ákvarðanir um laun starfsfólks í höndum ríkis/sveitarfélags hér á landi. Skólanefndir og skólastjórar hafa þar litlu sem engu hlutverki að gegna. Ísrael og Tyrkland eru mjög svipuð Íslandi að þessu leyti.

Þessi verkaskipting er ekki alveg jafnklippt og skorin í Noregi og Danmörku, en þó í sömu átt. Ríki/sveitarfélag hafa mest áhrif.

Í Japan og Kóreu eru áhrif ríkis/sveitarfélaga mest, ásamt aðkomu skólastjóra. Fræðslunefndir/skólanefndir gegna litlu sem engu hlutverki.



Í Þýskalandi eru áhrif skólanefndar/fræðslunefndar sveitarfélaga mest, með aðkomu ríkis/sveitarfélaga.

**Úthlutun fjármagns innan leikskólans** er á hendi allra ofangreindra aðila í flestum þáttökulöndum. Þessir þrír aðilar taka allir virkan þátt í ákvörðunum um úthlutun fjármagns. Mest eru þau þó almennt í höndum skólastjóra/starfsmanna.

Í öllum þáttökulöndum er **gerð áætlana um þroska barna, velferð og menntun þeirra** að langmestu leyti í höndum skólastjóra og stafsmanna þótt aðrir aðilar hafi þar takmarkaða aðkomu einnig.

Sama verkaskipting gildir um ákvarðanir varðandi **hvaða verkefni börnunum er boðið upp á**. Þar taka skólastjórar og starfsmenn ákvarðanir (ekki skólanefndir/fræðslunefndir eða ríki/sveitarfélag).

Hið sama gildir um **inntöku barna í leikskólann**, þar ráða skólastjórar og starfsfólk för í flestum löndum. Helsta undantekningin er þó Ísrael þar sem ríki/sveitarfélag tekur nánast eitt ákvarðanir. Í Japan, Danmörku og Noregi eru ríki og sveitarfélag einnig með hönd í bagga, ásamt skólastjóra og sveitarfélagi.

## HVERNIG SKIPTIST TÍMINN?

Spurt var hversu hátt hlutfall tímans í starfi leikskólastjórans færi í tiltekin verk að meðaltali miðað við síðustu 12 mánuði.

Verkefnin sem spurt var um voru eftirfarandi. Við hvert atriði var gefin nánari lýsing á því hvað átt væri við og fylgir sú lýsing hér:


**Stjórnunarverkefni og fundarhöld** sem lúta m.a. að reglugerðum, fjárhagsáætlun, undirbúningi fyrir endurskoðun reikninga; viðbrögð við erindum frá sveitarfélagi eða ríki, áætlanagerð, forysta og ákvarðanir um rekstur, s.s. vinna áætlanir um endurbætur í skólanum, mannauðs- og starfsmannamál, s.s. ráðningar á starfsfólki

**Fagleg forysta um menntunar- og uppeldisfræðileg atriði.** Hér teljast með fundir með starfsfólki til þess að stuðla að því að leikskólinn veiti góða umgjörð fyrir menntun og þroska barna, skipulagning á námskeiðum fyrir starfsfólk um nýjungar í uppeldisfræðilegri nálgun, fundir um framfarir barna o.s.frv.

**Samskipti við börnin** þ. á m. þátttaka í námi og leik barna, umönnun þeirra

**Samskipti við foreldra eða forráðamenn** Bæði formleg og óformleg samskipti

Einnig var kostur á að merkja við „annað“. Þátttakendur voru beðnir um að gæta þess að summa svaranna væri 100%.



**Mynd 11:** Hlutfall (%) tímans sem leikskólastjórar telja að fari í tiltekin verk viðvirkandi stjórnun og fundahöldum, faglegri forystu um menntunar- og uppeldisfræðileg atriði, samskipti við börnin, samskipti við foreldra og annað.

Mestur tími leikskólastjóra fer í stjórnunarverkefni og fundahöld. Í Ísrael ver leikskólastjóri ver leikskólastjóri meiri tíma með börnunum, eða 55%. Þátttaka leikskólastjóra hér á landi er svipuð meðaltali hinna landanna varðandi faglega forystu um menntunar og uppeldismál. Samskipti við foreldra taka 12% tímans hér á landi, svipað og í öðrum löndum.

Leikskólastjórar voru beðnir um að tilgreina hvort þeir hefðu tekið þátt í ýmsum verkefnum í skólanum síðastliðna 12 mánuði. Spurt var m.a. um það hvort þeir hefðu tekið þátt í vinnu til þess að fá börnin til þess að leika betur saman, fylgst með samskiptum starfsmanna við börnin, veitt starfsfólki endurgjöf, gert ráðstafanir til þess að stuðla að samvinnu þeirra sem vinna við að þróa nýja starfshætti, unnið að þróun á framtíðarsýn, breytt skipulagi eða starfsháttum í ljósi athugunar á árangri og ytra mati o.fl.

**Tafla 56:** Hlutfall (%) þátttakenda sem segist hafa tekið þátt í tilteknum verkefnum í þessum leikskóla vikulega eða oftár síðastliðna 12 mánuði.

	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ég vann með starfsfólki leikskólans við að fá börnin til þess að leika betur saman.	57	55	65	28	77	41	57	45	39	<b>52</b>
Ég fylgdist með samskiptum starfsmanna leikskólans við börnin.	63	71	68	69	81	75	72	57	63	<b>68</b>
Ég veitti starfsfólki leikskólans endurgjöf á grundvelli þess sem ég sá.	54	61	39	52	58	48	53	42	53	<b>52</b>
Ég gerði ráðstafanir til þess að stuðla að samvinnu starfsfólks leikskólans sem vinnur að því að þróa nýja starfshætti í leikskólastarfi.	49	44	25	36	43	27	30	52	36	<b>39</b>
Ég gerði ráðstafanir til þess að stuðla að því að starfsfólki leikskólans myndi sjálf bera ábyrgð á því að taka framförum í starfi með börnunum.	50	27	24	44	58	25	55	44	49	<b>41</b>
Ég gerði ráðstafanir til að tryggja að starfsfólki leikskólans finni það sjálf bera ábyrgð á þroska, velferð og menntun barnanna.	57	33	38	50	72	28	53	70	54	<b>50</b>
Ég vann að þróun á framtíðarsýn fyrir þennan leikskóla.	35	19	17	34	42	8	40	23	41	<b>29</b>
Ég breytti skipulagi og/ eða starfsháttum á grundvelli athugunar á árangri og ytra mati.	20	7	5	8	30	4	18	11	25	<b>15</b>
Ég greiddi fyrir notkun á svæðum utandyra og innandyra vegna náms.	63	42	46	10	59	22	41	28	64	<b>42</b>

Af þeim inngripum sem spurt er um í þessari spurningu hafa leikskólastjórar hér á landi fæstir unnið með starfsfólki til þess að fá börnin til að leika betur saman en fleiri fylgst með samskiptum starfsmanna við börnin. Um helmingur skólastjóra á Íslandi segjast hafa veitt starfsfólki endurgjöf á grundvelli þess sem þeir sáu.

Norskir skólástjórar segjast hafa fylgst með samskiptum starfsmanna við börnin, gert ráðstafanir til þess að stuðla að samvinnu starfsfólks sem vinnur að því að þróa nýja starfshætti og ráðstafanir til þessa að starfsfólki finnst það sjálft bera ábyrgð á þroska, velferð og menntun barnanna. Í Danmörku hefur skólástjóri fylgst með samskiptum starfsmanna við börnin, veitt endurgjöf á grundvelli þess sem hann sá og vann með starfsfólki til þess að fá börnin til þess að leika betur. Í Þýskalandi er einnig hátt hlutfall sem segist hafa fylgst með samskiptum við börnin og unnið með starfsfólki til þess að fá börnin til þess að leika betur saman.

Í Síle er staðan þannig að auk spurninganna sem lúta að því að bæta samskipti barnanna, þá hafa skólástjórar gert ráðstafanir til þess að auka ábyrgðartilfinningu starfsmanna gagnvart þroska og velferð barnanna og eigin framförum í starfi. Í Tyrklandi er einnig fylgst með samskiptum starfsmanna við börnin og greitt fyrir notkun á svæðum utandyra og innandyra vegna náms.

Í Japan og Kóreu kemur fram áhersla á að fylgjast með samskiptum starfsmanna leikskólans við börnin. Í Kóreu er einnig nokkur áhersla á að auka ábyrgðarkennd á þroska barnanna og eigin framförum í starfi.

## MAT Á STARFI LEIKSKÓLANS

Spurt var hversu oft væri lagt mat á starf leikskólans með tilteknum hætti, þ.e. eftirliti með starfsaðstæðum, með gæðum starfseminnar, með úttekt á umhverfinu eða endurskoðun fjárhagslegs reksturs.

**Tafla 57:** Hlutfall (%) leikskólástjóra sem segir að lagt hafi verið mat á starf leikskólans með eftirliti með starfsaðstæðum, með gæðum starfseminnar, með úttekt á umhverfinu eða endurskoðun fjárhagslegs reksturs einu sinni á ári eða oftar.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Eftirlit með starfsaðstæðum (t.d. fjölda barna á hvern leikskólakennara, menntun og starfsréttindi starfsfólksins)	60	65	54	61	54	51	77	73	67	<b>63</b>
Eftirlit með gæðum starfseminnar (t.d. gæðum samskipta við börnin, innihald verkefna)	74	64	47	63	78	55	78	37	72	<b>63</b>
Úttekt á umhverfinu (t.d. rými, tækjum, húsgögnum, heilsu- og öryggisþáttum)	74	68	64	80	90	76	88	66	73	<b>75</b>
Endurskoðun í tengslum við fjárhagslegan rekstur	55	81	73	87	66	80	78	96	73	<b>76</b>

Fremur lítill munur er á þjóðunum hvað varðar eftirlit með þeim þáttum starfseminnar sem spurt er um. Í 2/3 eða 3/4 hlutum tilfella segja leikskólástjórar að eftirlit hafi verið haft með þessum þáttum a.m.k. einu sinni á ári, þ.e. eftirlit með starfsaðstæðum (t.d. fjölda barna á hvern starfsmann, menntun starfsfólks), gæðum starfseminnar, úttekt á umhverfinu (rými, tækjum, heilsu- og öryggisþáttum) og fjárhagsleg endurskoðun.

## SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA

Spurt var hvort leikskólinn hefði, einn eða í samvinnu við aðrar stofnanir, boðið foreldrum eða forráðamönnum upp á eftirfarandi á síðastliðnum 12 mánuðum.

**Tafla 58:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að leikskólinn hafi (einn eða með öðrum stofnunum) á síðustu 12 mánuðum boðið foreldrum eða forráðamönnum barna uppá tiltekin námskeið, fundi, heimsóknir eða boðið þeim þátttöku í starfseminni, t.d. með fjáröflun o.fl.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Vinnustofur eða námskeið fyrir foreldra eða forráðamenn um barnauppeldi og þroska barna	87	41	59	49	55	65	90	71	62	<b>64</b>
Stuðning við þátttöku foreldra eða forráðamanna í starfsemi leikskólans (t.d. með fjáröflun, þrifum á leikskólanum)	73	38	70	23	51	72	57	31	68	<b>54</b>
Fundað með foreldrum og forráðamönnum til þess að gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnenda leikskólans	92	70	50	88	49	48	89	100	80	<b>74</b>
Skipulagt heimsóknir fjölskyldna og foreldra eða forráðamanna barna sem eru væntanleg í leikskólann	74	84	89	85	45	82	89	96	87	<b>81</b>

Fram kemur að leikskólar á Íslandi hafa langflestir skipulagt heimsóknir foreldra og fjölskyldna barna sem eru væntanleg í skólann, einnig fundað með þeim til þess að bjóða þeim að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnenda skólans. Á Íslandi er nokkru minna um það að haldin hafi verið námskeið fyrir foreldrana um t.d. barnauppeldi og enn síður hefur verið leitað til foreldra um að skipuleggja fjáröflun eða þrifa í skólanum. Norðmenn og Danir eru nokkuð svipaðir Íslendingum að þessu leyti en Norðmenn hafa oftast skipulagt vinnustofur eða námskeið með foreldrum um ýmis efni.

Í Kóreu er hefur mikið verið fundað með foreldrum nýrra barna og foreldrum gefin tækifæri til þess að hafa áhrif á ákvarðanir. Einnig hafa vinnustofur eða námskeið fyrir foreldra verið haldin nánast í öllum skólum Kóreu.

Spurt var nánar um samskipti leikskólans við foreldra eða forráðamenn, óformleg eða formleg, við skólafólk frá öðrum leikskólum, grunnskólakennara, fjölskyldu eða félagsþjónustu, heilsuverndarþjónustu eða sérfræðinga í þroska barna.

**Tafla 59.** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að samskipti við tiltekna aðila hafi átt sér stað mánaðarlega eða oftar í skólanum, þ. á m. foreldra eða forráðamenn, starfsfólk annarra skóla, grunnskólakennara, félagsþjónustu, heilsuvernd eða sérfræðinga í þroska barna.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðtal
Óformleg samskipti við foreldra eða forráðamenn (t.d. óformlegar samræður um framfarir barna eða viðfangsefni þeirra)	94	96	86	93	81	89	77	100	82	<b>89</b>
Formleg samskipti við foreldra eða forráðamenn (t.d. foreldraviðtöl)	90	52	33	9	51	96	29	13	57	<b>48</b>
Samskipti við starfsfólk eða stjórnendur frá öðrum leikskólum	66	76	49	60	76	76	56	81	51	<b>66</b>
Samskipti við grunnskólakennara	42	18	20	29	11	10	18	8	71	<b>26</b>
Samvinna við barn, fjölskyldu eða félagsþjónustu (t.d. barnavernd, fjölskylduhjálp)	40	55	26	28	9	14	12	27	14	<b>25</b>
Samvinna við heilsuverndarþjónustu barna eða heilsugæslu (þ.e. aðila sem sjá um greiningu og stuðning við heilsufar barna eða fjölskyldna)	44	34	7	21	4	12	16	26	24	<b>21</b>
Samráð við sérfræðinga í þroska barna	26	72	13	61	35	21	8	29	21	<b>32</b>

Um 60% leikskólastjóra á Íslandi hafa samskipti við starfsfólk eða stjórnendur frá öðrum leikskólum mánaðarlega eða oftar. Slík samskipti eru algengust í Noregi (um 80%) en fátíðust í Þýskalandi og Tyrklandi (um 50%). Mikill breytileiki er hins vegar milli landa varðandi *formleg* samskipti við foreldra. Hér á landi eru þau fátíð, en algeng í Japan og Síle.

Samskipti við grunnskólakennara, mánaðarlega eða oftar, eru nokkuð algeng hér á landi en það gerist hjá rúmum fjórðungi leikskóla hér á landi. Langalgengust eru þau þó í Tyrklandi, þar sem þau eiga sér stað í 70% skóla, mánaðarlega eða oftar.

## HEFTANDI ÞÆTTIR Í SKÓLASTARFI

Leikskólastjórar voru beðnir um að segja hvort tiltekni þættir væru heftandi í starfi þeirra sem leikskólastjóri, t.d. fjármagnskortur, reglur eða stefna ríkisins, fjarvistir starfsfólks, skortur á starfsfólki, lítill stuðningur foreldra, erfitt að sinna eigin starfsþróun og starfsþróun starfsfólks.

**Tafla 60:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir tiltekna þætti heftandi í starfi þeirra sem skólastjóri frekar mikið eða að miklu leyti.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Of lítið fjármagn eða önnur tiltæk úrræði	30	52	31	36	45	20	43	28	63	<b>39</b>
Reglur og stefna ríkisins	28	32	52	10	24	14	63	20	26	<b>30</b>
Fjarvistir starfsfólks	27	36	77	69		15	32	36	9	<b>38</b>
Skortur á starfsfólki	25	26	63	47		43	44	27	17	<b>36</b>
Lítill þátttaka og stuðningur frá foreldrum eða forráðamönnum	39	13	26	8	18	4	29	4	43	<b>21</b>
Skortur á tækifærum og stuðningi við starfsþróun mína	24	13	15	19	18	9	32	5	34	<b>19</b>
Skortur á tækifærum og stuðningi við starfsþróun starfsfólksins	34	30	19	29	-	11	31	8	36	<b>25</b>

Á Íslandi voru fjarvistir starfsfólks oftast nefndar sem heftandi þáttur og skortur á starfsfólki. Vandræði vegna fjarvista starfsfólks voru næst oftast nefnd en í Þýskalandi var vandinn á þessu sviði enn meiri. Í Tyrklandi var þessi vandi fátíður.

Hér á landi var nánast ekkert kvartað yfir þáttökuleysi foreldra og stuðningi frá þeim. Þetta gildir einnig um hin Norðurlöndin.

## FLUTNINGUR BARNNA ÚR LEIKSKÓLA Í GRUNNSKÓLA

Leikskólastjórar voru beðnir um að segja hvort tilteknir hlutir væru gerðir til þess að auðvelda flutning barna úr leikskólanum í grunnskólann.

**Tafla 61:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að tilteknir hlutir séu gerðir til þess að auðvelda flutning barna úr leikskólanum í grunnskólann, þ. á m. fundahöld með grunnskólum, heimsóknir barna, viðburðir með foreldrum, þjálfun fyrir starfsmenn, þróun áætlana um flutning með sveitastjórnnum.


	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Við eigum <b>samskipti við grunnskóla</b> vegna barna sem eru í þann veginn að flytjast upp í grunnskóla	58	99	94	99	61	99	56	98	87	83
<b>Miðlum upplýsingum</b> til grunnskólans um þroskaferil barna	45	99	59	98	43	98	43	96	81	74
Þjóðum grunnskóla-kennurum og/eða skólastjórum að <b>fylgjast með</b> starfsháttum leikskólans	29	61	66	80	21	57	28	40	73	50
Skipuleggjum <b>gagnkvæmar heimsóknir</b> barna milli grunnskóla og leikskóla	37	94	88	96	59	79	48	55	56	68
Höldum <b>fundum með starfsfólki grunnskólans</b> (t.d. til þess að tryggja að starfsfólkið þekki markmið og námsefni á hverju námsstigi).	50	79	61	69	35	57	20	65	65	56
Þjóðum upp á þjálfun fyrir starfsmenn í leikskólanum um málefni sem þarf að hafa í huga þegar barn flyst úr leikskóla í grunnskóla	54	21	49	22	36	60	40	37	64	42
Vinum með sveitarstjórnnum til þess að <b>þróa sérstakar áætlanir</b> um flutning barna yfir í grunnskólann	26	86	20	38	27	32	13	90	49	43
Skipuleggjum <b>sérstaka viðburði</b> fyrir foreldra eða forráðamenn til þess að auðvelda þeim að skilja ýmislegt sem getur komið upp á hjá barninu þegar það flyst yfir í grunnskólann (t.d. fundi um nám í grunnskóla, sameiginlega fundi með foreldrum eða forráðamönnum grunnskólabarna)	82	69	38	30	48	32	67	67	83	60

Hvað varðar þær aðgerðir sem spurt er um, er miða að því að auðvelda flutning barna frá leikskóla yfir í grunnskóla, þá er tíðni þeirra hærrí eða svipuð og í öðrum þátttökulöndum þegar kemur að fundum og samskiptum við grunnskóla vegna barna sem eru í þann veginn að flytjast upp í grunnskóla og miðlun upplýsinga til grunnskólans. Grunnskólum er einnig boðið að fylgjast með starfsháttum leikskólans. Minna er um það hér á landi að haldnir séu sérstakir viðburðir fyrir foreldra eða forráðamenn til

Þess að auðvelda þeim að skilja það sem getur komið upp á þegar barnið flyst yfir í grunnskólann. Það hlutfall er um 30%, eða lágt eins og í Japan en í flestum öðrum löndum er hlutfallið um 60% eða 80%.

### HUGMYNDIR UM FJÖLMENNINGU OG KYN

Leikskólastjórar voru spurðir álitis á því hversu margir starfsmenn væru sammála tilteknum fullyrðingum um mikilvægi sveigjanleika gagnvart börnum með mismunandi menningarlegan bakgrunn, að börn læri að börn af ólíkum menningarheimum hafi önnur gildi, að þau læri að bera virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og að börn hafi ólík áhugamál óháð kyni.



**Mynd 12:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur að allir (eða nánast allir) starfsmenn leikskólans telji mikilvægt að börn læri tiltekin atriði varðandi börn af ólíkum menningarheimum og kyn.

Í 75-80% tilvika telja leikskólastjórar hér á landi að allir eða nánast allir starfsmenn leikskólans telji mikilvægt að börn læri að vera sveigjanleg gagnvart börnum sem eru með mismunandi menningarlegan bakgrunn, að börn læri að þau geti haft önnur gildi og að þau læri að bera virðingu fyrir ólíkum menningarheimum.

Einnig telja um 80% að allir eða nánast allir starfsmenn geri sér grein fyrir því að börn geti haft ólík áhugamál, óháð kyni.

Það er athyglisvert að fullyrðingar um meðvitund starfsmanna um næmi fyrir ólíkum menningarlegum bakgrunni og kynjajafnrétti sýna ekki jafnháa prósentu í Japan og Kóreu, samanborið við önnur lönd. Tölur þar eru á bilinu 18-55% en vel yfir 50% í öllum öðrum löndum.



## MIKILVÆGIR ÞÆTTIR Í ÞROSKA BARNNA SEM UNDIRBÚNINGUR FYRIR FRAMTÍÐINA

Hversu mikilvægt telur skólustjóri að leikskólinn beiti sér fyrir því að þroska tiltekna hæfni og getu hjá börnunum til þess að búa þau undir framtíðina?

**Tafla 62:** Hlutfall (%) leikskólustjóra sem telur mjög mikilvægt að þroska tiltekna hæfni og getu hjá börnunum til þess að búa þau undir framtíðina, þ. á m. málþroska, læsi, skilning á grunnhugtökum stærðfræðinnar, upplýsingatækni, rökhugsun, skapandi hugsun, að vinna með öðrum og gagnrýna hugsun.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Málfærni	98	93	99	97	94	62	64	97	94	<b>89</b>
Læsi og ritun	79	48	48	64	60	24	29	28	55	<b>48</b>
Skilning á reikningi og grunnhugtökum stærðfræðinnar (t.d. talnaskilning, formskyn, rúmskyn)	80	50	78	61	84	22	31	40	70	<b>57</b>
Skilning á lykilhugtökum vísindanna (t.d. breytingar á efni eins og frost og bráðnun)	71	46	52	40	49	27	32	37	59	<b>46</b>
Líkamlega færni og hreyfigetu (t.d. líkamsrækt, dans, hljóðfærleik)	93	82	88	83	88	45	60	77	84	<b>78</b>
Færni í upplýsingatækni (UT)	63	38	15	27	55	12	17	23	40	<b>32</b>
Hæfni til þess að hugsa rökrétt	88	75	64	84	80	35	42	68	84	<b>69</b>
Hæfni til þess að vera skapandi í hugsun	97	87	82	95	92	69	69	79	92	<b>85</b>
Hæfni til þess að vinna með öðrum	95	97	90	99	96	88	82	99	92	<b>93</b>
Hæfni til þess að kanna og rannsaka það sem manni finnst forvitnilegt	95	97	94	94	93	77	81	94	94	<b>91</b>
Getu til að beita gagnrýninni hugsun	90	82	75	92	74	18	38	80	81	<b>70</b>

Þeir þættir sem leikskólafólk á Íslandi telur mikilvægast að þroska hjá börnunum eru málfærni, rökhugsun og skapandi hugsun, hæfni til þess að vinna með öðrum og hæfni til þess að rannsaka það sem manni finnst forvitnilegt. Þeir þættir sem færri töldu mikilvægt að þroska voru færni í upplýsingatækni, skilningur á lykilhugtökum vísindanna en það síðastnefnda töldu þó um 40% mikilvægt að þroska. Löndin telja mikilvægt að efla líkamlega færni og hreyfigetu.

Í alþjóðlega samanburðinum kemur fram að allar þjóðirnar telja mikilvægt að þróa málþroska. Mjög breytilegt er þó eftir löndum hversu mikil áhersla er á læsi og ritun. Hér á landi telja um 2/3 hlutar það mjög mikilvægt að leikskólinn beiti sér fyrir að þroska hæfni á því sviði (sem raunar eru tvö svið, læsi og ritun í einni fullyrðingu). Í Noregi er þetta hlutfall þó aðeins um fjórðungur og helmingur í Danmörku. Hlutfallið er hærra en á Íslandi í Ísrael (um 84%), og einnig í Síle, sem raunar telur nánast alla þætti sem spurt er um vera mjög mikilvæga.

Ísrael leggur einnig mikla áherslu á stærðfræði. Þar erum við um miðjan hóp og á svipuðum stað í röðinni varðandi mikilvægi lykilhugtaka vísindanna fyrir börn í leikskólum en almennt telja löndin reikning og stærðfræðihugtök mikilvægari en vísindin, á þessu námsstigi.

Japan og Kórea skera sig nokkuð úr að því leyti að almennt eru prósentutölur lágar fyrir þessi lönd. Yfirlýsingar þeirra eru ekki hástemmdar varðandi mikilvægi einstakra þátta. Það er athyglisvert að þeir þættir sem taldir eru mikilvægastir lúta að hæfni til þess að vinna með öðrum. Sá þáttur er vissulega hár hjá öllum þátttökupjóðum en sker sig úr í Japan og Kóreu, þeir meta mikilvægið hærra en aðra þætti, t.d. málfærni. Einnig er athyglisvert að þeir leggja áherslu á skapandi hugsun og hæfni til þess að rannsaka það sem manni finnst forvitnilegt.

## KAFLI 12: STARFSÞRÓUN STARFSMANNA LEIKSKÓLANS AÐ MATI LEIKSKÓLASTJÓRA

Í þessum hluta er greint frá niðurstöðum spurninga sem fjölluðu um nýliðabjálfun, starfsþróun og leiðsögn starfsmanna í leikskólanum. Hugtökin „nýliðabjálfun“ og „starfsþróun“ voru skilgreind svona:

„Nýliðabjálfun“ er til þess ætluð að styðja við bakið á nýju starfsfólki þegar það er að stíga sín fyrstu skref í leikskólastarfinu og til að styðja við reynslumeira starfsfólk sem er nýráðið til leikskólans. Nýliðabjálfun getur verið formlega skipulögð dagskrá eða áætlun eða falið í sér óformlega röð laustengdra viðfangsefna.

„Starfsþróun“ er skilgreind sem viðfangsefni sem ætlað er að efla færni, kunnáttu og sérfræðiþekkingu leikskólastarfmans (almennt sem fagmaður). Starfsþróunin fer fram með formlegum hætti eins og með þátttöku í námskeiði eða vinnustofu en getur einnig falið í sér formlegt samstarf starfsfólks leikskóla og þátttöku í samstarfsneti fagmanna.

„Leiðsögn“ er skilgreind sem skipulagður stuðningur í leikskólum þar sem reyndur starfsmaður styður starfsmann með minni reynslu. Þetta fyrirkomulag gæti náð til allra starfsmanna leikskólans eða aðeins til nýrra starfsmanna.

### HVAÐA NÝLIÐAÞJÁLFUN ER Í BOÐI?

Skólastjórar tilgreindu hverskonar nýliðabjálfun væri í boði fyrir starfsmenn leikskólans, þ. á m. námskeið eða málstofur, á netinu eða á fundarstað, fundir með leikskólastjóra eða reyndu starfsfólki, tengsl við annað nýtt starfsfólk, teymisvinna með reyndu starfsfólki, dagbóarskrif, almenn kynning á skipulagi skólans, leiðsögn og aðstoð í formi minna vinnuálags.

**Tafla 63:** Hvaða nýliðabjálfun er í boði? Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir að nýliðabjálfun af tilteknu tagi sé í boði fyrir starfsfólk leikskólans eða tilteknir hlutir gerðir til þess að liðka fyrir henni.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Námskeið eða málstofu þar sem þátttakendur mæta á fundarstað	65	51	27	43	75	76	83	90	83	<b>66</b>
Námskeið eða málstofu á netinu	43	13	5	9	30	13	88	44	52	<b>33</b>
Samstarf í gegnum tölvur (t.d. netsamfélag)	36	10	4	13	22	6	63	31	39	<b>25</b>
Skipulagðir fundir með leikskólastjóra og/ eða reyndu starfsfólki leikskólans	90	88	98	80	82	88	94	94	93	<b>90</b>
Leiðsögn leikskólastjóra og/eða reyndra starfsmanna leikskólans	87	81	53	97	81	84	64	99	93	<b>82</b>
Tengslanet og samvinna við annað nýtt starfsfólk	56	59	67	42	58	58	42	64	78	<b>58</b>
Teymisvinna með reyndu starfsfólki leikskóla	89	96	96	69	57	87	90	88	84	<b>84</b>
Dagbóarskrif eða efni safnað í vinnuöppur	46	41	88	26	55	95	76	55	74	<b>62</b>
Minna vinnuálag	35	27	24	31	30	74	88	29	77	<b>46</b>
Almenn kynning á starfsemi og skipulagi leikskólans	62	61	83	98	68	90	82	66	85	<b>77</b>
Leiðsögn	43	47	59	95	63	95	86	74	85	<b>72</b>

Sú nýliðabjálfun sem flestir skólastjórar segja að sé í boði hér á landi eru almenn kynning á starfsemi og skipulagi skólans, leiðsögn skólastjóra eða reyndra starfsmanna og leiðsögn (ekki nánar tilgreind). Teymisvinna og skipulagðir fundir með reyndu starfsfólki eða leikskólastjóra eru einnig nefndir af mörgum, þótt prósentutölur séu lægri. Í samanburði við meðaltal landanna er nýliðabjálfun hér á landi sjaldnar í því fólgin að halda dagbók eða safna efni í vinnuöppu, samvinnu við annað nýtt starfsfólk, samstarfi í gegnum tölvur, námskeiðum eða málstofum. Einnig er fátíðara hér á landi, í samanburði við meðaltal landanna, að minni vinna sé lögð á starfsmenn fyrst um sinn, á meðan þeir eru að komast inn í starfið.

Í Japan og Kóreu eru nánast allir þeir þættir sem spurt er um tíðkaðir í flestum skólum.

## STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN FYRIR STARFSFÓLK

Leikskólastjórar voru spurðir hvort það væri í þeirra verkahring að gera starfsþróunaráætlanir fyrir starfsfólk leikskólans.

**Tafla 64:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem segir það vera í þeirra verkahring að gera starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk leikskólans.

	Hlutfall (%) sem segir „já“ við því að gerð starfsþróunaráætlana sé í verkahring skólastjóra
<b>Síle</b>	91,5
<b>Danmörk</b>	90,7
<b>Þýskaland</b>	83,6
<b>Ísland</b>	95,8
<b>Ísrael</b>	25,7
<b>Japan</b>	86,5
<b>Kórea</b>	97,3
<b>Noregur</b>	97,8
<b>Tyrkland</b>	73,3
<b>Meðaltal</b>	<b>82,5</b>

Víðast (en ekki í Ísrael) telja skólastjórar það vera hlutverk sitt að gera starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk.

## KAFLI 13: VINNUANDI OG STARFSÁNÆGJA

Nokkrar spurningar fjölluðu um vinnuanda í leikskólanum og starfánægju leikskólastjóra.

### ÁKVARÐANIR

Spurt var hversu sammála eða ósammála leikskólastjóri væri tilteknum fullyrðingum um virka þátttöku starfsfólks í ákvörðunum og ábyrgðardreifingu innan skólans.

**Tafla 65:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem eru mjög sammála því að tilteknum fullyrðingum um virka þátttöku starfsfólks í ákvörðunum og ábyrgðardreifingu innan skólans.

	Síle	Danmörk	Þýskaland	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Leikskólinn veitir starfsfólki tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um hann.	59	54	71	48	36	29	47	57	48	<b>50</b>
Leikskólinn veitir foreldrum eða forráðamönnum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um hann.	30	10	23	12	7	14	31	19	27	<b>19</b>
Leikskólinn veitir börnunum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum.	32	6	36	12	14	12	26	23	25	<b>21</b>
Í leikskólanum er hefð fyrir því að menn deili með sér ábyrgð í málafnum hans.	39	27	55	28	33	14	25	26	44	<b>32</b>
Ég tek lykilákvörðanir sjálf(ur).	17	8	2	21	30	24	10	4	2	<b>12</b>

Athugið að í töflunni að ofan eru tilgreindir þeir sem eru **mjög** sammála fullyrðingunum. Hér á landi er um helmingur leikskólastjóra mjög sammála því að leikskólinn veiti starfsfólki tækifæri til þess að taka virkan þátt í ákvörðunum um hann.

Um 20% leikskólastjóra hér á landi eru mjög sammála því að þeir taki lykilákvörðanir sjálfir en jafnframt eru tæp 30% mjög sammála

Því að í leikskólanum sé hefð fyrir því að menn deili með sér ábyrgð í málefnum hans. Aðeins um 12% leikskólastjóra eru mjög sammála því að leikskólinn veiti foreldrum eða börnum tækifæri til þess að taka virkan þátt í ákvörðunum.

## HINDRANIR

Hindranir á vegi þess að leikskólinn geti veitt vandaða umgjörð um þroska, velferð og menntun barnanna voru kannaðar.

Leikskólastjóri var beðinn um að tilgreina að hve miklu leyti hann væri sammála því að skortur á tilteknum atriðum kæmi frekar mikið eða að miklu leyti í veg fyrir að leikskólinn gæti veitt vandaða umgjörð um þroska, velferð og menntun barnanna.

**Tafla 66:** Hindranir í starfsemi leikskólans. Hlutfall (%) leikskólastjóra sem er sammála því að skortur á tilteknum atriðum komi frekar mikið eða að miklu leyti í veg fyrir að leikskólinn gæti veitt vandaða umgjörð um þroska, velferð og menntun barnanna.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Skortur á leikföngum og námsefni (t.d. bókum, myndabókum, byggingakubbum, leir, málningu)	16	10	5	4	22	5	22	4	47	<b>15</b>
Skortur á tölum eða stafrænum tækjabúnaði til að nota í leik og námi (t.d. tölvum, spjaldtölvum, snjalltöflum)	27	14	38	10	40	12	19	17	42	<b>24</b>
Ófullnægjandi aðgangur að neti	30	20	34	14	38	10	17	11	31	<b>23</b>
Skortur á starfsfólki sem er hæft til þess að vinna með nemendum frá félagslega eða efnahagslega illa stöddum heimilum	15	15	22	19	23	6	23	46	24	<b>17</b>
Skortur á starfsfólki með hæfni til þess að vinna með börnum með sérþarfir	26	15	23	25	37	25	38	11	37	<b>26</b>
Þrengsli innandyrna eða ófullnægjandi rými innanhúss	22	27	30	36	38	11	29	5	51	<b>28</b>
Skortur á útileiksvæði eða það er ófullnægjandi	21	12	17	15	40	8	31	2	46	<b>21</b>
Skortur á hæfu starfsfólki	11	16	33	31	35	28	32	2	35	<b>24</b>
Skortur á starfsfólki miðað við fjölda skráðra barna	11	39	53	15	45	19	23	19	34	<b>29</b>
Skortur á starfsfólki sem er hæft til að vinna með börnum sem tala annað móðurmál en það sem notað er í leikskólanum	21	22	30	12	26	10	17	14	18	<b>19</b>

Ekki eru margar hindranir sem leikskólastjórar á Íslandi telja að geti komið í veg fyrir að leikskólinn geti veitt vandaða umgjörð um þroska, velferð og menntun barnanna. Þó er skortur á hæfu starfsfólki áberandi og kvartað yfir þrengslum innandyrna en þó nefnir aðeins um þriðjungur þessi atriði. Í Danmörku og Noregi er mun minna kvartað undan skorti á hæfu starfsfólki.

Mjög lítið er um það hér á landi að leikskólastjórar telji að skortur á leikföngum, útivistarsvæðum, tölum, netaðgangi eða skortur á starfsfólki miðað við fjölda skráðra barna hamli starfsemi.

Í Tyrklandi, Ísrael og Þýskalandi eru tölur um skort ýmiskonar hæstar, um og yfir 30% að meðaltali í ofangreindum atriðum.

## MARKMIÐ

Leikskólastjórar voru beðnir um að tilgreina að hve miklu leyti starfsfólk skólans skildi tiltekin markmið leikskólans, næði að framfylgja þeim. Einnig hvort foreldrar og forráðamenn tækju virkan þátt í starfseminni, leikskólinn ynni með grunnskólum og nærsamfélaginu, færi á útvistarsvæði í nágrenninu með börnin o.s.frv.

**Tafla 67:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur að tiltekna fullyrðingar um markmið leikskólans, þátttöku foreldra í starfseminni, samvinnu leikskólans við grunnskóla og nærsamfélagið o.fl. ætti við um leikskólann þeirra frekar eða mjög mikið.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Markmið
Starfsfólk leikskólans skilur markmið hans varðandi þroska barnanna, velferð þeirra og menntun.	95	98	97	83	86	83	70	93	97	<b>89</b>
Starfsfólk nær að framfylgja markmiðum leikskólans varðandi þroska, velferð og menntun barnanna.	94	96	96	83	83	76	64	85	96	<b>86</b>
Foreldrar eða forráðamenn taka virkan þátt í starfsemi leikskólans.	70	70	57	32	64	59	68	37	78	<b>59</b>
Skólinn og nærsamfélagið vinna saman.	45	50	33	49	47	47	68	33	69	<b>49</b>
Leikskólinn vinnur með grunnskólum hverfisins.	15	87	66	68	29	59	29	45	62	<b>53</b>
Leikskólinn fer með börnin á útvistarsvæði, t.d. garða, skóga, á ströndina eða aðra staði í náttúrunni.	49	93	89	81	36	80	84	91	62	<b>74</b>

Leikskólastjórar voru almennt sammála því að starfsfólk skólans skildi og framfylgdi markmiðum hans varðandi þroska barnanna, velferð þeirra og menntun. Hlutfallið hér á landi var svipað því sem gerist að meðaltali í hinum löndunum. Færri töldu, hér á landi, að foreldrar tækju virkan þátt í starfsemi leikskólans en fleiri töldu hins vegar að leikskólinn ynni með grunnskólum hverfisins, miðað við meðaltöl annarra landa.

## STARFSÁNÆGJA

Leikskólastjórinn var beðinn um að tilgreina hversu sammála eða ósammála hann væri tilteknum fullyrðingum sem tengjast starfsánægju.


**Tafla 68:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem er sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum sem tengjast starfsánægju.

	Síle	Danmörk	Þýska-land	Ísland	Ísrael	Japan	Kórea	Noregur	Tyrkland	Meðaltal
Ég held að starfsfólk leikskólanna sé mikils metið í samfélaginu.	59	65	29	54	74	36	61	59	55	<b>55</b>
Ég er sátt(ur) við launin sem ég fæ fyrir vinnuna.	54	39	36	36	39	34	43	54	51	<b>43</b>
Burt séð frá launinum er ég ánæg(ur) með það sem starfssamningur minn kveður á um (t.d. réttindi, vinnutíma).	74	73	82	77	81	48	65	79	62	<b>71</b>
Ég er ekki sátt(ur) við það hvað ég hef lítil áhrif á val á starfsfólki sem ráðið er til leikskólans.	43	22	28	17	58	14	26	14	52	<b>31</b>
Ég nýt þess að vinna í þessum leikskóla.	100	98	98	97	98	87	96	99	98	<b>97</b>
Ég er ánægð(ur) með þann stuðning sem ég fæ frá foreldrum eða forráðamönnum í þessum leikskóla.	80	89	78	91	96	91	96	94	70	<b>81</b>
Ég er ánægð(ur) með þann stuðning sem ég fæ frá starfsfólki leikskólans.	96	96	95	97	94	96	95	95	97	<b>96</b>
Ég þarf á meiri stuðningi að halda frá ríki eða sveitarfélagi.	75	31	57	62	69	89	88	22	83	<b>64</b>
Í heildina er ég ánægð(ur) með starf mitt.	98	96	95	99	99	95	96	98	98	<b>97</b>

Meirihluti leikskólastjóra hér á landi telur að starfsfólk leikskólanna sé mikils metið í samfélaginu. Um þriðjungur er sáttur við launin sem hann fær fyrir vinnuna, og mikill meirihluti er ánægður með starfssamninginn, burt séð frá launinum. Langflestir njóta þess að vinna í leikskólanum sem þeir starfa við, eru ánægðir með stuðninginn frá foreldrum og öðru starfsfólki. Um 62% telja sig þurfa á meiri stuðningi að halda frá ríki eða sveitarfélagi. Mikilsvert er að sjá að 99% leikskólastjóra eru ánægðir með starfið.

## STREITUVALDAR

Leikskólastjóri var beðinn um að taka afstöðu til fullyrðinga um mögulega streituvalda í starfi leikskólastjórans. Þeirra á meðal voru of mikil skriffinnsla, aukavinna vegna fjarvista starfsfólks, að vera gerður ábyrgur fyrir þroska barna og velferð, starfsmannastjórnun, áhyggjur foreldris, að mæta þörfum barna með sérþarfir, skortur á stuðningi ríkis eða sveitarfélags, skortur á úrræðum og stuðningi og skortur á starfsfólki.



**Mynd 13:** Hlutfall (%) leikskólastjóra sem telur að tiltekin atriði valdi honum eða henni streitu í starfinu frekar mikið eða að miklu leyti

Starfsmannastjórnun almennt og það að þurfa að taka á sig aukavinnu vegna fjarvista starfsfólks er það sem veldur hæsta hlutfalli leikskólastjóra streitu hér á landi. Tengt þessu er skortur á starfsfólki til þess að vinna verkin.

Of mikil skriffinnska er tiltölulega lítið vandamál hér miðað við ýmis önnur lönd, þ. á m. Norðurlöndin. Einnig veldur það leikskólastjórum hér ekki streitu að vera gerðir ábyrgir fyrir þroska barnanna, velferð þeirra og menntun, að taka á áhyggjum foreldra eða mæta þörfum barna með sérþarfir. Í þessum þáttum erum við fyrir neðan alþjóðlegt meðaltal streitu í rannsókninni.

Í Kóreu er umtalsverð streita m.a. vegna síbreytilegra krafna ríkis/sveitarfélags og skorts á stuðningi frá þeim. Í Ísrael er einnig kvartað undan síbreytilegum kröfum, en þó mest yfir of mikilli skriffinnsku.

Minnsta streitan er á Norðurlöndunum. Í Danmörku og Noregi er það skriffinnskan sem veldur streitunni. Í Noregi og á Íslandi er það aukavinna vegna fjarvista starfsfólks. Í Danmörku og á Íslandi veldur það starfsmannastjórnunin streitu almennt.

## IV. SAMANTEKT: NOKKRAR NIÐURSTÖÐUR TALIS 2018 Á LEIKSKÓLASTIGI

### STARFSFÓLK Á LEIKSKÓLASTIGI SEM ANNAST 3-5 ÁRA BÖRN

#### KAFLI 1: ALMENNAR UPPLÝSINGAR, ALDUR, KYN, RÁÐNINGARFYRIRKOMULAG, STARFSHLUTFALL, STARFSREYNSLA, MENNTUN

Meðalaldur starfsmanna sem annast börn á aldrinum 3-5 ára er 40,5 ár hér á landi en 38,9 að meðaltali í þátttökulöndunum.

Um 78% starfsmanna hér á landi eru fastráðnir en um 72% að meðaltali í þátttökulöndum. Um 70% eru í fullu starfi og 22% til viðbótar í 70-90% starfi hér á landi.

Að meðaltali í þátttökulöndum hafa starfsmenn unnið í um 7 ár í leikskólanum sem þeir starfa nú við. Gildir það um Ísland einnig. Ef lagður er saman árafjöldi í starfi í leikskóla almennt, þá er alþjóðlega meðaltalið um 18 ár, eins og á Íslandi.

Hér á landi hefur um þriðjungur starfsfólks ekki lokið menntun sem býr það undir að vinna með börnum. Þetta er hæsta hlutfallið í þátttökulöndunum. Um 35% hafa stundað fjarnám til þess að búa sig undir starfið í leikskólanum.

#### KAFLI 2: STARFSÞRÓUN, INNIHALD, ÞÖRF OG HINDRANIR

Fleira starfsfólk leikskóla á Íslandi hefur farið í vettvangsferðir í aðra leikskóla, eða um helmingur, og líkist þar leikskólafólki í Japan og Kóreu. Í Danmörku og Noregi eru vettvangsferðir mun fátíðari.

Í samanburði við önnur þátttökulönd, að meðaltali, segist fleira starfsfólk leikskóla á Íslandi hafa stundað starfsþróun um tvítýngd börn og börn með mismunandi bakgrunn (t.d. fjölmenningarlegan bakgrunn). Starfsmenn á Íslandi telja sig almennt hafa svipaða þörf fyrir starfsþróun og önnur þátttökulönd að meðaltali. Þó er lítið eitt meiri þörf hér, að mati starfsfólks, fyrir starfsþróun á sviði agastjórnunar og talsvert meiri en á hinum Norðurlöndunum. Annars er mest þörfin hér á landi í tengslum við börn með sérþarfir og tvítýngd börn. Athyglisvert er að fimmtungur telur sig hafa þörf fyrir starfsþróun sem snýr að börnum með erlendan uppruna.

Hér segjast einnig færri starfsmenn leikskóla á Íslandi hafa fengið starfsþróun saman borðið við meðaltal annarra þátttökulanda. Hæst hlutfall hefur sótt starfsþróun til þess að efla læsi og málþroska barnanna (61%, í samanburði við tæp 46% í hinum þátttökulöndunum að meðaltali).

Mjög lágt hlutfall starfsmanna hér á landi og í flestum öðrum þátttökulöndum telur miklar hindranir vera á vegi frekari starfsþróunar. Hér á landi og einnig í öðrum þátttökulöndum telur þó um fjórðungur að það vanti starfsfólk til þess að leysa það af svo það geti tekið þátt í starfsþróun.

#### KAFLI 3: VINNUVIKA STARFSMANNIS, LENGD VINNUVIKU, HELSTU VERKEFNI

Minni tími fer í skráningu á þroska, námi og velferð barnanna á Norðurlöndunum í samanburði við hin löndin, einnig áætlanagerð og undirbúning fyrir leik og menntunarverkefni. Þetta á við um fleiri verkefni. Í fáum tilfellum hefur mjög háu hlutfalli vinnutímans verið varið í þau. Ef til vill er hér um svarstíl að ræða, fremur en að þessum verkefnum sé minna sinnt á Norðurlöndum en víða annars staðar.

#### KAFLI 4: STARFSHÆTTIR OG HUGMYNDIR UM STARFIÐ, ÁHERSLUR, FORGANGSVERKEFNI, SAMSKIPTI VIÐ BÖRNIN OG VINNUFÉLAGANA

Í samanburði við meðaltal þátttökulanda telur starfsfólk íslenskra leikskóla mikilvægt að þroska læsi og ritun, hæfni til þess að hugsa rökrétt og til að beita gagnrýninni hugsun. Um helmingur telur einnig mjög mikilvægt að þroska skilning á reikningi og grunnhugtökum stærðfræði. Um þriðjungur leggur líka áherslu á lykilhugtök vísindanna. Þetta er svipað meðaltali þátttökulanda.

Ef framlag til leikskólans yrðu aukið um 5% myndi starfsfólkið helst vilja leggja meiri áherslu á að bæta laun starfsfólks leikskóla, því næst styðja við börn með sérþarfir og fækka börnum í rými. Færri telja mikilvægt að auka framlög til leikfangakaupa. Á Íslandi er jafnframt áhersla á að auka stuðning við nemendur með erfiðan félagslegan eða erlendan bakgrunn.

Starfsfólk leikskóla hér á landi vinnur mikið saman, tekur t.d. þátt í umræðum um þroska og þarfir einstakra barna og umræðum um verkefni sem eru á döfinni í meira mæli en önnur þátttökulönd að meðaltali.



Hæst hlutfall starfsmanna hér á landi vinnur með tvítyngdum börnum. Í Kóreu, Japan og Síle er þetta hlutfall mjög lágt. Danmörk og Noregur eru á svipuðum slóðum og Ísland.

## KAFLI 5: STARFSHÆTTIR Í LEIKSKÓLANUM, SAMSKIPTI VIÐ BÖRNIN, MÁLÖRVUN OG TALNALEIKIR, FJÖLMENNING OG KYNFERÐI

Hér á landi fá börnin frekar að stjórna leiknum, þegar starfsfólk tekur þátt í leik með börnunum. Starfsmenn hvetja börnin einnig til þess að hjálpa hvert öðru.

Ísland og Danmörk eru áberandi að því leyti að þau hvetja börnin til þess að tala saman.

Í íslenskum leikskólum er fjallað um erlend þjóðarbrot og menningarheima álíka mikið og að meðaltali í öðrum þáttökulöndum. Breytileiki milli landa er þó mikill.

## KAFLI 6: LÝSING Á VINNU STARFSMANNIS MEÐ TILTEKNUM BARNAHÓPI, SAMSETNING HÓPSINS, ALDUR OG ÞARFIR

Meðalfjöldi barna í þeim tilteknu barnahópum sem starfsmennirnir unnu með og voru beðnir um að lýsa var um 16 hér á landi, svipað og í Þýskandi, Noregi, Kóreu og Tyrklandi. Stærstir voru hóparnir í Ísrael (29 börn).

*Minni* barnahóparnir hér á landi voru mjög litlir. Við 10. hundraðsmark eru aðeins 5 börn, helmingi færri en við samsvarandi hundraðsmark í þáttökulöndum að meðaltali. Hins vegar er 50. og 90. hundraðsmark svipað því sem tíðkast í hinum löndunum. Stærstu og miðlungsstóru barnahóparnir hér á landi eru af svipaðri stærð og það sem tíðkast í hinum þáttökulöndunum, með 25 og 16 börn hvor.

## KAFLI 7: VINNUANDI OG STARFSÁNÆGJA

Almennt telja starfsmenn leikskóla að leikskólastjórinn hafi skýra framtíðarsýn og að hann tryggi að starfsfólki finnist það bera faglega ábyrgð á þroskaferli nemenda.

Í flestum eða öllum þáttökulöndum virðast foreldrar vera í góðum tengslum við leikskólann.

Starfsmenn leikskóla eru ósáttir við laun sín á Íslandi. Hins vegar telur um þriðjungur að starfsfólk leikskóla sé mikils metið í þjóðfélaginu, sem er mun hærra hlutfall en í öðrum löndum.

Starfsmenn í íslenskum leikskólum eru ánægðir með vinnuna sjálfa (þeir segjast njóta þess að vinna í þessum leikskóla), telja að börnin og foreldrarnir kunni að meta sig og eru ánægðir með þann stuðning sem þeir fá frá leikskólastjóranum.

Helstu mögulegar ástæður fyrir því að starfsmaður sjái fyrir sér að hætta í núverandi starfi eru þær, hér á landi, að viðkomandi færi í annað starf, ekki í leikskólageiranum. Í engu öðru landi er þetta algengasta ástæðan fyrir mögulegu brotthvarfi úr starfi. Í öðru og þriðja sæti hér er svo sá möguleiki, að ætla að hefja nám á ný, eða heilsufarsástæður.

## LEIKSKÓLASTJÓRAR

### KAFLI 8: ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Hlutfall kvenskólastjóra er mjög hátt hér á landi eða 97%, hærra en hlutfall kvenna meðal annarra starfsmanna sem er 93,5%.

Vinnutími leikskólastjóra er mjög svipaður hér og í öðrum þáttökulöndum.

### KAFLI 9: STARFSÞRÓUN

Sú starfsþróun sem var mest stunduð hér á landi fólst mest í námskeiðum, málstofum eða ráðstefnum og einnig vettvangsferðum í aðra skóla. Vettvangsferðirnar stundar engin þáttökuþjóf meira og hafa tæplega þrefalt fleiri leikskólastjórar hér á landi sótt slíka starfsþjálfun en í Noregi og Danmörku.

Fátítt er hér á landi að leikskólastjórar hafi stundað nám á síðastliðnum 12 mánuðum sem veitir réttindi eða prófgráðu, um 13 prósent. Það er tvöfalt algengara í Noregi og í Danmörku.

Leikskólastjórar hér landi telja sig hafa hvað mesta þörf fyrir þjálfun í því að veita endurgjöf sem skilar árangri og á sviði mannauðs-stjórnunar almennt. Aðeins um þriðjungur telur sig þurfa starfsþróun um samvinnu við foreldra eða forráðamenn eða við grunnskóla.

Það sem flestir hér töldu að gæti hindrað starfsþróun þeirra var að hún gæti rekist á við vinnutíma þeirra og að erfitt yrði að fá starfsfólk til þess að leysa sig af. Innan við helmingur nefndi þó þessi atriði. Þessi atriði voru einnig algengust að meðaltali í þátttökulöndunum.

Aðeins um 20-30% telja að of mikill kostnaður, tímaskortur vegna fjölskylduanna, skortur á hvata eða viðeigandi þjálfun hindri að viðkomandi geti sótt sér starfsþjálfun.

## KAFLI 10: ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM LEIKSKÓLANN

Hér eru opin svæði og öryggi til þess að ala upp börn með besta móti í samanburði við önnur þátttökulönd. Skemmdarverk í nágrenni skólans og að nokkru leyti rusl á víð og dreif eru neikvæðir þættir í umhverfinu. Glæpir tengdir eiturlyfjum eru hér í nágrenni um 7% skóla, að mati leikskólastjóra.

Hlutfall starfsfólks sem lét af störfum á síðastliðnu ári hér á landi, í leikskólum, er um 18%, sem er um fimmtungur starfsmanna. Starfsmannavelta virðist tiltölulega mikil á Íslandi.

Meðalfjöldi barna í hverjum leikskóla er næstmestur hér á landi eða um 81 barn. Aðeins í Japan eru fleiri börn í hverjum skóla. Það er áberandi hve meðalfjöldi barna í leikskólum í Ísrael er lítill, eða 30.

Í tæpum helmingi leikskóla hér á landi eru yfir 11% barna með annað móðurmál en það sem talað er í leikskólanum. Staðan er svipuð í Noregi og Þýskalandi.

## KAFLI 11: FORYSTA LEIKSKÓLASTJÓRANS Á SVIÐI STJÓRNSÝSLU OG UPPELDISMÁLA

Hér á landi (og Norðurlöndum) taka skólastjóri og starfsmenn virkan þátt í ráðningu starfsmanna leikskólans. Sú er alls ekki raunin alls staðar annars staðar, t.d. virðast þessir aðilar ekkert hafa að segja um ráðningu starfsmanna í Tyrklandi og Ísrael.

Úthlutun fjármagns innan leikskólans lýtur mjög breytilegum venjum milli landa. Á Íslandi segist um þriðjungur taka virkan þátt í því, svipað og í Síle og Tyrklandi en meðaltal í þátttökulöndunum almennt er 52%.

Hlutverk ríkis/sveitarfélaga er nokkuð svipað í Noregi og Danmörku. Í báðum tilfellum koma þessir aðilar helst að ákvörðunum um laun. Einnig samþykkt fyrir inntöku barna í leikskólann (í mun meira mæli en hér á landi).

Þátttaka leikskólastjóra hér á landi er svipuð meðaltali hinna landanna varðandi stjórnunarverkefni og fundahöld og faglega forystu um menntunar og uppeldismál. Samskipti við foreldra taka 14% tímans hér á landi, svipað og í öðrum löndum.

Fram kemur að leikskólar á Íslandi hafa langflestir skipulagt heimsóknir foreldra og fjölskyldna barna sem eru væntanleg í skólann, einnig fundað með þeim til þess að bjóða þeim að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnenda skólans. Á Íslandi er nokkru minna um það að haldin hafi verið námskeið fyrir foreldrana um t.d. barnauppeldi og enn síður hefur verið leitað til foreldra um að skipuleggja fjáröflun eða þrifa í skólanum. Norðmenn og Danir eru nokkuð svipaðir Íslendingum að þessu leyti en Norðmenn hafa oftar skipulagt vinstofur eða námskeið með foreldrum um ýmis efni.

Á Íslandi voru fjarvistir starfsfólks oftast nefndar sem heftandi þáttur og skortur á starfsfólki. Vandræði vegna fjarvista starfsfólks voru næst oftast nefnd en í Þýskalandi var vandinn á þessu sviði enn meiri. Í Tyrklandi var þessi vandi fátíður.

Hér á landi var nánast ekkert kvartað yfir þátttökuleysi foreldra og stuðningi frá þeim. Þetta gildir einnig um hin Norðurlöndin.

Í 75-80% tilvika telja leikskólastjórar hér á landi að allir eða nánast allir starfsmenn leikskólans telji mikilvægt að börn læri að vera sveigjanleg gagnvart börnum sem eru með mismunandi menningarlegan bakgrunn, að börn læri að þau geti haft önnur gildi og að þau læri að bera virðingu fyrir ólíkum menningarheimum.

Einnig telja um 80% leikskólastjóra að allir eða nánast allir starfsmenn geri sér grein fyrir því að börn geti haft ólík áhugmál, óháð kyni.

Þeir þættir sem leikskólafólk á Íslandi telur mikilvægast að þroska hjá börnunum eru málfærni, rökhugsun og skapandi hugsun, hæfni til þess að vinna með öðrum og hæfni til þess að rannsaka það sem manni finnst forvitnilegt. Þeir þættir sem færri töldu mikilvægt að þroska voru færni í upplýsingatækni, skilningur á lykilhugtökum vísindanna en það síðastnefnda töldu þó um 40% mikilvægt að þroska. Löndin telja mikilvægt að efla líkamlega færni og hreyfigetu.

Í alþjóðlega samanburðinum kemur fram að allar þjóðirnar telja mikilvægt að þróa málþroska. Mjög breytilegt er þó eftir löndum hversu mikil áhersla er á læsi og ritun. Hér á landi telja um 2/3 hlutar það mjög mikilvægt að leikskólinn beiti sér fyrir að þroska hæfni á þessum sviðum.

Ísland er um miðjan hóp varðandi mikilvægi lykilhugtaka vísindanna fyrir börn í leikskólum en almennt telja löndin reikning og stærðfræðihugtökin mikilvægari en vísindin, á þessu námsstigi.

## KAFLI 12: STARFSÞRÓUN STARFSMANNA LEIKSKÓLANS

Sú nýliðaþjálfun sem flestir skólastjórar segja að sé í boði hér á landi er almenn kynning á starfsemi og skipulagi skólans, leiðsögn skólastjóra eða reyndra starfsmanna og leiðsögn (ekki nánar tilgreind). Teymisvinna og skipulagðir fundir með reyndu starfsfólki eða leikskólastjóra er einnig nefnt af mörgum, þótt prósentutölur séu lægri.

## KAFLI 13: VINNUANDI OG STARFSÁNÆGJA

Hér á landi er um helmingur leikskólastjóra mjög sammála því að leikskólinn veiti starfsfólki tækifæri til þess að taka virkan þátt í ákvörðunum um hann.

Ekki eru margar hindranir sem leikskólastjórar á Íslandi telja að geti komið í veg fyrir að leikskólinn geti veitt vandaða umgjörð um þroska, velferð og menntun barnanna. Þó er skortur á hæfu starfsfólki áberandi og kvartað yfir þrengslum innandyrna en þó nefnir aðeins um þriðjungur þessi atriði. Í Danmörku og Noregi er mun minna kvartað undan skorti á framboði á hæfu starfsfólki.

Leikskólastjórar voru almennt sammála því að starfsfólk skólans skildi og framfylgdi markmiðum hans varðandi þroska barnanna, velferð þeirra og menntun. Hlutfallið hér á landi var svipað því sem gerist að meðaltali í hinum löndunum.

Starfsmannastjórnun almennt og það að þurfa að taka á sig aukavinnu vegna fjarvista starfsfólks er það sem veldur hæsta hlutfalli leikskólastjóra streitu hér á landi. Tengt þessu er skortur á starfsfólki til þess að vinna verkin.

Meirihluti leikskólastjóra hér á landi telur að starfsfólk leikskólanna sé mikils metið í samfélaginu og er það hærra hlutfall en að meðaltali í þáttökulöndum. Um þriðjungur er sáttur við launin sem hann fær fyrir vinnuna, og mikill meirihluti er ánægður með starfssamninginn, burt séð frá laununum. Langflestir njóta þess að vinna í leikskólanum sem þeir starfa við, eru ánægðir með stuðninginn frá foreldrum og öðru starfsfólki. Um 62% telja sig þurfa á meiri stuðningi að halda frá ríki eða sveitarfélagi. Mikilsvert er að sjá að 99% leikskólastjóra eru ánægðir með starfið.





MENNTAMÁLASTOFNUN

2132

ISBN 978-9979-0-2427-9